KRISTINN ÞORSTEINSSON

*Fékk fjallabakteríuna í ferðum um Austfirðina*

• ferðir • bílar

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



MAGNÚS SCHEVING

*Latibær tilnefndur til BAFTA-verðlaunanna*

Magnús afhendir BAFTA-grímu

FÓLK 22



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. október 2008 — 296. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



### Menningararfur þjóðarinnar

Bókbandsstofa Landsbókasafns Íslands fagnar aldarafmæli sínu með fyrirlestradagskrá og sýningu í Þjóðarbókhlöðunni.

TÍMAMÓT 14

### Langar í hundrað bíla



Norski bílasalinn Trond Sandven er kominn til landsins.

FÓLK 22

### Dýpkum ekki kreppuna

„Vaxtahækkanir eru til þess fallnar að dýpka kreppuna í stað þess að greiða úr henni," skrifar Lilja Mósesdóttir hagfræðingur.

UMRÆÐAN 12

### Ekkert vanmat í kvöld



Strákarnir okkar spila fyrsta leikinn eftir silfrið í Peking þegar þeir mæta Belgum í Höllinni.

ÍÞRÓTTIR 17

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐAUSTAN TIL** í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Bjart lengst af norðaustan til en hætt við snjómuggu eða slyddu á landinu sunnan- og vestanverðu.

VEÐUR 4




Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

# Stjórnvöld voru vöruð við algjöru hruni bankanna

**Forsætisráðherra var í lok september varaður við hruni bankakerfisins vegna yfirtöku á Glitni. Landsbankamenn fóru yfir málið með honum og lögðu til að ríkið tæki þátt í því með þeim að afstýra því, sem svo varð.**

**EFNAHAGSMÁL** Geir H. Haarde forsætisráherra var kynnt ítarleg áætlun að kvöldi 29. september um hvernig afstýra mætti kerfisfalli íslenskra banka með þátttöku ríkisins í sameiningu banka.

Þetta var á fundi hans með Björgólfi Thor Björgólfssyni, Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Árnasyni í stjórnarráðinu.

Á þessum tíma hafði íslenska ríkið nýtekið yfir 75 prósenta hlut í Glitni.

Fram kemur í gögnum sem Markaðurinn hefur undir höndum að Landsbankamenn lögðu til samruna Glitnis, Landsbanka og Straums. Til þess þyrfti ríkið að leggja 100 milljarða til viðbótar við þá ríflega níutíu sem ríkið hafði áður lofað í Glitnishlutinn. Eftir þetta ætti ríkið ráðandi hlut í bankanum, 37,3 prósent.

Landsbankamenn fóru einnig yfir hagstærðir með forsætisráðherra. Ekkert var undan dregið með að 200 milljarða framlag ríkisins næmi 65 prósentum gjaldeyrisforðans, tæpum þriðjungi af opinberum tekjum seinasta árs eða fimmtán prósentum af landsframleiðslu. Svo segir í gögnum Landsbankamanna: „Þessi hlutföll blikna hins vegar í samanburði við það tjón sem verður á Íslandi komi til kerfisfalls íslensku bankanna."

Greint var frá fundi Geirs með Landsbankamönnum á forsíðu Fréttablaðsins og að þar hefði verið rætt um sameiningu Landsbankans og Glitnis til að styrkja eiginfjárstöðu nýs banka.

Geir H. Haarde var spurður út í þennan fund daginn eftir. Þar sagði hann að „ekkert sérstakt" hefði verið til umræðu á fundinum. „Ég nota gjarnan tækifærið og spjalla við Björgólf Thor þegar hann er á landinu," sagði Geir og bætti við að það væri ekkert óeðlilegt við það miðað við breytingar á markaði.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Geir: „Ég kæri mig ekki um að tjá mig um þetta einstaka atriði. Tel það ekki tímabært." Hann segir af og frá að ríkisstjórn og Seðlabanki hafi ekki verið tilbúin til þess að leysa vanda bankanna eftir því sem frekast var kostur.

- ikh, bih/ Sjá Markaðinn



**SÁTTASEMJARI** Daniel Craig leikur James Bond í myndinni Quantum of Solace sem verður frumsýnd hérlendis sjöunda nóvember. Hann hvetur til sátta í deilu Íslendinga og Breta. NORDICPHOTOS/AFP

Daniel Craig tjáir sig um samskipti Íslands og Breta í viðtali við Fréttablaðið:

## James Bond hvetur til sátta

**FÓLK** Bretinn Daniel Craig, sem leikur James Bond, hvetur Íslendinga og Breta til að sættast í deilu sinni sem hefur staðið yfir undanfarið. Vonast hann til að þjóðirnar nái samkomulagi sem allra fyrst.

„Við virðumst alltaf lenda í einhvers konar rifrildi á nokkurra ára fresti og ég hef ekki hugmynd um af hverju," segir Craig í viðtali við Fréttablaðið. „Við verðum að passa betur upp á hvert annað í staðinn fyrir að fara þessa leið. Íslendingar og Bretar virðast alltaf þurfa að deila eitthvað en ég vona að þetta leysist því þetta snýst allt um peninga og það síðasta sem við ættum að rífast út af eru peningar," segir hann.

Spurður hvort Bond væri ekki kjörinn til að leysa deilu Íslendinga og Breta segir Craig: „Ég veit ekki hvort bókhaldshæfileikar hans eru nógu góðir."

Íslendingar hafa haft horn í síðu Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, síðan hann nefndi Ísendinga í sömu andrá og hryðjuverkamenn og Craig kannast vel við málið. „Ég veit ekki hvað ég get sagt. Þetta snýst allt um hvar fólk geymdi peningana sína og fjárfesti. Allur heimurinn er í sárum þessa dagana vegna þess að fólkið sem sá um peningana gerði mistök. Ég á ekki von á því að þið og Gordon Brown sættist í bráð en ... ég veit ekki hvað skal segja. Þetta snýst bara allt um peninga."

- fb / sjá síðu 22

Vaxtahækkun Seðlabankans:

## Sligar fyrirtæki og mörg heimili

**EFNAHAGSMÁL Hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands mun hafa slæm áhrif á heimilin í landinu, einkum þau sem eru með yfirdráttarheimildir hjá bönkunum. Yfirdráttur íslenskra heimila nam alls 75,2 milljörðum króna í lok ágúst og fyrirtækja um 114,4 milljörðum.**

**Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir hækkunina skelfilega fyrir almenning og fyrirtækin í landinu. Hann óttast að aðgerðin geti haft þau áhrif að eignir heimila og fyrirtækja brenni upp.**

**Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir hækkunina tímabundna aðgerð sem ætluð sé til að róa gjaldeyrismarkaðinn. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, kallar hækkunina „útfararsálm í fyrirhugaðri jarðarför íslensku krónunnar."**

- shá / sjá síðu 6

Ný og betri kjúklingabringa

þú verður að smakka

SUBWAY

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Hörður, verður starfið leikur einn héðan í frá?*

„Já, við munum leika við hvurn okkar fingur.“

Leikfélag Kópavogs hefur fengið nýtt og veglegt húsnæði. Hörður Sigurðarson er formaður LK.

Forystumenn tvennra mótmæla á Austurvelli síðustu helgi deila sín á milli:

# Þreytt á pólitísku kjaftæði

**MÓTMÆLI** „Við höldum okkar striki eins og undanfarnar vikur. Þennan fáránlega kjánaskap, að halda blysför og reyna að kljúfa samstöðuna, skil ég ekki,“ segir Hörður Torfason listamaður. Nokkuð hefur borið á óánægju vegna skipulagningar mótmæla í miðbæ Reykjavíkur á laugardaginn.

Hörður Torfason og fleiri höfðu auglýst mótmæli undir yfirskriftinni „Breiðfylking gegn ástandinu“ klukkan þrjú á Austurvelli. Hópur undir forystu Kolfinnu Baldvinsdóttur auglýsti mótmæli og blysför, „Rjúfum þögn ráðamanna og göngum til lýðræðis,“ klukkan fjögur á sama stað.



**DEILUR** Hörður Torfason segir fólkið í landinu orðið þreytt á pólitík. Kolfinna Baldvinsdóttir segir pólitík vera lífið sjálft.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hörður og Kolfinna unnu ásamt fleirum saman að mótmælum þann 10. október. „Þar voru Kolfinna og fleiri að reyna að ná völdum og vildu vera með einhverja pólitíkusa. Ég leyfi það ekki. Þetta eru ópólitískir fundir því fólkið í landinu er orðið svo þreytt á þessu pólitíska kjaftæði,“ segir Hörður.

Kolfinna vísar því á bug að reynt hafi verið að ráðskast með mótmælin. „Hörður er ekki búinn að einkavæða mótmælin. Þvert á móti hvet ég alla til að mótmæla á hverju einasta götuhorni. .“ Hún segir viðbrögð Harðar undirstrika hvers vegna Íslendingar geti ekki staðið saman í einu né neinu. „Hann er orðinn hápólitískur í sinni deilu. Þetta er afskaplega lúaleg framkoma,“ segir Kolfinna. **- kg**

Örlagarík átök um helgina:

# Hnífur gekk gegnum hönd

**LÖGREGLUMÁL Maður á þrítugsaldri var handtekinn af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í gær vegna gruns um að hann hafi skaðað félaga sinn verulega með hníf um síðustu helgi.**

**Mennirnir voru staddir í húsi í miðborginni þegar atburðurinn átti sér stað. Ekki er vitað nákvæmlega um tildrög hans annað en það að hnífi var beitt og gekk hann í gegnum hönd þess sem særðist og sat fastur í hurð í íbúðinni.**

**Lögregla flutti manninn á slysadeild þar sem gert var að sárum hans. Mennirnir eru báðir af erlendum uppruna.** **- jss**

Hverfisgötuárásin upplýst:

# Voru að jafna eldri væringar

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn hafa játað að hafa ruðst inn í íbúð við Hverfisgötu um síðustu helgi og lamið þar aðra fjóra með bareflum. Árásarmennirnir voru að jafna eldri væringar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Tveir íbúanna sem fyrir barsmíðunum urðu voru fluttir á slysadeild með höfuðáverka, en hinir tveir höfnuðu læknisaðstoð.

Lögreglan tók fyrsta manninn á sunnudag og játaði hann aðild að árásinni. Honum var sleppt úr haldi þegar hinir þrír voru teknir í fyrrakvöld. Þeim var sleppt í gær. Málið telst upplýst. **- jss**



**LÉTTFÆTT Á GÖNGUSKÍÐUM** Búist er við fleiri heimsóknum á skíðasvæði í ár.

Forstöðumenn skíðasvæða:

# Reikna með aukinni aðsókn

**ÚTIVIST Forstöðumenn skíðasvæða búast við fleiri heimsóknum í vetur í kjölfarið á breyttu efnahagsástandi.**

**„Ég hef sjálfur orðið var við talsverðan þrýsting á að opna svæðið sem fyrst og það er því ánægjulegt að það skuli hafa snjóað almennilega jafnsnemma og raun ber vitni. Enda hagstæðast fyrir Íslendinga að ferðast innanlands,“ segir Úlfur Guðmundsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Tungudal á Ísafirði. Þar hafa margir notað tækifærið og brugðið sér á skíði eftir að tók að snjóa snemma í ár.**

**-vþ/****sjá Allt í miðju blaðsins**

# Færeyingar rétta fram hjálparhönd

**Íslendingar fá um sex milljarða króna gjaldeyrislán frá Færeyingum. Lögmaður Færeyja segir Færeyinga hafa upplifað svipaðar þrengingar og Íslendingar gangi nú í gegnum. Hann sé viss um að Íslendingar muni standa sterkir upp.**

**EFNAHAGSMÁL** Færeyska landstjórnin hefur samþykkt að veita Íslendingum gjaldeyrislán að andvirði 300 milljörðum danskra króna eða um sex milljarða króna.

Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, sagði í samtali við Fréttablaðið að samstaða hafi verið milli allra sex stjórnmálaflokka landsins um að veita Íslendingum lán. Hann sagði að Færeyingar finni til með Íslendingum sem gangi nú gegnum djúpa kreppu enda séu þjóðirnar mjög nánar og miklir vinir. Hann minnir þó á að þetta sé lán en ekki gjöf.

„Bæði Færeyingar og Íslendingar eru stoltar þjóðir,“ sagði Johannesen. „Við upplifðum svipaðar þrengingar árið 1992 en stóðum sterkari upp úr þeirri lægð. Ég veit að Íslendingar munu einnig gera það. Ég er viss um að ég tali fyrir hönd allra Færeyinga þegar ég segi að þessi lánveiting var það eina rétta í stöðunni.“

Johannesen undrast enn fremur viðbrögð breskra stjórnvalda við falli íslensku bankanna.

„Það er stórkostlegt óréttlæti að beita hryðjuverkalöggjöf gegn friðelskandi þjóð sem hefur ekkert drepið neitt nema fisk,“ segir Johannesen.

Jóannes Eidesgaard, fjármálaráðherra Færeyja, tekur undir með Johannesen.

„Við gengum í gegnum svipaða erfiðleika og Íslendingar í byrjun tíunda áratugarins og vitum hvernig það er að njóta hvergi trúverðugleika á erfiðum stundum og geta hvergi fengið lán,“ sagði Eidesgaard í samtali við Fréttablaðið. Þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir gengi íslensku krónunnar má gera ráð fyrir að það samsvari rúmlega sex milljörðum íslenskra króna. Ef Íslendingar vildu veita annarri þjóð hlutfallslega jafnstórt lán yrði það því um það bil 40 milljarðar íslenskra króna að upphæð en Jóannes segist sannfærður um að Íslendingar myndu gera slíkt hið sama fyrir Færeyinga. Hann segir engan vilja fyrir því að Íslendingar greiði vexti af þessari upphæð. Pétur Blöndal, formaður efnahagsnefndar Alþingis, segir lánið mjög hátt miðað við fjölda Færeyinga. Ekki sé hægt að búast við lánveitingu frá öðrum löndum í sama hlutfalli.

**kdk@frettabladid.is**
**trausti@frettabladid.is**



### FÆREYINGAR HAFA OFT VEITT AÐSTOÐ

Færeyingar hafa áður komið Íslendingum til aðstoðar þegar að kreppir. Eftir að snjóflóðin féllu á Flateyri og í Súðavík árið 1995 stóðu Færeyingar fyrir fjársöfnun sem mun hafa skilað meiru en Íslendingar söfnuðu sjálfir, sé miðað við höfðatölu. Í dag standa meðal annars tveir leikskólar á Flateyri og í Súðavík sem reistir voru fyrir söfnunarfé Færeyinga. Eftir eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973 söfnuðu Færeyingar digrum sjóði sem sendur var Íslendingum stuttu eftir að gosinu lauk. Þau fjárframlög fóru meðal annars í að kaupa hús sem byggð voru víða um land, handa flóttafólki frá Eyjum sem áttu ekki í önnur hús að venda.

> Það er stórkostlegt óréttlæti að beita hryðjuverkalöggjöf gegn friðelskandi þjóð sem hefur ekkert drepið nema fisk.



**KAJ LEO JOHANNESEN**
LÖGMAÐUR FÆREYJA



**FESTA LANDFESTAR** Skemmtiferðaskipin sigla lygnan sjó á Íslandsmiðum að ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ferðamenn streyma til Íslands:

# Mörg skemmtiferðaskip bókuð

**FERÐAIÐNAÐUR** Að minnsta kosti 80 skemmtiferðaskip eru væntanleg til Reykjavíkur á næsta ári, miðað við bókanir. Það gera um 55 til 60 þúsund ferðamenn. „Árið 2008 hefur verið mjög gott,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. „Hingað komu 83 skemmtiferðaskip, en voru 76 í fyrra. Bókanir fyrir næsta ár eru mjög góðar og við gerum ráð fyrir að minnsta kosti jafnmörgum skipum og í ár.“

Erna segir það líka færast í vöxt að skemmtiferðaskip staldri hér við sólarhring lengur en venjulega, sem auki verslun og viðskipti. **- bs**

Breska fjármálaeftirlitið:

# Segir ekkert til um samskipti

**EFNAHAGSMÁL Breska fjármálaeftirlitið gefur ekkert upp um samskipti við þá aðila sem stofnunin hefur eftirlit með. Þetta er svar stofnunarinnar eftir að Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum sem myndu skýra boð breska fjármálaeftirlitsins um flýtimeðferð til að koma Icesave-reikningunum í breska lögsögu.**

**Þá vildi talsmaður fjármálaeftirlitsins ekki heldur gefa upp hvort og þá hvaða íslenskum yfirvöldum hafi verið gert kunnugt um samskipti við Landsbankann.** **- ss**


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Flugfrakt

Sækjum og sendum
– hratt og örugglega
á hagstæðu verði.




**Til/frá Reykjavík**
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.


Björk Guðmundsdóttir segir íslenskan almenning reiðan stjórnmálamönnum:

# Ætla nú að eyðileggja landið

**STJÓRNMÁL** „Venjulega veiti ég stjórnmálum enga eftirtekt [...] en þau vöktu áhuga minn vegna þess að stjórnmálamenn virðast ákveðnir í að eyðileggja náttúru Íslands,“ segir Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður í aðsendri grein í The Times í gær.

Hún vandar íslenskum stjórnmálamönnum ekki kveðjurnar og segir íslenskan almenning reiðan þar sem nú séu þeir að reyna að leysa vandann sem ábyrgir eru fyrir því að koma landinu í þá stöðu sem upp er komin. „Margir hér vilja að þeir sem ráða segi af sér og leyfi öðrum að taka til. Mest gagnrýni beinist að Davíð Oddssyni, sem skipaði sjálfan sig seðlabankastjóra eftir níu ár í stóli borgarstjóra Reykjavíkur og þrettán ár sem forsætisráðherra,“ segir Björk.

Í grein sinni segir hún frá átökum undanfarinna ára um efnahagsmál, álver og umhverfismál á Íslandi. Hún segir Íslendinga hafa lært það af biturri reynslu hversu hættulegt sé að geyma öll eggin í sömu körfunni. Lengi vel hafi Íslendingar veðjað öllu sínu á fisk en svo hafi stjórnmálamenn komið fram með hina stóru lausn, að beisla orku Íslands til að selja hana til risafyrirtækja eins og Alcoa og Rio Tinto. Nú súpi Íslendingar seyðið af því að veðja öllu á fjármálageirann. Hún varar við slíkum töfralausnum og segir nóg af tækifærum á Íslandi. **- ovd**



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Söngkonan segir í grein sinni að gagnrýnin beinist helst að Davíð Oddssyni, seðlabankastjóra.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




KAUPÞING
*Hugsum lengra*

ÓVERÐTRYGGÐIR REIKNINGAR

**Mx12**
Vextir eru stighækkandi eftir tíma og innstæðu. Vextir eru greiddir mánaðarlega. Hægt er að ráðstafa vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Lágmarksinnstæða við stofnun er 1 milljón kr.

**M2**
Vextir eru stighækkandi eftir tíma og innstæðu. Tilvalinn fyrir þá sem eru með háar fjárhæðir og vilja skamman binditíma. Lágmarksinnstæða við stofnun er 1 milljón kr.

VERÐTRYGGÐIR REIKNINGAR

**Mx12 verðtryggður**
Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu. Vextir eru greiddir mánaðarlega. Hægt er að ráðstafa vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Reikningurinn er bundinn í 36 mánuði. Lágmarksinnborgun við stofnun er 1 milljón kr.

**Bústólpi**
Verðtryggður reikningur með háa ávöxtun. Vextir eru greiddir um áramót og lausir til útborgunar. Hver innborgun er bundin í 48 eða 60 mánuði.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

ENNEMM / SÍA / NM35940

## GENGIÐ 28.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,91 | 122,49 |
| Sterlingspund | 190,98 | 191,9 |
| Evra | 152,07 | 152,93 |
| Dönsk króna | 20,396 | 20,516 |
| Norsk króna | 17,77 | 17,874 |
| Sænsk króna | 15,209 | 15,299 |
| Japanskt jen | 1,2907 | 1,2983 |
| SDR | 180,32 | 181,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,3961

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarstjóri um fjarsetu Gísla Marteins Baldurssonar í borgarstjórn:

# Mögulega gerðar breytingar

**STJÓRNMÁL** „Ég á von á því að um áramótin munum við fara í sameiningu yfir reynsluna af þessu fyrirkomulagi og meta hvernig þetta hefur gengið og gert sig. Það getur vel verið að einhverjar breytingar verði gerðar," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, um námsdvöl Gísla Marteins Baldurssonar borgarfulltrúa í Edinborg og samhliða setu í borgarstjórn.

Gísli Marteinn hefur gegnt embætti formanns borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins frá upphafi núverandi kjörtímabils, og fær sem slíkur greiddar rúmar 112.000 krónur á mánuði ofan á önnur laun og útborgaðan starfskostnað sem borgarfulltrúi.



**GÍSLI MARTEINN** Formaður borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins er við nám í Edinborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins heldur fasta fundi vikulega og borgarstjórn fundar að jafnaði tvisvar í mánuði. Alls gerir það að jafnaði sex fundi í mánuði.

Gísli hefur setið þrjá af fimm borgarstjórnarfundum síðan hann fluttist til Edinborgar, en óljóst er hve marga fundi borgarstjórnarflokksins hann hefur setið. „Formennskan felur ekki bara í sér að mæta á fundi heldur einnig að halda utan um ýmsa hluti. Gísli hefur sinnt starfi sínu með miklum sóma," segir Hanna Birna.

Ekki náðist í Gísla Martein við vinnslu fréttarinnar. - kg

Fíkniefnadómur:

# Var að gefa konu í nefið

**DÓMSMÁL Karlmaður um fimmtugt hefur verið dæmdur til að greiða 250 þúsund í ríkissjóð fyrir að hafa undir höndum fíkniefni. Einnig fyrir að aka ofurölvi og undir áhrifum fíkniefna.**

**Lögregla gómaði manninn fyrst þegar hún bankaði upp á í húsi til að leita að þýfi. Hann var þá að gefa konu í nefið en fleygði poka með amfetamíni undir stofuborðið þegar hann varð lögreglumannanna var. Þá var hann tekinn með fíkniefni á skemmtistað í Reykjavík og loks í óökufæru ástandi á bíl. Hann var, auk sektarinnar, sviptur ökuréttindum í eitt ár.** - jss



**FRÉTTIR AF VOÐAVERKI** Sýrlenskur kaupmaður festir fréttir af árásinni upp á vegg hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reiði í Sýrlandi:

# Menningarmiðstöð lokað

**SÝRLAND, AP Sýrlensk stjórnvöld létu í gær loka bandarískri menningarmiðstöð og skóla í Damaskus í mótmælaskyni við árás Bandaríkjahers á þorp skammt frá landamærum Íraks á mánudag. Sýrlendingar kalla árásina hryðjuverk, sem varð átta manns að bana, þar af fjórum börnum.**

**Bandaríkjamenn segja að háttsettur al-Kaída-foringi hafi verið felldur í árásinni sem hafi verið að undirbúa árásir í Írak.**

**Ríkisstjórn Sýrlands segir Bandaríkjamenn hafa með þessu brotið gróflega gegn alþjóðalögum og krefst þess að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna verði kallað saman.** - gb

# Metfjöldi kynferðisbrotamanna inni

**Fleiri kynferðisbrotamenn afplána nú refsingu í fangelsum en undanfarin ár. Þeir eru tuttugu og tveir auk tveggja sem sitja í gæsluvarðhaldi. Meiri áhersla á brotaflokkinn veldur þessari aukningu segja viðmælendur Fréttablaðsins.**

**FANGELSISMÁL** Tuttugu og tveir einstaklingar afplána nú refsidóma fyrir kynferðisbrot í fangelsum landsins. Að auki sitja tveir í gæsluvarðhaldi vegna meintra kynferðisbrota. Þetta er metfjöldi samanborið við undanfarin ár.

„Hvað varðar líklega skýringu á auknum fjölda kynferðisbrotamanna í fangelsunum þá tel ég hana vera þá að meiri áhersla er lögð á þennan brotaflokk heldur en áður," segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. „Þá er lögregla orðin öflugri við að taka á brotum af þessu tagi, sem skilar sér í fjölgun fanga. Sem dæmi um aukna áherslu á þennan flokk er að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur stofnað sérstaka deild um málaflokkinn."

Páll segir yfirvöld fangelsismála og starfsmenn leggja sig fram við að gera vistun þessara brotamanna eins bærilega og mögulegt sé.

„En það er vitað mál að þeir eiga sumir hverjir í erfiðleikum í afplánun vegna eðlis brotanna," útskýrir hann. „Við leggjum mikla áherslu á að veita þessum föngum meira aðhald. Hvað varðar sálfræðiþjónustu þá eru þeir í forgangi."

Þórdís Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður, sem verið hefur réttargæslumaður fjölmargra þolenda kynferðisbrota, segir að kynferðisbrotamálum hafi fjölgað frá árinu 2000.

„Ég hef að vísu ekki handbærar tölur yfir þau mál sem komið hafa á mitt borð, en þetta er það sem tilfinningin segir mér," segir hún.

„Ég tel að kynferðisbrotamálum er varða börn hafi heldur fjölgað. Þá hefur verið ákveðin þynging í refsingum brotamanna sem getur aftur haft í för með sér að fleiri afpláni nú en á undanförnum árum. Refsiþyngingin stafar að líkindum af því að alvarlegum málum hefur fjölgað."

Þórdís bendir jafnframt á að viðhorf samfélagsins til kynferðisbrota séu nú önnur en áður. Orðið hafi vakning gegn þeim í samfélaginu og fólk sé meðvitaðra. Samtök, til að mynda Blátt áfram, gegn slíkri hegðun hafi verið stofnuð, sveitarfélögin hafi tekið þessi mál föstum tökum, auk þess sem aðgangur að ýmiss konar aðstoð sé miklu greiðari en var fyrir nokkrum árum. jss@frettabladid.is



**EFTIRLIT** Gott eftirlit í fangelsum stuðlar að því að gera kynferðisbrotamönnum sem afplána refsingu vistina bærilegri. Myndin er frá Litla-Hrauni.

**KYNFERÐISAFBROTAMENN**

| Ár | Í fangelsi | Í gæslu |
|---|---|---|
| 2008 | 22 | 2 |
| 2007 | 20 | 1 |
| 2006 | 15 | 1 |
| 2005 | 11 | 0 |
| 2004 | 18 | 0 |
| 2003 | 15 | 0 |

Treysta ekki seðlabankastjóra:

# Minnihluti styður Davíð

**SKOÐANAKÖNNUN** Níutíu prósent Íslendinga styðja ekki Davíð Oddssyni sem seðlabankastjóra samkvæmt könnun sem gerð var fyrir Stöð 2 og kynnt var í gær.

Hringt var í 800 manns í fyrradag og þeir spurðir hvort þeir styddu Davíð Oddsson sem seðlabankastjóra.

Enginn aðspurðra kjósenda Frjálslynda flokksins styðja Davíð, eitt prósent kjósenda vinstri grænna og þrjú prósent kjósenda Samfylkingarinnar. Fimm prósent kjósenda Framsóknarflokksins styðja Davíð. Þá hefur Davíð stuðning 21 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins í stóli seðlabankastjóra en 79 prósent styðja hann ekki.

Davíð hefur verið helsti forystumaður Sjálfstæðisflokksins í áratugi. Hann var borgarstjóri Reykjavíkur í níu ár, forsætisráðherra í 13 ár og utanríkisráðherra í eitt ár áður en hann tók sæti formanns stjórnar Seðlabanka Íslands. - ovd

Þjónustuíbúðir fatlaðra:

# Braust inn til að leita lyfja

**DÓMSMÁL Kona hefur verið dæmd í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að brjótast inn í þjónustuíbúðir geðfatlaðra á Akureyri og leita þar að lyfjum til að stela. Hún fór af vettvangi þegar hún fann ekki neitt og fór þá þjófavarnarkerfi hússins í gang.**

**Konan játaði brot sitt. Hún kvaðst hafa snúið lífi sínu til betri vegar og leitað sér viðeigandi aðstoðar vegna fíknar sinnar. Hún lýsti ástandi sínu við innbrotið svo, að hún hefði verið í „neyslugeðveiki". Hún samþykkti bótakröfu Fasteigna Akureyrarbæjar, að upphæð tæplega 77 þúsund krónur.** - jss

## VINNUMARKAÐUR

### Blaðberum sagt upp

Öllum blaðberum Fréttablaðsins hefur verið sagt upp störfum, alls 80 stöðugildum. Hannes A. Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins, sem er dreifingaraðili Fréttablaðsins, segir uppsagnirnar vera lið í endurskipulagningu. Fréttablaðið verði þó áfram borið í hús og vonast hann til að sem flestir blaðberanna verði ráðnir aftur.

## LEIÐRÉTTING

Sýning á pólskum heimildarmyndum í Háskólabíói var ekki í gær eins og sagt var frá, heldur verður þriðjudaginn 4. nóvember.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HLÝNAR Á FÖSTUDAG**
Loksins sér fyrir endann á kuldakastinu. Á föstudag er að sjá afgerandi hlýindi ganga yfir landið og að hiti geti náð allt að 10 stigum með ströndum sunnan til og vestan. Helgin er síðan nokkuð mild miðað við spár nú. Á laugardag léttir víðast til eftir hádegi í strekkingsvindi en á sunnudag verður Norðausturlandið bjartast.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt. Skúrir vestan til fyrir hádegi

**FÖSTUDAGUR**
8-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 8° |
| New York | 8° |
| Orlando | 20° |
| Osló | 5° |
| París | 9° |
| Róm | 23° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

## ALHEIMSDAGUR PSORIASISSJÚKLINGA

# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

**Í tilefni alheimsdags psoriasissjúklinga 29. október verður efnt til göngu psoriasissjúklinga og aðstandenda þeirra. Gengið verður frá Grand Hóteli kl. 17:00 að Laugardalslaug þar sem að göngufólki er boðið í táknræna sundferð.**



## Psoriasis
### er ekki smitandi!

Í gegnum tíðina hafa psoriasissjúklingar forðast sundstaði vegna fordóma almennings. Það hefur leitt til þess að margir sjúklingar hafa ekki fengið fullnægjandi sundþjálfun og eru jafnvel ósyndir. Sundferðin er því táknræn fyrir sjúklinga og tilgangur hennar er að efla vitund almennings um sjúkdóminn.



## Opið hús
### í Bláa lóninu - lækningalind

Í tilefni dagsins býður Bláa lónið – lækningalind psoriasis-sjúklingum og aðstandendum þeirra frían aðgang að lóni Lækningalindarinnar frá **29. október** til og með laugardagsins 1. nóvember. Niðurstöður vísindarannsókna hafa fært sönnur á að reglubundin böð í Blue Lagoon jarðsjó eru áhrifarík meðferð við psoriasis. Rannsóknirnar lögðu grunninn að opinberri viðurkenningu Bláa lóns meðferðarinnar sem meðferðarvalkosts við psoriasis.

Stjórn SPOEX hvetur alla til þess að taka þátt í göngunni í dag og líta við í lækningalind Bláa lónsins næstu daga.
Nánari upplýsingar má finna á: www.spoex.is
og www.bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND

SPOEX

**KJÖRKASSINN**



*Er bíllinn þinn kominn á vetrardekk?*

JÁ 64,9%

NEI 35,1%

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Áttir þú von á stýrivaxtahækkun?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir sex prósentustiga stýrivaxtahækkun tímabundna aðgerð:

# Vaxtahækkun til að róa gjaldeyrismarkað

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi hækkun er til að koma ró á gjaldeyrismarkaðinn þannig að hann fari að virka betur. Við þurfum að grípa til aðgerða til að fá stöðugleika og til þess höfum við tvö tæki. Eitt er að hækka vextina. Hitt er að fá lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) því að þá höfum við fjármuni til að grípa inn í til að styðja við krónuna. Nú höfum við hækkað vextina og þegar lán berst frá sjóðnum kemur inngrip í gjaldeyrismarkaðinn,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra um stýrivaxtahækkun Seðlabankans.

Árni vonast til að sex prósentustiga hækkun stýrivaxta virki hratt og vel. Hann segir að hægt verði að lækka þá aftur um leið og stöðugleiki sé kominn á krónuna. „Eina verðbólgupressan innanlands er vegna gengisfalls krónunnar. Það skiptir mestu máli að koma stöðugleika á krónuna og þá geta vextirnir lækkað og hlutirnir nálgast eðlilegt horf,“ segir hann.

Hann segir að stýrivaxtahækkunin sé ekki hluti af skilyrðum IMF en sé hluti af því samkomulagi sem Íslendingar hafi gert og snúist um ríkisfjármálastefnuna sem Íslendingar eigi eftir að vinna í á næstu árum og snýst um endurreisn bankakerfisins.

Árni segir að ef aðgerðin takist og gengið verði stöðugra muni það stöðva hækkanir hjá þeim sem eru með myntkörfulán. Ef gengisstöðugleiki náist hverfi verðbólguþrýstingurinn líka. „Það er litið á þetta sem tímabundna aðgerð til að vinda ofan af þróuninni sem hefur verið í gangi,“ segir hann. - ghs



**ÁRNI M. MATHIESEN** Fjármálaráðherra segir mestu skipta að krónan verði stöðug. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR

Forseti Alþýðusambandsins:

## Gæti haft þveröfug áhrif

**EFNAHAGSMÁL Stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands er skelfileg fyrir almenning og fyrirtækin í landinu, segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann óttast að aðgerðin geti haft þau áhrif að eignir heimila og fyrirtækja brenni upp.**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

**„Sem innlegg í að berjast gegn fjármálakreppu getur þetta haft þveröfug áhrif,“ segir Gylfi. Hann segir þá skoðun hafa verið rökrædda við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, án árangurs.**

**Hann segist þó sammála yfirlýstu markmiði vaxtahækkunarinnar, að freista þess að styrkja gjaldeyrismarkaðina.** - bj

Hagfræðingur Landsbankans:

## Þyrfti að setja í samhengi

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld hefðu þurft að setja stýrivaxtahækkun Seðlabankans í samhengi við aðrar aðgerðir, segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum.

Hún segir greinilegt að vaxtahækkunin snúist eingöngu um gjaldeyrismarkaðinn og um kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það sé gríðarlega mikilvægt að þessi tilraun til að koma gjaldeyrisviðskiptum í lag takist, en ljóst sé að þessar björgunaraðgerðir muni hafa kostnað í för með sér fyrir almenning og fyrirtæki. - bj

# Yfirdráttur að sliga mörg íslensk heimili

**Hækkun stýrivaxta í 18 prósent kemur sér afar illa fyrir þá sem eru með yfirdrátt hjá bönkunum. Búast má við því að vextir af yfirdrætti landsmanna fari í um 28 prósent. Heimilin í landinu skulda um 75,2 milljarða króna yfirdrátt.**

**EFNAHAGSMÁL** Hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands úr 12 prósentum í 18 prósent mun hafa slæm áhrif á heimilin í landinu, einkum þau sem eru með yfirdráttarheimildir hjá bönkunum, segir Lilja Mósesdóttir, hagfræðingur hjá Háskóla Íslands.

Yfirdráttur íslenskra heimila nam alls 75,2 milljörðum króna í lok ágúst, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Íslensk fyrirtæki voru á sama tíma með 114,4 milljarða króna yfirdrátt.

Stýrivextir Seðlabankans eru vextir á lánum til viðskiptabankanna. Sex prósentustiga hækkun á stýrivöxtum mun að líkindum hækka vexti af yfirdrætti úr um 22 prósentum í um 28 prósent, segir Lilja. Á móti kemur að innlánsvextir munu einnig hækka, sem kemur sér vel fyrir þá sem eiga sparifé á bankareikningum.

Hærri stýrivextir hafa þó víðtækari áhrif. Þeir geta til dæmis valdið því að fasteignaverð lækki, þar sem eftirspurn eftir húsnæði minnkar, segir Lilja. Þannig muni eignir heimilanna rýrna.

„Bæði fyrirtæki og heimili eru svo skuldsett að þau sjá ekki fram á að geta fleytt sér yfir næstu mánaðamót, hvað þá næstu mánuði,“ segir Lilja. Vaxtahækkunin muni dýpka kreppuna og gera það að verkum að fleiri fyrirtæki og einstaklingar verði gjaldþrota.





**YFIRDRÁTTUR** Reikna má með því að vextir af yfirdráttarheimildum íslensks almennings hækki í kjölfar þess að stýrivextir Seðlabankans voru hækkaðir úr tólf prósentum í átján prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir hækkun stýrivaxta til þess hugsaða að koma gengisviðskiptum í eðlilegt horf. Það markmið sé gríðarlega mikilvægt fyrir almenning. Takist það sé hægt að lækka vextina aftur í kjölfarið.

Edda bendir á að stærstur hluti skulda heimilanna sé verðtryggður, aðeins um sex prósent séu óverðtryggð. Áhrifin verði meiri á fyrirtækin í landinu, en skili markmið um eflingu krónunnar sér hjálpi það fyrirtækjunum, svo framarlega sem þau haldi lífi.

Dráttarvextir eru nú 26,5 prósent og munu ekki hækka í beinu framhaldi af hækkun stýrivaxta. Dráttarvextir geta, lögum samkvæmt, bara breyst tvisvar á ári, um áramót og í byrjun júlí.

Miðað hefur verið við að dráttarvextirnir séu ellefu prósentustigum hærri en stýrivextir Seðlabankans. Standi stýrivextir enn í 18 prósentum í byrjun næsta árs má búast við því að dráttarvextir fari í 29 prósent. brjann@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri SA:

## Útfararsálmur í jarðarför krónu

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi stýrivaxtahækkun er eins og útfararsálmur í fyrirhugaðri jarðarför íslensku krónunnar,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Hann segir hækkun stýrivaxta mikið áfall, og alls ekki til góðs. Hún hafi þó ekki komið á óvart eftir samtöl við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

„Háir vextir hafa þegar íþyngt fyrirtækjum verulega,“ segir Vilhjálmur. Hver vika sem líði með svo háum vöxtum þýði fjölda gjaldþrota og uppsagna þar sem fyrirtæki geti ekki rekið sig með lánum á svo háum vöxtum. - bj

Hagfræðingur við HÍ:

## Ekki unnið gegn áhrifum

**EFNAHAGSMÁL Óheppilegt var að tilkynna eingöngu um stýrivaxtahækkun Seðlabankans í gær og að ríkisstjórnin tilkynnti ekki um aðgerðir til að vinna gegn neikvæðum áhrifum hækkunarinnar á almenning og fyrirtæki á sama tíma, segir Lilja Mósesdóttir, hagfræðingur við Háskóla Íslands.**

**Hún segir stýrivaxtahækkunina misráðna og bendir á reynslu Suður-Kóreu í Asíukreppunni svokölluðu. Þar hafi gengið verið sett á flot eftir mikla vaxtahækkun, en engu síður hafi það strax fallið um 49 prósent.** - bj


Tölum saman

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN





Miðvikudagur 29. október kl. 11.45

Fjármál sveitarfélaga

Kristján Möller, samgönguráðherra, og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, ræða fjármál sveitarfélaganna á opnum fundi í Valhöll.

Sveitarstjórnar- og skipulagsnefnd Sjálfstæðisflokksins stendur að fundinum og fundarstjóri er Sólveig Pétursdóttir, formaður nefndarinnar.

Nánari upplýsingar um fundinn og flokkstarfið má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.


Formaður Framsóknarflokks:

## Óttast að uppgjöf fólks fylgi

**EFNAHAGSMÁL** „Ég tel þetta óráð. Ég hélt að við Íslendingar værum fullsaddir af ofurvöxtum. Ég taldi að skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væru öll ásættanleg, eins og forsætisráðherra hafði tjáð mér. Nú sé ég að þetta vandamál er komið upp, eins og menn héldu. Ég hélt að komið hefði verið í veg fyrir ógnarhækkun stýrivaxta,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Guðni segist hræddastur um að þessari ákvörðun fylgi uppgjöf eftir að vonir voru bundnar við stýrivaxtalækkun fyrir þrettán dögum. „Nú mun þetta hafa neikvæð áhrif á þá sem eru að reyna að halda fyrirtækjunum gangandi og á fólkið með skuldsett heimili. Ég er undrandi og ráðvilltur eftir að svona hrikalegt skref hefur verið stigið.“ - shá

Formaður Frjálslyndra:

## Það vitlausasta í stöðunni

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er afar svekktur yfir þessari ákvörðun og tel hana vera mjög misráðna í öllu tilliti,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

„Þetta mun bitna harkalega á atvinnulífinu og á heimilum landsins sem þurftu á öllu öðru að halda en að þrengt sé frekar á þeim vettvangi.“

Guðjón Arnar segir stýrivaxtahækkunina skelfileg mistök. „Ef menn töldu að halda hefði þurft stýrivöxtum háum þá áttu menn að halda þeim þar sem þeir voru.“ Hann telur heimili og fyrirtæki ekki þola átján prósent stýrivexti í stuttan tíma. „Þessi aðgerð er ekkert annað en ávísun á hraðfara gjaldþrot. Þetta er sennilega það vitlausasta sem menn gátu gert í stöðunni.“ - shá

Þingflokksformaður VG:

## Ókostir kostunum yfirsterkari

**STJÓRNMÁL** „Íslendingar eru farnir að finna frostkaldan andardráttinn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum,“ segir Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður vinstri grænna.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

„Þetta er tilræði við fjölskyldur og fyrirtæki í landinu því að þessi stýrivaxtahækkun smitar strax inn í allt vaxtakerfið, yfirdráttarvexti og dráttarvexti og bitnar þannig á þeim sem eiga í mestum erfiðleikum, þeim sem eru komnir í þrot og í vanskil með sín lán,“ segir Ögmundur. Sem fyrirbyggjandi aðgerð gegn þenslu í samfélaginu sé vaxtahækkunin út í hött því enginn láti sér detta í hug að taka lán nema tilneyddur. Þá segir Ögmundur að ef vaxtahækkun eigi að setja hömlur á útstreymi gjaldeyris séu það léttvæg rök í samanburði við þann skaða sem vaxtahækkunin veldur. - ovd


ENNEMM / SÍA / NM35938
Krónan óstöðug
Gengi krónunnar féll um 25,6 prósent við opnun gjaldeyrismarkaða í dag og rauk gengisvísitalan upp í 259,6 stig. Vísitalan stóð í 20 ,7 stigum á miðvikudag.
Útreikningar í gær bentu til að krónan hefði fallið í það minnsta um fimmtung. Heimildir eru fyrir því að áhugi erlendra fjárfesta á krónum hafi verið lítill sem enginn, krónur voru því seldar með ríflegum afslætti og því fór sem fór.
króna 24,8 íslenskar krónur. Hún kostaði á föstudag 19,9 krónur.
Myntkörfulánin á gjalddaga
Yfirvöld íhuga að frysta lánin
lán tóku. „Ég þarf að borga miklu meira af bílnum en af íbúðinni,“ segir Jónas. „Ég hefði aldrei farið út í þetta ef mig hefði órað fyrir þessu. Það er auðvelt að vera vitur eftir á en nú finnst mér eins og ég hafi látið hafa mig að fífli. Ég veit ekki hvernig ég á að ráða fram úr þessu og þetta veldur
1717
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS
arverlaun nýtt
ks á herteknu svæ
fina. Rauði krossinn hyggst nýta verðlaunaféð til að gefa ungmennum í Palestínu og á Íslandi tækifæri til að hafa samskipti sín á milli, með það að markmiði meðal annars að draga úr einangrun ungs fólks sem býr í skugga spennu og ofbeldis.
Dr. Vandana Shiva hlýtur friðarviðurkenninguna fyrir ævistarf sitt í þágu umhverfis og friðar í heiminum. Dr. Shiva er kunnur vísindamaður og einn af mestu afreksmönnum veraldar í umhverfismálum. Dr. Shiva er
Hjálparsími Rauða krossins 1717 er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna depurðar, kvíða, þunglyndis, eða sjálfsvígshugsana.
Síminn styrkir Hjálparsíma Rauða krossins
Rauði kross Íslands
Síminn
Fleiri uppsagnir í vændum
Líkur eru á að auk þeirra starfsmanna í bankakerfinu sem þegar hafa misst atvinnu muni fjöldi fólks til viðbótar verða atvinnulaus á næstunni. Margir eru uggandi um stöðu sína og búa sig undir hrinu uppsagna. Ýmis starfsemi tengd bönkunum riðar nú til falls og búist er við að um næstu mánaðarmót muni gjaldþrotum fyrirtækja fjölga til muna. Danski efnahagssérfræðingurinn Karsten Møller segir mega vænta þess að á næstu árum nái atvinnuleysistölur á Íslandi nýjum hæðum og bendir á vissa fylgni milli verðbólgu og atvin-
nuleysis í þróuðum ríkjum en hagfræðingar hafa spáð allt að 70% verðbólgu í landinu.
Rætt við fulltrúa Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, engar niðurstöður liggja fyrir.
Samningaviðræður í Moskvu eru enn á viðkvæmu stigi en á neyðarfundi ríkisstjórnarinnar í Ráðherrabústaðnum í dag er ekki búist við að tekin verði nein ákvörðun þar að lútandi.
Geir H. Haarde forsætisráðherra segir margt þurfa að skoða þegar kemur að skilyrðum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og að ekkert sé í hendi hvað viðvíkur láninu frá Rússum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, kom til fundarins í býtið í morgun
Hagfræðingar sjóðsins sem verið hafa Seðlabankanum til ráðgjafar að undanförnu sækja ekki fundinn. Formaður Vinstri grænna benti enn á framgöngu sjóðsins í Argentínu og sagði hann þar hafa „lagt heilt samfélag í rúst á mettíma.“ Huga verður að stoðum samfélagsins, svo sem menntakerfi og heilbrigðiskerfi, og mikilvægt er að ganga ekki að ströngum kröfum í fljótfærni.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða danska handknattleikslið hefur nýverið borið víurnar í Ólaf Stefánsson?*
2. *Hversu margir nemendur eru í nýbúadeild Austurbæjarskóla?*
3. *Hvað heitir nýjasta myndin um James Bond?*

Tveir piltar í Bandaríkjunum létu sig dreyma um að drepa tugi manns:

# Ætluðu sér að myrða Barack Obama

**BANDARÍKIN, AP** Tveir ungir Bandaríkjamenn, báðir hvítar kynþáttarembur, eru sagðir hafa ætlað sér að drepa 88 manns, hálshöggva fjórtán þeirra, og enda loks drápsæðið á því að ráða Barack Obama, forsetaefni Demókrataflokksins, af dögum.

Daniel Cowart og Paul Schlesselman heita þeir og búa í smábænum Bells í Tennessee. Cowart er tvítugur heimamaður í Bells en Schlesselman er átján ára og frá Arkansas.

Fórnarlömbin áttu öll að vera dökk á hörund, 88 talsins vegna þess að 8 vísar til áttunda stafs enska stafrófsins, sem er H, og er þar með vísað til orðanna „Heil Hitler“. Upphaflega hugmyndin, samkvæmt skjölum sem héraðsdómstóll hefur gert opinber, var að drepa megnið af fólkinu í skóla og halda síðan akandi í áttina að Obama og „skjóta hann út um gluggana“. Meðan á ósköpunum stæði ætluðu þeir sér að vera klæddir í hvít smókingföt með pípuhatta og vera „reiðubúnir til að deyja“ eins og segir í pappírum sem fundust hjá þeim.

Stjórnvöld segja Cowart og Schlesselman vera „nýnasista og snoðhausa“. Þeir hafa verið ákærðir fyrir að eiga ólögleg skotvopn og hafa áformað að stela fleiri skotvopnum. Einnig hafa þeir verið ákærðir fyrir að hafa haft í hótunum við forsetaframbjóðanda. Líklegt er að fleiri ákærur verði lagðar fram.

Íbúar í Bells voru slegnir yfir fréttunum í gær. Cowart er sagður hafa alist upp í góðu hverfi hjá góðu fólki, en Schlesselman er sagður hafa átt við erfiðleika að stríða lengi. **- gb**



**DANIEL COWART** Annar piltanna sem ætluðu að ræna skotfæraverslun og gera árás á skóla áður en þeir myndu ráða Obama af dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Bretlands:

## Brown styrkir stöðu sína

**BRETLAND, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hefur styrkt stöðu sína og Verkamannaflokksins nokkuð á síðustu dögum.**

**Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem dagblaðið Independent birti í gær, hefur fylgi Verkamannaflokksins aukist úr 19 prósentum í 21 prósent. Jafnframt hefur fylgi Íhaldsflokksins minnkað úr 41 prósenti niður í 39 prósent.**

**Verði fylgi flokkanna á þessum slóðum í næstu þingkosningum, þá nær samt hvorugur flokkurinn meirihluta á þingi. Á síðustu mánuðum hefur Íhaldsflokkurinn staðið mun betur að vígi en Verkamannaflokkurinn, en svo virðist sem viðbrögð Browns við efnahagsvandanum skili honum auknu fylgi.** - gb

**Neytendur:** Tölvan notuð til að útvega varahluti:

## Sparaði 7.000 krónur



**KJARTAN GUÐMUNDSSON**
**STAÐGENGILL UMBOÐSMANNS NEYTENDA**

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Umboðsmanni neytenda hefur borist bréf frá Róberti Reynissyni sem staðgengli er ljúft og skylt að birta:

*Sæll. Reyndi nýverið að kaupa mér spennubreyti fyrir gömlu Apple-tölvuna mína. Fyrir hann vildi Appleverslunin fá 10.000 krónur tæpar. Ég brá á það ráð að panta nýjan í gegnum eBay og kostaði sá 6 dollara. Með flutningi og gjöldum borgaði ég tæpar 3.000 kr. fyrir tækið. Þess ber að geta að þetta er ekki Apple-spennubreytir ...*

Mörgum svíður svívirðileg verðlagning á flestu því er viðkemur tölvum, ekki síst vegna þess að þetta dót er alltaf að bila og safnast þegar saman kemur. Hins vegar skal stíga varlega til jarðar þegar pantaðar eru vörur á netinu þessa dagana. Gengið rokkar upp og niður og allt um kring og þú gætir þurft að borga 10.000 kall fyrir spennubreyti sem þú hélst að myndi kosta 5.000 fyrir þremur dögum. Það er því vissara að ganga úr skugga um að varan sem pöntuð er sé nógu déskoti ódýr, til að tryggja að hagkvæmni ráði för. Róbert sparaði til dæmis umtalsvert á sínum kaupum.



**GASSPRENGING** Að sögn garðyrkjustjóra Reykjavíkur voru engin eldfim efni geymd í skúrnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Einn enn þá á gjörgæslu

**Fimm unglingar sem brenndust illa í sprengingu í Grundargerði í gær eru á batavegi. Einn er enn á gjörgæslu. Engin eldfim efni voru geymd í skúrnum. Grunur um að unglingarnir hafi verið að sniffa gas.**

**SLYS** Fimm af þeim sex ungmennum sem slösuðust við gassprengingu í verkfæra- og kaffiskúr við Grundargerði í gærkvöldi eru á batavegi og hafa verið færð af gjörgæsludeild yfir á almenna legudeild. Að sögn vakthafandi læknis á Landspítalanum hlutu ungmennin öll alvarlega brunaáverka.

Ungmennin sem slösuðust í sprengingunni á níunda tímanum í gærkvöldi eru á aldrinum þrettán til sextán ára og eru nemendur í Réttarholtsskóla, Hvassaleitisskóla og Hagaskóla, utan eitt sem er á framhaldsskólaaldri. Nemendum skólanna var boðið upp á áfallahjálp í gær.

Talið er að fleiri ungmenni, sem voru við skúrinn þegar sprengingin varð, hafi slasast en hlaupið í burtu við sprenginguna. Ekkert þeirra hafði þó gefið sig fram við lögreglu eða sjúkrahús um miðjan dag í gær. Haraldur Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður í forvarnardeild sagði í sjónvarpsfréttum RÚV í gærkvöld að vísbendingar bentu til að ungmenninn hafi verið að sniffa gas í skúrnum.

Eitt ungmennanna slösuðu sagði þeim sem drifu að til hjálpar að kveikt hefði verið á kveikjara inni í skúrnum með þessum afleiðingum.

Verkfæra- og kaffiskúrinn við Grundargerði var í eigu Reykjavíkurborgar og nýttur af starfsmönnum garðyrkjudeildar borgarinnar. Skúrnum hafði verið lokað fyrir veturinn. Að sögn Þórólfs Jónssonar, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar, voru hvorki eldfim efni né gaskútar geymd í skúrnum. Hann segir einnig að nokkrum sinnum hafi verið gerðar tilraunir til að brjótast inn í skúrinn, þar á meðal um síðustu helgi.

Halla Arnar, íbúi í Melgerði til fimm ára, sem kom tveimur slösuðum stúlkum til hjálpar við sprenginguna í gær segir börn og unglinga ætíð hafa sótt mikið í skúrinn. Vegna þess hafi verið gerðar tilraunir til að fá hann fjarlægðan úr hverfinu. Garðyrkjustjóri kannast ekki við slíkar umkvartanir, en staðhæfir að ólíklegt sé að nýr skúr verði byggður á svæðinu í stað þess sem nú er gjörónýtur. kjartan@frettabladid.is






# Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

*Komdu í kaffi og kleinur*

# Nýtum notað
## Endurnýtum gjaldeyri
### Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

**Endurnýttu gjaldeyrinn. Sparaðu, komdu druslunni í verð. Hér eru nokkur dæmi um notaðan gjaldeyrir:**

**Ford Fiesta Trend**



1,4 bensín beinskiptur
Fast númer BY698
Skrd. 04/2007. Ek. 26.000 km.
Ásett verð 1.750.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.
Tilboðsverð 1.490.000 kr.

**Ford Mondeo Ghia**



2,0 bensín sjálfskiptur station
Fast númer YA308
Skrd. 07/2005. Ek. 76.000 km.
Ásett verð 1.890.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 1.490.000 kr.

**Citroën C5 SX**



2,0 bensín sjálfskiptur
Fast númer NH322
Skrd. 02/2005. Ek. 45.000 km.
Ásett verð 1.820.000 kr.
Afsláttur 270.000 kr.
Tilboðsverð 1.550.000 kr.

**Toyota Avensis**



1,8 bensín sjálfskiptur station
Fast númer DX024
Skrd. 05/2006. Ek. 167.000 km.
Ásett verð 1.950.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.
Tilboðsverð 1.750.000 kr.

**Ford Focus Trend**



1,6 bensín beinskiptur
Fast númer VJ890
Skrd. 02/2005. Ek. 39.000 km.
Ásett verð 1.620.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 1.220.000 kr.

**Ford Escape XLS**



2,3 bensín sjálfskiptur
Fast númer OI109
Skrd. 07/2005. Ek. 61.000 km.
Ásett verð 2.320.000 kr.
Afsláttur 530.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.

**Ford Focus High Series**



1,6 bensín beinskiptur station
Fast númer YA330
Skrd. 01/2000. Ek. 138.000 km.
Ásett verð 790.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.
Tilboðsverð 590.000 kr.

**Hyundai Getz GLS**



1,4 bensín beinskiptur
Fast númer AP121
Skrd. 06/2007. Ek. 49.000 km.
Ásett verð 1.570.000 kr.
Afsláttur 380.000 kr.
Tilboðsverð 1.190.000 kr.

**Volvo S60**



2,0 bensín sjálfskiptur
Fast númer LI333
Skrd. 02/2006. Ek. 60.000 km.
Ásett verð 3.480.000 kr.
Afsláttur 490.000 kr.
Tilboðsverð 2.990.000 kr.

*Komdu í kaffi og kleinur í Brimborg*

## Endurnýtum gjaldeyrinn okkar

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

**Nýtum notað í dag.**
**Komdu í Brimborg.**

selja gamla
kaupa nýjan notaðan

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

Cohn & Wolfe Public Relations Ísland

VEGNA HAGSTÆÐRA SAMNIN
GERUM VIÐ EFTIRF
VIÐ ÍSLEN

# 20%

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM ÚT ÁRIÐ 2008

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

Sighvatur Haraldsson
Verslunarstjóri Kringlunni

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

Dagur Ingason
Verslunarstjóri Smáralind

H U G O

VIÐ SEGJUM VERÐBÓLGUNNI
HVETJUM AÐRA KAUPMENN TIL
LEGGJAST Á ÁRAR

VINNUM OKKUR SAMAN Í

STYÐJUM ÍSLENSK FYRIR

NGA VIÐ ALLA OKKAR BIRGJA
FARANDI SAMNING
SKA ÞJÓÐ:

ENGAR HÆKKANIR Á VÖRUM ÚT ÁRIÐ 2008

ENGAR VÖRUR TEKNAR ÚT - EKKERT PLAT

BOSS
KRINGLUNNI

Pétur Ívarsson
Verslunarstjóri

B&S
KONUR
B&S Kringlunni

Ingibjörg Kristófersdóttir
Verslunarstjóri

ÞAR MEÐ STRÍÐ Á HENDUR OG
AÐ GERA SLÍKT HIÐ SAMA OG
MEÐ OKKUR.

GEGNUM ERFIÐLEIKANA.

FÖT SKÓR

Hákon Hákonarson
Framkvæmdastjóri

RTÆKI - VERSLUM HEIMA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Allra eyru eru opin

## Veruleikinn

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Ágreiningur hefur verið um peningastefnuna um hríð. Aðalhagfræðingur Seðlabankans sagði fyrir rúmum tveimur árum að ávinningur af sjálfstæðri mynt væri minni en enginn. Bankastjórnin var staðföst í því að halda uppi fölsku gengi og fölskum lífskjörum með því að dæla inn erlendu lánsfé á háum vöxtum.

Eftir hrun bankakerfisins breytti bankastjórnin peningastefnunni í grundvallaratriðum með því að festa gengið og hverfa frá floti krónunnar. Sú stefnubreyting stóð í rúman sólarhring. Þá var snúið til baka.

Í aðdraganda þess að völdin voru tekin af bankastjórninni og færð til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lækkaði hún vexti. Sú ákvörðun fól í sér stefnubreytingu í veigamiklum atriðum. Í gær voru vextirnir síðan hækkaðir langt umfram það sem var áður en þeir lækkuðu fyrir fáeinum dögum. Við ríkjandi aðstæður er vissulega úr vöndu að ráða. En hringlandaháttur af þessu tagi er ótrúverðugur. Seðlabankinn á eftir eðli sínu að vera fjármálaleg kjölfesta efnahagslífsins. Hann minnir nú meir á korktappa.

Efnahagsvandinn sem við er að glíma er alþjóðlegur. Munurinn á Íslandi og öðrum þjóðum er sá að hér hefur nánast allt bankakerfið hrunið. Seðlabankinn hafði annaðhvort ekki styrk eða vilja til að gegna hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara. Enn er óljóst hvaða stefnu bankinn fylgdi í því efni. Honum hefur verið um megn að tryggja þau gjaldeyrisviðskipti sem nauðsynleg eru til að halda atvinnulífinu gangandi.

Í kjölfar þessa vinnur ríkisstjórnin með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og vinveittum ríkisstjórnum að lánsfjáröflun til þess að unnt verði að koma á viðskiptum með íslenska krónu á ný. Markmiðið hlýtur að vera að styrkja verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum um leið og hagsmunir neytenda eru virtir.

Nú fer með öðrum orðum fram leit að því jafnvægi sem Seðlabankinn hefur ekki náð á undanförnum árum. Ganga verður út frá að það náist með utanaðkomandi aðstoð. Athygli hefur vakið við þessar aðstæður að dómsmálaráðherra segir það vera til marks um veruleikaflótta að skoða og ræða möguleika á upptöku evru.

Þau bjargráð sem nú eru á döfinni til að hleypa súrefni inn í atvinnulífið verða að leiða til jafnvægis í gengismálum á næstu tveimur til þremur mánuðum. Þegar þar að kemur þarf að liggja fyrir hvort framhaldið á að velta á óbreyttri peningastefnu eða hvort fara á nýjar leiðir. Óhugsandi er að á þeim tímapunkti ríki óvissa um það strik sem sigla á eftir til móts við nýja framtíð.

Þegar ríkisstjórnin biður menn við svo búið að ræða ekki kosti og galla þess að taka upp evru verða menn að leggja við hlustir. Ástæðulaust er að útiloka að ríkisstjórnin hafi rétt fyrir sér í því að evruumræðan sé flótti frá veruleikanum. En að því gefnu þarf að beina umræðunni að framtíðarveruleika krónunnar. Ófært er að sleppa umræðu bæði um krónuna og evruna.

Við höfum fengið reynslu af þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið undanfarin sjö ár við stjórn krónunnar. Á að halda henni óbreyttri áfram? Á að beita öðrum aðferðum? Hverjar eru þær? Með hvaða ráðum og kostnaði á að tryggja sambærilegan stöðugleika með krónu og evru? Hvernig á að tryggja samkeppnishæfni krónunnar? Eðlilegt er að þeir sem ekki eru á veruleikaflótta fái svigrúm til að koma fram með rökstudd svör við þessum spurningum. Allra eyru eru opin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Innan við þriðjungur

Sagt var frá þeim tíðindum á mánudag að á kjördæmisþingi Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi um helgina, hafi verið samþykkt ályktun um að flýta skuli aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Kjördæmisþingið stóð í tvo daga. Veðrið setti strik í reikninginn og áttu margir norðanmenn ekki heimangengt sökum ófærðar. Fundargestir munu þó hafa náð að fylla sjötta tuginn. Eitthvað hefur þó farið að kvarnast úr þeim hópi þegar Evróputillagan var borin undir atkvæði; hún var samþykkt með sautján atkvæðum á móti tíu. Tæpur þriðjungur.



### 17

Um samþykktina á kjördæmisþinginu sagði Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, í Fréttablaðinu: „Þetta kemur kannski einhverjum á óvart en ég held að þessi skoðun hafi verið að mótast á síðustu mánuðum.“ Í Norðausturkjördæmi fundust 17 framsóknarmenn sem vildu flýta aðildarviðræðum við ESB. Eflaust eru þeir til sem þykir það forvitnilegt en ætli það hafi komið nokkrum sérstaklega á óvart?

### Ekki aftur

Egill Helgason, sem farið hefur mikinn á heimasíðu sinni undanfarið, var fullfljótur á sér í gær þegar hann auglýsti eftir viðtali við Davíð Oddsson, sem kvað hafa birst í tímaritinu Veru á sínum tíma. Fregnir af þessu viðtali fóru eins og eldur um sinu á netinu, en í því átti Davíð að hafa varað við sjálfum sér í embætti seðlabankastjóra og sagst ekki botna neitt í starfinu. Við nánari athugun reyndust fréttir af viðtalinu ekki sannar, ótrúlegt en satt, heldur ættaðar af grínsíðu undir léninu fleipur.blog.is. Síðar um daginn setti Egill tengil á hljómleikaupptöku með hljómsveitinni The Who, sem lék lagið Won't Get Fooled Again.



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Í spíks gúdd hingliss



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Tungur tvær

Fyrir nokkru bárust út þau tíðindi af hinum umsvifamikla franska utanríkisráðherra Bernard Kouchner, að hann hefði lýst því yfir í viðtali við blaðið „Haaretz“, að Íranar myndu aldrei eignast kjarnorkuvopn því áður en til nokkurs slíks kæmi myndu Ísraelsmenn „éta Íran“. Þessi orð vöktu allmikla athygli um víða veröld, ýmsir höfðu áður látið sér detta í hug að Ísraelsmenn kynnu að gera sprengjuárásir á Íran en enginn hafði ímyndað sér að þeir myndu leggja landið sér til munns, enda hætt við að það yrði nokkuð stór sandkökusneið og stæði föst í hálsinum á mörgum. Öðrum mönnum og raunsærri fannst franski ráðherrann vera orðinn nokkuð djarftækur í sínum myndhvörfum, og brutu þeir nú heilann um það hvað hann hefði ætlað að gefa í skyn með þeim.

En skömmu síðar kom sannleikurinn í ljós, ráðherrann hafði sem sé, eins og blaðamenn sögðu, orðið hinu skelfilega „enska h-i“ að bráð, hann hafði ætlað að segja að Ísraelsmenn myndu ljósta Íran með sprengjum og notað ensku sögnina „hit“, en þegar hann bar það fram með sínum franska framburði heyrðu viðmælendur hans það og skildu sem „eat“.

Þessi atburður mun svo sem ekki vera einsdæmi, þetta hryllilega „enska h“, eins og Frakkar segja, hefur þeim löngum verið óleysanlegt vandamál og ævarandi martröð, og finnst þeim stundum að með því hafi „hin svikula Albion“ (en þannig kalla Frakkar stundum England og Englendinga) lagt sig í líma við að hrella úr þeim vitið. Nú er það að vísu ekki rétt að Frakkar geti ekki borið það fram, því „h“, hvort sem það er enskt eða íslenskt, er ekki annað en blástur, og hver maður getur að vísu blásið þangað til hann geispar golunni, en það er eins og þau undarlegu álög hvíli á Fransmönnum að þegar þeim takist að anda frá sér „h-i“ sé það aldrei á réttum stöðum. Þannig segja þeir t.d. „I it hit“, eða „hi it it“ eða þá kannske „hi hit hit“, en nánast aldrei nema fyrir eitthvert kraftaverk „I hit it“, sem telst rétt og Englendingar geta skilið.

Þetta finnst mönnum kannske smáatriði, en af því hefur stundum sprottið upp alvarlegur misskilningur gegnum tíðina, þetta er eitt af þeim atriðum sem valda því hve mönnum fyrir norðan og sunnan Ermarsunds gengur illa að skilja hvorir aðra, og eru orð Bernards Kouchner, sem menn gátu ekki túlkað öðru vísi en sem yfirlýsingu um matarvenjur Ísraelsmanna, aðeins síðasta dæmið í langri röð. Mönnum er það t.d. minnisstætt, að þegar frú de Gaulle var einhvern tíma spurð að því í Englandi, í einhverju mjög svo virðulegu samkvæmi, hvað henni fyndist persónulega mikilvægast í lífinu ætlaði hún að segja „happiness“, en hún hnaut illilega um þetta viðsjálverða „enska h“ svo úr því varð „a penis“.

Hætt var við að þetta gæfi nokkuð ranga mynd af lífsviðhorfum hinnar rammkaþólsku og dyggðum prýddu frönsku forsetafrúar, en það dró tæplegast nokkurn diplómatískan dilk á eftir sér. Öðru máli gegnir þegar það er utanríkisráðherra sem á í hlut, þá getur hinn allra minnsti fótaskortur á tungunni valdið stóru falli. Þess er minnst í frönskum bókum að eitt sinn riðuðu Frakkar og Englendingar á barmi styrjaldar vegna misskilnings út af einu orði sem hafði reyndar ekki með öllu ólíka merkingu í tungumálum þeirra en talsvert mismunandi blæbrigði, það var sögnin „demander“ á frönsku sem þýðir að „biðja“ og þá gjarna nokkuð kurteislega, þar sem samsvarandi sögn á ensku þýðir að „krefjast“, kannske með nokkrum þjósti. Á sama hátt gæti misskilningur varðandi borðsiði orðið alvarlegur.

Nú verður seint sagt um Bernard Kouchner utanríkisráðherra að hann skorti loft, enda hefur jafnan mikið um hann gustað og frá honum. Hann var upphaflega framámaður í alþjóðlegum hjálparsamtökum og gjarnan mjög í fréttunum vegna þess hve mjög hann kunni að beita á móti vindi, ekki síst ef sjónvarpsmenn voru í grenndinni. Síðan gekk hann í sósíalistaflokkinn og gerðist einn af þeim kratabroddum sem mest næddi um, en þegar vindáttin breyttist í frönskum stjórnmálum við valdatöku Sarkozys kúventi hann haglega og barst þá strax með blænum upp í utanríkisráðherrastól. Síðan hafa sviptivindar heimsmálanna feykt honum víða með beggjaskautabyr, og blæs hann frá sér yfirlýsingum hvar sem hann kemur. Nú rífa fjölmiðlar gjarnan upp vísdómsorð þau sem hann andaði frá sér í áðurnefndu viðtali við „Haaretz“ um þá aðferð sem ætti að beita við Írana: „Það á að tala, tala, tala, bjóða upp á viðræður, refsiaðgerðir, refsiaðgerðir, refsiaðgerðir“. Þetta þótti spaklega mælt, en eftir ófarir ráðherrans með „enska h-ið“ finnst mönnum kannske að það sé ekki alveg nóg að kunna að blása, það verði menn að gera á réttum stöðum.

# Dýpkum ekki kreppuna

**UMRÆÐAN**

Lilja Mósesdóttir skrifar um fjármálakreppuna



**LILJA MÓSESDÓTTIR**

Sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) hafa kynnt áform um aðhaldssama stjórn peningamála til að koma á stöðugleika í gengi krónunnar. Aðgerðir sem leiða til vaxtahækkunar eru dæmigerð viðbrögð IMF við fjármálakreppu, þrátt fyrir mörg dæmi um að vaxtahækkun dýpki kreppur. Vaxtahækkun við núverandi aðstæður mun bitna hart á fyrirtækjum og almenningi í landinu.

Í fyrirlestri sem dr. Erling Steigum prófessor hélt nýlega við HÍ kom fram að vextir hefðu verið of háir í fjármálakreppunni sem reið yfir Noreg í byrjun tíunda áratugarins. Hátt vaxtastig dýpkaði kreppuna í Noregi, fleiri fyrirtæki urðu gjaldþrota og atvinnuleysi jókst meira en ella. Norsk stjórnvöld hækkuðu auk þess skatta til að koma á jafnvægi í ríkisrekstrinum sem jók enn frekar á samdráttinn.

Gripið er til vaxtahækkunar í þeirri veiku von að hækkunin dragi úr fjármagnsútstreymi og þar með enn frekari gengislækkun. Suður-Kórea fékk lán frá IMF árið 1997 með skilyrðum sem leiddu m.a. til hækkunar vaxta og skatta. Það kom hins vegar ekki í veg fyrir enn frekari gengislækkun wonsins sem lækkaði um 49% gagnvart Bandaríkjadollar. Lönd eins og Síle og Malasía takmörkuðu markvisst útstreymi fjármagns í stað þess að hækka vexti í kjölfar banka- og gjaldeyriskreppu á tíunda áratugnum. Fjármálakreppan varð ekki jafn djúp í þessum löndum og í vaxtahækkunarlöndunum.

Fjármálakreppan á Íslandi er mun alvarlegri en Norðurlöndin og Asíulöndin fóru í gegnum á tíunda áratugnum, sem sést meðal annars á stærð lánsins frá IMF og samstarfslöndum. Reiknað er með að lánið sé um 50% af vergri landsframleiðslu (VLF) en lánið til Suður Kóreu nam aðeins um 10% af VLF landsins. Því er ljóst að kreppan verður mun dýpri hér á landi en í þessum löndum og því þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja að skilyrði um aðhaldssama peningastjórn IFM dýpki hana ekki. Reynsla annarra landa sýnir að takmarkanir á útstreymi fjármagns í formi hafta eða skattlagningar er vænlegri til árangurs en vaxtahækkun. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða sem auka ekki enn frekar örvæntingu almennings.

*Höfundur er hagfræðingur við HÍ.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Er prentverkið Svansmerkt?
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 29. október 2008 – 44. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



Orðskýringin
Hvað eru varglán? 6







Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn
Ákveður stýrivexti 4



Bjarni Már Gylfason
Hagur okkar allra 6






**AGNAR HANSSON** Frestur Sparisjóðabankans til að leggja fram viðbótarveð hjá Seðlabankanum rennur út í dag. Fáist ekki frestur til þess eru líkur á að bankinn fari í þrot. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

## Bíður svars

„Við höfum verið að vinna heimavinnuna okkar og sett erlenda lánardrottna inn í málið,“ segir Agnar Hansson, forstjóri Sparisjóðabankans, áður Icebank.

Frestur Sparisjóðabankans til að leggja fram rúma sextíu milljarða króna í viðbótarveð hjá Seðlabankanum rennur út í dag. Fram hefur komið að takist bankanum það ekki séu líkur á að hann fari í þrot og geti sogað aðra sparisjóði með sér í fallinu.

Agnar segir Sparisjóðabankann hafa lagt allt kapp á að fá frest til að vinna frekar í málinu. Örlög Sparisjóðabankans liggi nú á borði fjármálaráðuneytis.

Ekki náðist í Árna Mathiesen fjármálaráðherra vegna málsins í gær. - jab

## Útrás í Ungverjalandi

Verkfræðistofan Mannvit opnaði skrifstofu í Búdapest í Ungverjalandi á dögunum.

Í tilefni opnunarinnar efndi Mannvit til vel sóttrar ráðstefnu ytra undir yfirskriftinni „Græn orka“ en þar var fjallað um nýjungar og tækifæri í orkumálum fyrir sveitarfélög og fyrirtæki í Ungverjalandi. Þá voru kynnt verkefni Mannvits þar í landi á sviði jarðhitanýtingar síðastliðin tvö ár. - jab






### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Boeing semur** | Bandaríski flugvélaframleiðandinn Boeing hefur náð samkomulagi við Alþjóðasamtök vél- og flugvirkja og þar með líkast til bundið enda á átta vikna langt verkfall. Samtökin kjósa um samninginn, sem er til fjögurra ára, í næstu viku. Verkfallið hefur náð til 27 þúsund starfsmanna í Bandaríkjunum.

**Hægir á í Dubai** | Útlit er fyrir að alþjóðlega fjármálakreppan sé farin að segja til sín í Dubai. Undanfarin ár hefur sprenging orðið í byggingarstarfsemi í furstadæminu, með ævintýralegum hótelbyggingum, manngerðum eyjum og risaturnum, en fyrirhugað er að klára byggingu stærsta skýjakljúfs heims síðar í ár. Þriðjungur þjóðarframleiðslu Dubai er í byggingariðnaðinum.



**GM sækir um neyðarlán** | GM, stærsti bílaframleiðandi Bandaríkjanna, hefur óskað eftir 10 milljarða dollara neyðarláni frá bandarískum stjórnvöldum. Lánið á að nota til að fjármagna kaup á bílaframleiðandanum Chrysler en sameiningin á að bjarga GM frá gjaldþroti. Markaðsvirði GM eru þrír milljarðar Bandaríkjadala, og á ríkið að fá hlutabréf í sameinuðu fyrirtæki. Á bloggsíðu Wall Street Journal er nú talað um GM sem „Government Motors“.

**Ný „endurgjöf“** | Barney Frank, formaður bankamálanefndar neðri deildar Bandaríkjaþings og einn valdamesti demókratinn í þinginu, lýsti því yfir í viðtali við bandarísku sjónvarpsstöðina NBC að myndu demókratar vinna jafn stóra sigra og spáð hefur verið í næstu kosningum megi vænta nýrrar „endurgjafar“ í reglugerð og eftirliti (New Deal) eftir kosningarnar, með hertum reglum á fjármálastofnanir.

**Breskar fasteignir** | Samkvæmt breska fjármálaeftirlitinu fjölgaði Bretum sem misstu heimili sín í nauðungarsölum um 71 prósent milli ára. Sömuleiðis hefur þeim sem eru í vanskilum með fasteignalán sín um 16 prósent, en nú eru 312.000 Bretar í vanskilum.

# Sameiningin átti að afstýra algjöru hruni

Landsbankamenn lögðu hart að ríkinu að standa að sameiningu við Straum og Glitni til að koma í veg fyrir algjört hrun. Þetta var eftir að ríkið tók yfir 75 prósenta hlut í Glitni.

**Ingimar Karl Helgason og Björn Ingi Hrafnsson** skrifa

Geir H. Haarde forsætisráherra var kynnt ítarleg áætlun að kvöldi 29. september, um hvernig afstýra mætti kerfisfalli íslenskra banka, með þátttöku ríkisins í sameiningu banka.

Þetta var, samkvæmt heimildum Markaðarins, á fundi með Björgólfi Thor Björgólfssyni, Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Árnasyni.

Á þessum tíma hafði íslenska ríkið nýtekið yfir 75 prósenta hlut í Glitni, meðal annars með þeim rökstuðningi að bankinn væri í raun gjaldþrota.

Landsbankamenn sögðu þá Geir meðal annars frá því að samruni Glitnis, í þáverandi mynd, og Landsbankans, væri að þeirra mati, líklegasta leiðin til að tryggja kerfislegan stöðugleika og alþjóðlega fjármögnun.

Fram kemur í glærukynningu á hugmyndum Landsbankamanna, sem Markaðurinn hefur undir höndum og fullyrt er að hafi verið farið yfir með forsætisráðherra, að Glitnir væri, þrátt fyrir aðkomu ríkisins, mjög veikburða, bæði með tilliti til eigin fjár og lausafjár. Hlutafjárframlag ríkisins, sem nam 600 milljónum evra, dugi vart til að jafna beint tap Glitnis og þar með veikari stöðu eigin fjár bankans. Því þyrfti ríkissjóður að útvega Glitni verulegt lausa- og eigið fé til viðbótar við það sem þá hafði verið rætt um, 600 milljónir evra, eða sem þá nam 90 milljörðum króna.

Því væri ljóst, sögðu Landsbankamenn, að áhætta á verulegum kerfisvanda í íslenska bankakerfinu, væri enn til staðar.

Landsbankamenn sögðu við forsætisráðherra að sameining bankanna, í einn banka með sterkt eiginfjárhlutfall og aðild ríkissjóðs, myndi styrkja fjármögnunargrundvöll hans til frambúðar og bæta samkeppnisstöðu hans, líka með tilliti til Icesave-reikninganna.

Fram kom í kynningu Landsbankamanna að samanlagt tap af yfirtöku ríkisins á 75 prósenta hlut í Glitni næmi 170 milljörðum króna.

Þeir lögðu til að ríkið legði þá nam 100 milljörðum króna til viðbótar inn í Glitni. Þá yrðu Landsbankinn og Straumur sameinaðir. Síðan yrðu Landsbankinn og Glitnir sameinaðir.

Eftir þetta ætti ríkið ráðandi hlut í bankanum, 37,3 prósent, Samson, félag Björgólfsfeðga, ætti 22,4. Aðrir hluthafar Landsbankans ættu tæp 20 prósent en hluthafar í Straumi tæp 13 prósent. Hluthafar í gamla Glitni, hverra hlutur hafði minnkað verulega við yfirtöku ríkisins, ættu tæp sex prósent.







**FORSÍÐA FRÉTTABLAÐSINS 29. SEPTEMBER OG LOKAGLÆRA KYNNINGAR LANDSBANKANS**

# Greitt úr peningamarkaðssjóðum

Inneignir peningamarkaðssjóða Landsbankans verða greiddar út í dag. Tap fjárfesta nemur tæpum þriðjungi. Bankinn tilkynnti í gær fyrstur bankanna, að búið væri að leysa upp peningamarkaðssjóði hans.

Í tilkynningu bankans segir að umrót „eins og það sem nú hefur orðið þýðir verulegt verðfall skuldabréfa innlendra banka. Það sama á við um skuldabréf fleiri útgefenda á markaði.“ Innistæður í sjóðunum hafa því rýrnað að verðgildi. Þeir sem áttu peningabréf í krónum fá greidd 68,8 prósent af innistæðu sinni fyrir lokun sjóðanna. Lægst er endurgreiðsluhlutfallið á peningabréfum í bandaríkjadölum, 60 prósent, hæst í breskum pundum, 74,1 prósent.

Krónusjóðurinn var langstærstur, um 100 milljarðar fyrir lokun, en alls munu 120 milljarðar hafa verið í sjóðunum fimm. Af þeim verða nú 83 milljarðar greiddar út, afgangurinn tapaðist við hrun bankanna.

„Mismunandi eignasamsetning sjóðanna þegar lokað var fyrir viðskipti í þeim skýrir mismunandi endurgreiðsluhlutfall,“ segir Stefán H. Stefánsson, framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Landsbankans. Hann segir að Landsbankinn hafi sjálfur keypt mikið af bréfum sjóðanna.

Stefán segir að unnið hafi verið að upplausn sjóðanna allt frá því að markaðir stöðvuðust og að ekkert samráð hafi verið milli bankanna um upplausn þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá Glitni og Kaupþingi mun vera að vænta tilkynningar frá þeim á allra næstu dögum varðandi upplausn peningamarkaðssjóða þeirra. -msh

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -5,0% | -45,2% |
| Atorka | -25,0% | -93,9% |
| Bakkavör | -21,3% | -91,5% |
| Exista | 0,0% | -76,6% |
| Eimskipafélagið | +6,6% | -96,3% |
| Icelandair | -5,8% | -51,8% |
| Kaupþing | 0,0% | -100,0% |
| Marel | +0,6% | -30,5% |
| SPRON | -0,0% | -79,2% |
| Straumur | -0,0% | -53,1% |
| Össur | -1,2% | -13,4% |

*Miðað við gengi í Kauphöll í gær

Úrvalsvísitalan OMXI15 641

Gengisvísitala krónunnar 207,6

# Traustur gangur í stoðtækjunum

„Það er of snemmt að spá fyrir um næsta ár. En félagið er vel fjármagnað og með litla endurfjármögnunarþörf," segir Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar. Hann bendir á að ef brúarlán upp á 53,6 milljónir Bandaríkjadala sé undanskilið þá verði Össur næsta skuldlaust félag eftir þrjú ár.

Össur hagnaðist um 13,7 milljónir dala, jafnvirði tæpra 1,7 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 2,1 milljón dala. Það jafngildir 535 prósenta aukningu á milli ára.

Inni í tölunum er einskiptikostnaður á sáraumbúðavörulínu í Þýskalandi upp á 2,3 milljónir dala.

Sala á tímabilinu jókst um sex prósent á milli ára og nam 87,2 milljónum dala.

Jón segir um afkomuna mestu muna um að fyrirtækið hafi dregið markvisst úr rekstrarkostnaði á árinu auk þess sem frekar hafi verið horft til arðsemi en frekari vaxtar. - jab



**JÓN SIGURÐSSON** Forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar segir fyrirtækið hafa dregið markvisst úr kostnaði með það fyrir augum að bæta afkomuna. MARKAÐURINN/GVA

# Írar tapa á bönkunum

Írski húsnæðislánasjóðurinn Irish Life and Permanent tapaði 76 milljónum punda, tæpum 14,5 milljörðum króna, á falli bankanna hér í byrjun mánaðar.

Fyrirtækið átti hlutabréf í bönkunum þremur og varð að færa virði eignarhlutarins niður um 16,7 milljónir punda strax í júní í sumar.

Gengi bréfa í fyrirtækinu hefur fallið um 95 prósent á árinu. Það hækkaði sig talsvert í gær eftir að afskriftirnar lágu fyrir en gengið stendur í tveimur evrum á hlut. - jab

# Samúræjabréf valda kali í heimatúni

Nomura Holdings, umsvifamesti verðbréfamiðlari Japans, reiknar með því að tapa um 40 milljörðum jena, 50 milljörðum króna, á samúræjabréfum; skuldabréfum sem íslensku bankarnir hafa selt í Japan.

Kaupþing var umsvifamesti útgefandi samúræjabréfanna en bankinn sótti sér 85 milljarða króna í landi hinnar rísandi sólar, samkvæmt Bloomberg-fréttastofunni. Af upphæðinni féllu bréf upp á 55 milljarða króna í gjalddaga í síðustu viku. Eiga japanskir kaupendur þeirra því kröfu á þrotabú gamla Kaupþings.

Tapið tengt Íslandi er rúmur helmingur af heildartapi Nomura á síðasta fjórðungi. Afgangurinn skrifast á niðurfærslu vegna fyrirtækjakaupa, svo sem á starfsemi fjárfestingabankans Lehman Brothers í Asíu, Evrópu og Mið-Austurlöndum.

Uppgjörið olli vonbrigðum í Japan en menn reikna með að næsta uppgjör Nomura verði það versta í sögu félagsins. - jab



**KAUPÞING** Japanar keyptu íslensk skuldabréf Kaupþings fyrir 85 milljarða jena á síðustu tveimur árum. MARKAÐURINN/GVA

# Engar skattaívilnanir vegna hlutabréfakaupa

## Fólk sem fékk hluta launa í formi kaupréttar en horfði upp á fyrirtækið fara í þrot situr uppi með verðlausa eign. Ríkisskattstjóri segir alla sitja við sama borð, allir hafi tapað.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Næstum því hver einasta fjölskylda í landinu hefur tapað fjármunum upp á síðkastið," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. Þegar svo sé verði jafnt yfir alla að ganga. Því verði ekki veittar sérstakar ívilnanir vegna taps á hlutabréfakaupum og innlausn á kaupréttarsamningum í fyrirtækjum sem séu farin í þrot.

Innlausn kaupréttarsamninga starfsmanna í fyrirtækjum reiknast til launatekna og greiðist af því fullur tekjuskattur, 35,72 prósent. Algengt er að æðstu starfsmenn banka og smærri fyrirtækja í einkageiranum hafi fengið hluta launa sinna með kaupréttarsamningi. Þá hefur Markaðurinn heimildir fyrir því að einhverjir hafi fremur skrifað undir kaupréttarsamning en haldið launum óbreyttum, jafnvel í nokkur ár.

Þeir starfsmenn bankanna þriggja, sem þeirra fyrirtækja sem eru farin í þrot, sitja því uppi með að hafa greitt skatt af eign sem nú er að engu orðin. Hreiðar er einn þeirra samkvæmt þessu.

Laun Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, eru dæmi um slíkt. Samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar var Hreiðar tekjuhæsti Íslendingurinn í fyrra. Hann hafði 740 milljónir króna í laun samkvæmt því, eða um 62 milljónir króna á mánuði. Í ársreikningi bankans fyrir síðasta ár námu þau hins vegar 110 milljónum, 9,1 milljón á mánuði. Afgangurinn lá í kaupréttarsamningum sem nú eru að engu orðnir.

Skúli Eggert segir mál sem þetta hafa verið til meðferðar hjá embættinu og enn til athugunar. Endanleg niðurstaða liggi hins vegar ekki fyrir.



**AF VERÐBRÉFABORÐINU** Starfsmenn bankanna sem farnir eru í þrot hafa greitt fullan tekjuskatt af kaupréttarsamningum sínum í hlutabréfum bankanna. Þótt skatturinn sé greiddur er eignin horfin. MARKAÐURINN/VALLI



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON**

Ekki sé á þessu stigi hægt að segja til um hvort málið uppfylli skilyrði um skattalegar ívilnanir. „Í eðli sínu eru kaupréttarsamningar og hlutabréfakaup áhættufjárfesting, jafnvel þótt kaupin séu að vissu leyti þáttur í atvinnurekstri," segir hann og bætir við að ívilnanir samkvæmt 65. grein tekjuskattslaga um lækkun á tekjuskattsstofni vegna tapaðs hlutafjár vegna vissra aðstæðna nái ekki til þess.

Skúli Eggert segir almennt tap samfélagsins mikið eftir að bankarnir þrír fóru í þrot og vegna aðstæðna í efnahagslífinu. Ekki sé því hægt að veita þeim ívilnanir sem hafi tapað á áhættufjárfestingum á borð við hlutabréfakaup. Það sé meginreglan sú að ekki séu veittar ívilnanir vegna áhættufjárfestinga. „Þegar skerðingin er svo almenn þá er mjög óvíst að lagaákvæðin eigi við," segir hann.

# Niðurstaðan liggur fyrir í vetur

„Það er engin uppgjöf í okkur. Ákvörðun mun liggja fyrir síðla vetrar í fyrsta lagi," segir Snorri Styrkársson, stjórnarmaður kaupfélaga í Skagafirði sem situr í undirbúningsnefnd sem skoðar byggingu koltrefjaverksmiðju í Skagafirði.

Snorri segir að nefndina móta hugmyndina með fjárfestum og fleirum. „Við erum að undirbúa verkefnið. Þrátt fyrir óvissu í efnahagslífinu hefur ekkert gerst sem veldur því að við hættum við," segir hann.

Kaupfélag Skagfirðinga, Sveitarfélagið Skagafjörður og Gasfélagið, sem er í eigu Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi forstjóra Glitnis, standa á bak við undirbúningsfélagið.



**SAUÐÁRKRÓKUR** Niðurstöðu er að vænta seint í vetur hvort verði af byggingu koltrefjaverksmiðju í Skagafirði. MARKAÐURINN/STEFÁN

Koltrefjar eru notaðar sem styrkingarefni við framleiðslu á margs konar vörum og leysir af hólmi þekkt smíðaefni í iðnaði svo sem ál, timbur og stál.

Áætlað er að verksmiðjan skapi allt að 120 störf. - jab

# Sterling að seljast

Eigendur flugfélagsins Sterling hafa fengið tvö bindandi kauptilboð í fyrirtækið og er reiknað með að nýir eigendur skrifi undir kaupsamning í dag eða á morgun.

Danskir fjölmiðlar hafa eftir Michael T. Hansen fjölmiðlafulltrúa Sterling, að báðir aðilar hafi gert tilboð í félagið og muni þeir halda starfsemi þess áfram. Hann vildi þó ekki segja hverjir það væru að öðru leyti en því að lögmenn flugfélagsins væru að fara yfir tilboðin.

Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, hefur átt Sterling í fjögur ár. Pálmi sagðist, í samtali við danska dagblaðið Jylland-Posten um miðjan mánuðinn, vera opinn fyrir sölu á hlut í félaginu til að styðja við rekstur þess.

Hvorki náðist í Pálma Haraldsson, annan eigenda Fons, né Almar Örn Hilmarsson, forstjóra Sterling, við vinnslu fréttarinnar. - jab



**PÁLMI HARALDSSON** Tveir kaupendur eru sagðir bera víurnar í Sterling sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar. MARKAÐURINN/VILHELM

# Fiskmangarar tryggðu sér gjaldeyri

Fisksalar við Humber-ósa í Norður-Englandi, þar sem hafnarborgirnar Hull, Grimsby og Immingham standa, þrýstu á um lausn á gjaldeyrismillifærsluvanda íslenskra banka þar sem þeir gátu ekki greitt íslenskum fiskútflytjendum.

Breski fiskifréttavefurinn Fishupdate segir að samtök fiskmangara á svæðinu hafi með hjálp þingmanns Grimsby, Austins Mitchell, og Englandsbanka sannfært viðskiptabanka sína um að það væri óhætt að flytja peninga til Íslands. Bresku bankarnir virðast hafa staðið í þeirri trú að beiting Gordon Brown forsætisráðherra Bretlands, á hryðjuverkalögum gegn íslensku bönkunum þýddi að engin viðskipti mætti eiga við Ísland.

Austin Mitchell sagði í viðtali við BBC að ef þetta mál hefði ekki leyst hefði það haft „skelfilegar afleiðingar fyrir Grimsby, fiskmarkaðirnir hefðu lamast og skortur hefði orðið".

Finnbogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Group, segir að sjávarútvegurinn hafi lent í vandræðum með gjaldeyrisyfirfærslur, sérstaklega frá Englandi. „Þetta hafa aðallega verið tæknileg vandamál tengd því að bankakerfið hrundi, en það hefur líka gætt ákveðinnar óvissu hjá viðskiptavinum okkar."

Finnbogi segir að starfsmenn Seðlabankans og nýju ríkisbankanna hafi gert sitt besta til að leysa vandamálin og koma erlendum bönkum í skilning um að óhætt sé að millifæra peninga til Íslands. - msh



# Fólkið í landinu hefur alltaf verið okkar fjárfesting

**Ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá Sparisjóðnum**

Saman mynda sparisjóðirnir traust öryggisnet um land allt. Hlutverk okkar er að standa vörð um hagsmuni landsmanna, treysta innviði samfélagsins og styðja við félags- og atvinnulíf í heimabyggð. Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna og ætlum að halda áfram að veita þeim okkar bestu mögulegu þjónustu. Það er engin tilviljun að ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá Sparisjóðnum.

**10% Vaxtaauki**

Þú færð 10% vaxtaauka til áramóta á **SP12** og **Netreikningi** Sparisjóðsins, sem stofnaðir eru fyrir 5. nóvember. Kynntu þér málið á **spar.is**.

SPARISJÓÐURINN

spar.is

## Rök fyrir hækkun

Bankastjórn Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti bankans 15. þessa mánaðar í 12%. Sú ákvörðun var rökstudd með breyttum aðstæðum í íslenskum efnahagsbúskap. Samdráttur væri þegar orðinn nokkur og meiri fram undan og eftirspurn og væntingar hefðu hríðfallið.

Í liðinni viku gerði ríkisstjórnin samkomulag við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í samkomulaginu, sem lagt verður fyrir framkvæmdastjórn hans til staðfestingar á næstu dögum, felst m.a. að Seðlabankinn skuli þá hafa hækkað stýrivexti í 18% sem nú hefur verið gert. Við þá ákvörðun er vísað til þess að við hrun bankakerfisins og harkalegar ytri aðgerðir sem í kjölfarið fylgdu lamaðist gjaldeyrismarkaður þjóðarinnar á svipstundu. Þótt aðstæður hafi síðan lagast nokkuð eru takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum óhjákvæmilegar.

Mikilvægt er að koma gjaldeyrisviðskiptum á ný í eðlilegt horf og styðja við gengi krónunnar. Þótt raungengið sé nú mun lægra en fær staðist til lengdar er talið óhjákvæmilegt að styrkja grundvöll krónunnar á gjaldeyrismarkaði með aðhaldssömu vaxtastigi þegar hömlur á gjaldeyrisviðskiptum verða afnumdar í áföngum. Neikvæðir raunvextir gætu veikt þann grundvöll. Samdráttur eftirspurnar mun leiða til þess að afgangur myndast fljótt á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd. Framleiðsluslaki og jafnvægi eða afgangur í utanríkisviðskiptum munu stuðla að hækkun á gengi krónunnar að því tilskildu að traust hafi skapast á gjaldeyrismarkaði. Gangi spár eftir verða stýrivextir lækkaðir í samræmi við hratt minnkandi verðbólgu.

## Rök fyrir lækkun

Bankastjórn Seðlabanka Íslands samþykkir að lækka stýrivexti um 3,5%

Mikil umskipti hafa orðið í íslenskum þjóðarbúskap undanfarnar vikur. Íslenska bankakerfið hefur ekki staðist þá raun sem erfið markaðsskilyrði og brestur á trausti á veraldarvísu í efnahagsmálum ásamt innlendri áhættusækni hafa skapað.

Margvísleg störf hafa horfið á augabragði, eftirspurn minnkað og væntingar eru með daufasta móti á alla mælikvarða mælt. Næstu áhrif brota bankalífsins verða erfið og samdráttur verulegur.

Bráðabirgðaspár litast af framangreindu áliti.

Bankastjórnin hefur átt óformlegar viðræður við aðila vinnumarkaðarins og ýmsa fleiri að undanförnu og farið yfir þessa alvarlegu stöðu.

Niðurstaða bankastjórnar er því sú að lækka stýrivexti um 3,5% nú. Stýrivextir bankans verða því 12%

Næsti vaxtaákvörðunardagur er 6. nóvember nk.

# Stýrivextirnir í höndum *Alþjóðagjaldeyrissjóðsins*

**Seðlabankinn hækkaði stýrivexti á grundvelli samkomulags ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Vextirnir hækka um sex prósent. Seðlabankinn lætur ekkert uppi um markmið í gengismálum.**

Þessi ákvörðun er byggð á samkomulagi sem áður hafði verið gert milli ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins," sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri er tilkynnt var um sex prósenta stýrivaxtahækkun í gær.

Stýrivextir bankans eru nú átján prósent, þeir hæstu á Vesturlöndum.


**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Óvænt stýrivaxtahækkun. Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason, Ingimundur Friðriksson og Arnór Sighvatsson.

### FYRST LÆKKUN SVO ...

Stýrivextir voru um langt skeið fimmtán og hálft prósent. Á dögunum, fyrir tæpum hálfum mánuði, voru vextirnir lækkaðir um þrjú og hálft prósent. Þeir voru því tólf prósent um skeið. Þetta rökstuddi Seðlabankinn á sínum tíma og telur nú að sú ákvörðun hafi verið rétt. „Sá rökstuðningur stendur," sagði Davíð. Og um hvort sú lækkun hefði verið mistök, sagði Davíð: „Það tel ég ekki vera."

Nú vísar Seðlabankinn til Alþjóðagjaldeyrisjóðsins um „fast aðhaldsstig í vöxtum".

Davíð sagði, spurður hvort menn í Seðlabankanum væru sammála ákvörðuninni nú, að bankinn myndi, vegna samkomulags ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, „fylgja þeirri ákvörðun fram af þunga".

### ENGIN VÍSINDI

Þegar spurt var um hvers vegna átján prósent voru valin var svarið að engin vísindi væru þar að baki.

„Þetta er byggt á mati. Auðvitað hafa menn spár til hliðsjónar en talan er á endanum byggð á mati," sagði Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur bankans.

### TRÚNAÐUR UM GENGISMARKMIÐ

Davíð var á stýrivaxtafundinum spurður um hvaða gengismarkmiðum væri stefnt að með þessum aðgerðum.

„Við getum ekki upplýst neitt um markmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í einu eða neinu umfram það sem hér hefur verið sagt. Okkur var nauðsynlegt að upplýsa um þetta atriði [stýrivextina]. Um önnur atriði getum við ekki upplýst. Við erum bundnir sama trúnaði og aðrir. Við höfum jafnframt sagt að um þessar mundir er krónan, að svo miklu leyti sem hún er skráð, allt of lágt skráð. Það standa allar væntingar til þess að bara af þeim ástæðum einum, að hún er allt of lágt skráð, hvernig sem á það er litið, þá muni hún styrkjast. Einnig er á því vakin athygli að með þessum aðgerðum og öðrum eins og öflugri gjaldeyrisvarasjóði hér í bankanum, sem á að vinna að hér í bankanum, að gengi krónunnar muni styrkjast.

Þegar Davíð var inntur eftir frekari skýringum sagði hann: „Það liggur fyrir það markmið að krónan skuli styrkjast," og bætti því við að Seðlabankinn ynni ekki eftir gengismarkmiði.

### HVENÆR FER KRÓNAN Á FLOT?

Ákveðið hefur verið að reyna enn við fljótandi gengi krónunnar. Óvíst er hins vegar hvenær þetta verður.

Ætla má að um 300 milljarðar króna séu bundnir í svonefndum jöklabréfum og jafnvel meira í innstæðu- og húsnæðisbréfum.

Davíð sagði menn vænta þess að „gjaldeyrisforðastyrkur" bæði frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og önnur viðbót, auk annars, svo sem lág skráning krónunnar „að allt þetta muni leiða til þess að sá vilji sem kunni að blunda hjá stórum aðilum, að hverfa hratt frá krónunni, og yfir í aðra gjaldmiðla, og svo þegar menn horfa á breytingu á viðskiptahalla og annað þess háttar, þá munu margir kannski sjá sér hag í því, enda skynsemin gengur í þá átt, að taka þetta rólega og hinkra og leitast við að leysa sínar stöður úr læðingi þegar það er hagfelldara fyrir viðkomandi, þegar krónan hefur styrkst og menn fá þess vegna meira fyrir krónurnar sem þeir ætluðu að hverfa með frá landinu," sagði Davíð. Þetta gangi út á traust sem menn reyni að skapa hér. Þegar traust myndast og stuðningur eflist, „munum við smám saman hverfa frá þeim hömlum sem við höfum haft varðandi gjaldeyrisskiptin enda er það svo að það er afar þýðingarmikið fyrir gengi íslensks viðskiptalífs", sagði Davíð.

### ÆTLA MENN ÚT ÚR KRÓNUNNI?

Markaðnum er sagt að menn ætli að selja allar sínar krónur þegar opnað verður fyrir gjaldeyrisviðskipti. Davíð var spurður hvort rætt hefði verið við slíka aðila.

„Bankastjórnin hefur ekki átt formlegar viðræður við slíka aðila, en leitast við að skapa aðilum ákveðna öryggiskennd gagnvart sínum krónum, bæði með innistæðum bréfum reikninga í bankanum og fleira, aðgerðir sem við myndum ekki gera að öðru jöfnu, en eru til þess fallnar að skapa ró með mönnum," sagði Davíð og sagði menn gera ráð fyrir því að þeir sem hefðu „leitað skjóls hjá okkur með fjármuni sína hjá okkur um hríð" geri það áfram.

### EFASEMDIR UM TRAUSTIÐ

„Ég tel ekki að sex prósenta hækkun geri krónuna girnilegri," er haft eftir Henrik Gullberg sérfræðingi hjá Deutsche Bank í Lundúnum, í samtali við Bloomberg. Það eina sem geti bjargað krónunni er að fjárfestar verði aftur viljugir til að taka áhættu með krónuna „en það eru engin merki um að það gerist á næstunni".

Fram kemur í frétt um vaxtahækkunina á vef breska ríkisútvarpsins að í viðskiptum með krónuna utan Íslands hefði evran farið upp í 240 íslenskar krónur. Hjá Seðlabankanum er hún hins vegar skráð á 152 krónur.

Fram kemur í umræðum á fjármálablogginu Clusterstock að menn hafa litla trú á þessari aðgerð. Krónunni, sem þegar hafi fallið um 70 prósent á árinu, verði varla bjargað þótt vextir séu svona háir.

## Flótti verri en hækkun

„Í þessu felast bæði efnahagsleg og pólitísk skilaboð," segir Þórólfur Matthíasson, prófessor.


ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON.

Talin er mikil hætta á gjaldeyrisflótta. Jafnframt að hann valdi efnahagslífinu meiri skaða en hækkun stýrivaxtanna.

„Gjaldeyrisútflæði myndi jú lækka gengi krónunnar enn frekar, þrýsta verðlagi enn frekar upp og valda lausafjárskorti umfram það sem þegar er orðið. Athygli vekur að Seðlabankinn segist vonast til að geta afnumið gjaldeyrishömlur í áföngum," segir Þórólfur. Fátt sé þó sagt um framhaldið. „Því er heldur ekki svarað hvort Seðlabankinn sé tilbúinn til að hækka stýrivexti enn meir ef erfitt reynist að koma á frjálsum gjaldeyrismarkaði við 18 prósenta stýrivexti."

Hin pólitísku skilaboð séu fólgin í því að sjóðnum þyki Seðlabankanum hafa mistekist illa í peningamálastjórn. „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vilji þess vegna takmarka möguleika bankans til að beita stjórntækjum sínum. Það má skilja kröfu sjóðsins um tafarlausa stýrivaxtahækkun sem vilja til að koma þeim skilaboðum til skila til markaðarins að það sé Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem sé við stjórnvölinn en ekki Davíð Oddsson, enda fáir dagar síðan Davíð Oddsson lækkaði stýrivextina."

Þórólfur bætir því við að fróðlegt verði að sjá hvernig samskipti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Davíðs verði í framhaldinu.

## Kemur ekki á óvart

„Það kemur ekki á óvart að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi farið fram á vaxtahækkun," segir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands. Raunar verði stýrivextirnir ekki mjög háir miðað við verðbólgu „þannig að raunstýrivextir eru lítið eitt neikvæðir". Stýrivextir hefðu vart getað verið mikið lægri. Mjög neikvæðir raunvextir græfu frekar undan trú á krónunni, drægju úr líkum á því að gjaldeyristekjur þjóðarbúsins skiluðu sér heim. Ein forsenda eðlilegra gjaldeyrisviðskipta sé að þeir sem eiga gjaldeyri sjái sér hag í að skipta honum í krónur og eiga þær síðan.


GYLFI MAGNÚSSON.

Mörg heimili og fyrirtæki eigi hins vegar í verulegum fjárhagsvandræðum. Fyrir þau séu þetta slæmar fréttir. „Þeirra vanda má þó ekki reyna að leysa með því að láta skuldirnar brenna upp í verðbólgubáli sem ýtt er undir með lágum vöxtum og enn frekara gengisfalli krónunnar." Í fæstum tilfellum sé það hægt því skuldirnar séu í erlendri mynt eða verðtryggðar. Verðbólga gerði illt verra. Þá verði óhjákvæmilega að afskrifa mikið af skuldum.

Náist stöðugt gengi ætti verðbólga að minnka hratt. Dregið hafi úr eftirpurn. Það gefi Seðlabankanum svigrúm til að lækka nafnvexti og ekki við öðru að búast en að hann geri það. „Það er hins vegar afar erfitt að sjá fyrir núna hvenær líklegt er að það gerist."




**GPS-TÆKI** frá fyrirtækinu Mio hafa vakið töluverða athygli þar sem úr þeim hljómar rödd K.I.T.T., ofurbílsins ráðagóða úr sjónvarpsþáttunum Knight Rider. Tækið býður góðan dag að hætti K.I.T.T. og vísar ökumönnum veginn, aðdáendum þáttanna sjálfsagt til mikillar gleði.



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447


# Kanarí

## 26. nóv.

## Frá kr. 89.990




### *Frábær ferð - 24 nætur*

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 26. nóvember í 24 nætur á frábæru sértilboði. Bjóðum frábær sértilboð á Roque Nublo, Dorotea, Parquesol og Liberty, nokkrum af allra vinsælustu gististöðum okkar á Kanarí. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað.

Verð kr. **89.990**
Netverð á mann, m.v. 2-4 í búð / smáhýsi á Parquesol eða Dorotea 26. nóv. í 24 nætur. Gisting á Liberty, Parque Cristobal og Roque Nublo kostar kr. 5.000 aukalega.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





Kristinn Þorsteinsson hefur gengið á flest fjöll á Austfjörðum. Upplifunin togar hann upp á fjöllin, hvort sem það er svartaþoka eða sól.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Upplifun að ganga í þoku

**Kristinn Þorsteinsson, leiðsögumaður hjá Ferðafélagi fjarðamanna, gengur á fjöll hverja helgi. Eftirminnilegustu ferð sumarsins gekk hann milli fjarða fyrir austan, í svartaþoku og súld.**

„Ég hef gengið á flest fjöllin hérna fyrir austan og á mörg þeirra oft,“ segir Kristinn Þorsteinsson, fararstjóri hjá Ferðafélagi fjarðamanna. Kristinn er á ferðinni flestar helgar sumarsins og er leiðsögumaður meðal annars í svokölluðum fimm-fjallaferðum á Austfjörðum. Hann fékk fjallabakteríuna eins og hann kallar það árið 1986 þegar hann fór að ganga á austfirsku fjöllin.

„Umbunin felst kannski helst í fögru útsýni. Það togar líka í mann að takast á við eitthvað og reyna á sig og maður verður háður upplifuninni. Ég vinn á skrifstofu á daginn svo gönguferðirnar eru góð tilbreyting við kyrrsetuna.“

Þótt útsýnið sé stór hluti upplifunarinnar í fjallgöngum stendur þó ein ferð upp úr þegar Kristinn rifjar upp sumarið. Sú ferð var gengin í svartaþoku.

„Þá gengum við frá Eskifirði yfir fjöllin til Reyðarfjarðar, alls átta tíma ferðalag. Það er aðeins ein leið upp fjallið, mjög brött sem þarf að hitta á en ég hafði sem betur fer „stikað“ leiðina áður í björtu með GPS-tæki. Við gengum því bara eftir tækinu en mér fannst merkilegast hvernig fólk lét sig hafa það að ganga í þessu veðri eftir fjallabrúnum í engu skyggni. Úr varð mjög skemmtileg ferð nema fólk sá auðvitað ekki það sem það ætlaði sér að sjá en þetta var óneitanlega öðruvísi upplifun.“

Kristinn hefur einnig gengið á fjöll erlendis og gekk meðal annars um fjalllendi Mallorca í vikuferðalagi fyrir nokkrum árum. Hann segir öðruvísi að ganga á fjöll í hlýrri löndum en þó gekk hann á snjóþrúgum á Spáni í sumar. „Við gengum í byrjun júní yfir Pýreneafjöllin, frá Spáni yfir til Frakklands, í snjó og notuðum snjóþrúgur á göngunni. Það var svolítið önnur upplifun en maður á að venjast á Spáni. Ferðin tók viku og við gistum í skálum á leiðinni. Ég hafði aldrei áður á ævinni gengið á snjóþrúgum en ég var fljótur að komast upp á lag með það. Þær gætu jafnvel hentað í göngu hér á landi þegar snjór er í fjöllum.“

*heida@frettabladid.is*





# Aldrei kalt

## í allan vetur með Webasto bílahitara








Bílasmiðurinn hf • Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík • Sími: 567 2330
bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

**SNJÓSLEÐAFERÐIR**, ísklifur, flúðasigling og hópeflisferðir eru á meðal þess sem fyrirtækið Hvataferðir býður upp á. Fyrirtækið tekur á móti hópum og ferðast með þá vítt og breitt um landið. Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.hvataferdir.is.



# Skelltu þér á skíði

**Vegna kulda og vetrarveðurs undanfarið hefur opnast óvenjusnemma fyrir þann möguleika að skella sér á skíði innanlands. Fjölmörg skíðasvæði um land allt veita vandaða þjónustu.**



Höfuðborgarbúar og aðrir hafa lengi skemmt sér á skíðum í Bláfjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þær fregnir bárust frá Dalvík í liðinni viku að þar væri búið að opna skíðasvæðið. Slíkt heyrir að sjálfsögðu til frétta, enda ekki mjög algengt að nógu mikill snjór sé á landinu til að hægt sé að opna skíðasvæði svo snemma. Þó hljóta margir að vera farnir að leggja á ráðin um skíðaferð seinna í vetur og því ekki úr vegi að minnast á nokkra ferðamöguleika innanlands.

Á Ísafirði má finna eina skíðasvæðið á Vestfjörðum. Þar var neðri hluti svæðisins opnaður í gær. Úlfur Guðmundsson forstöðumaður telur líklegt að Íslendingar muni sækja í auknum mæli í skíðaferðalög innanlands í vetur. „Ég held að flest skíðasvæði á landinu reikni með auknum fjölda heimsókna í vetur enda hagstæðast fyrir Íslendinga að ferðast innanlands um þessar mundir. Ég hef sjálfur orðið var við talsverðan þrýsting á að opna svæðið sem fyrst og það er því ánægjulegt að það skuli hafa snjóað almennilega jafnsnemma og raun ber vitni.“ Ýmsir möguleikar eru á gistingu á Ísafirði. Gamla gistihúsið við Mánagötu 5 er í hjarta miðbæjar Ísafjarðar og Gistiheimili Áslaugar er elsta starfandi gistihús bæjarins.

Skíðamiðstöð Austurlands er í Oddskarði. Svæðið hefur enn ekki verið opnað vegna snjóleysis, en vænta má að nánari upplýsingar um starfsemi í vetur liggi fljótlega fyrir. Skíðaferð í Oddskarð er góður kostur fyrir þá sem hafa hug á að kanna Austurland betur, en í Fjarðabyggð má finna skemmtilegt úrval gistihúsa og annarrar ferðaþjónustu.

Stefnt er að því að opna skíðasvæðið í Hlíðarfjalli á Akureyri í lok nóvember. Akureyri er skemmtilegur bær heim að sækja enda býður hann upp á margvíslega gisti- og afþreyingarmöguleika. Á vefsíðunni www.visitakureyri.is má finna greinargóðar upplýsingar um ferðaþjónustu og viðburði á Akureyri.

Ekki má gleyma að minnast á skíðasvæðið í Bláfjöllum, en enn sem komið er hefur svæðið ekki verið opnað. Fylgjast má með þróun mála þar, sem og á öðrum skíðasvæðum landsins, á vefsíðunni www.skidasvaedi.is. Upplýsingar um gistingu og ferðaþjónustu víða um land má svo nálgast á vefsíðunni www.gistihus.is.

*vigdis@frettabladid.is*


Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF

RÉTTIR BÍLAR
TJÓNASKOÐUN
RÉTTINGAR - SPRAUTUN
RÚÐUÍSETNINGAR
ALMENNAR VIÐGERÐIR
CAR-O-LINER RÉTTINGARBEKKUR
CABAS verkstæði
VÍS
vörður
TM
SJÓVÁ
RÉTTIR BÍLAR EHF
SÍMI & FAX: 554-3044 • RETTIRBILAR@RETTIRBILAR.IS
VESTURVÖR 24 • 200, KÓPAVOGUR

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

bifreiðasalan
TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ
tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík • sími: 577 4400
Nánari upplýsingar á www.bifreidasalan.is

V. 3290.000
ÁHV 2950.000

INFINITI FX45.
2003 ekinn 63þkm

VERÐ 3.990.000

LAND ROVER
LR 3 SE. 2005 ekinn 72 þkm

V. 7.990.000
ÁHV 6.990.000

HUMMER H2
LUXARY 2006 ekinn 32 þkm

VERÐ 450.000

NISSAN PRIMERA.
2000 ekinn 120 þkm

VERÐ 550.000

JEEP GRAND CHEROKEE
35"BREYTTUR

V. 2.990.000
ÁHV 2750.000

FEATHERLIGHT
HESTAKERRA 2007

Óskum eftir vélsleðum á skrá og á staðinn. Sanngjörn sölulaun fyrir alla sleða aðeins 39.900 m/vsk



**TÍMI** sköfunnar er svo sannarlega runninn upp og ef þið eigið ekki rúðusköfu í handraðanum þá er svo sannarlega þörf á að fjárfesta í einni slíkri hið fyrsta. Vetur konungur hefur gengið óvenjusnemma í garð og er það í raun öryggisatriði að eiga góða rúðusköfu til að hreinsa bílrúðurnar.





Egill Jóhannsson og Ford Fusion Hydrogen-vetnisrafbíllinn sem setti hraðamet slíkra bíla þegar hann mældist á 333,54 km á klukkustund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Framsæknasti bíll veraldar

**Þrír þekktustu vetnisrafbílar heims eru kynntir í Brimborg þessa dagana. Margir hafa notað tækifærið til að prufukeyra þá og flestir eru uppveðraðir að sögn forstjórans Egils Jóhannssonar.**

„Þetta er náttúrulega splunkuný tækni sem margir spá í enda örugglega það sem koma skal,“ segir Egill um vetnisrafbílana þrjá. Þeir eru allir af Ford-gerð. Einn þeirra, Ford Focus FCV, hefur verið hér á landi frá því í apríl í umsjón Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hinir eru kappakstursbíllinn Ford Fusion Hydrogen 999 og sportjeppinn Ford Edge HySeries. Egill segir einkar áhugavert að kynnast þeim síðastnefnda enda sé hann talinn sá framsæknasti í veröldinni.

„Íslendingar nota jeppa mjög mikið og það er frábært að fá að prófa þennan í kulda og snjó. Hingað til hefur verið vandamál að keyra vetnisbíla í frosti því við framleiðslu raforkunnar úr vetninu verður til vatn en nú hefur verið fundin lausn á því sem er verið að prófa með þessum bíl,“ segir hann og telur jeppann líka ágætlega kraftmikinn. „Rafbílarnir hafa þá eiginleika að krafturinn fer upp á sama sekúndubroti og bílunum er gefið inn en á bensínbílunum tekur alltaf smá stund að ná fullu togi. Reyndar er hámarkshraðinn minni á rafjeppanum en á bensínbræðrum hans, eða 130 kílómetrar á klukkustund.“

Egill segir hægt að stinga jeppanum í samband við rafmagn hvar sem er og nefnir að nóg sé af ónýttu rafmagni á nóttunni. En hvað um vetnisstöðvar, er ekki skortur á þeim? „Jú, enn sem komið er. Þær fyrstu voru mjög dýrar en kostnaðurinn fellur hratt eftir því sem hlutirnir þróast og ég trúi því að þess verði ekki langt að bíða að álíka dýrt verði að setja upp vetnisstöð og nýja bensíndælu.“

En hversu langt skyldi vera hægt að keyra jeppann án þess að stinga honum í samband við rafmagn? „Á hreinu rafmagni er hægt að keyra hann 40 kílómetra, sem er algeng akstursvegalengd hjá hinum almenna borgarbúa á dag. Svo kemur vetnið til viðbótar. Hinn vetnisdrifni efnarafall framleiðir raforku inn á geymana og þá er auðveldlega hægt að komast 250 til 300 kílómetra, eða langleiðina til Akureyrar.“

Málstofa sem nefnist Íslenskt á tankinn, já takk! verður á lokadegi kynningarinnar 14. nóvember í Brimborg á Bíldshöfða 6. Þar verður fjallað um þá möguleika sem þessi nýja tækni felur í sér fyrir visthæfa og efnahagslega þróun hér á landi. *gun@frettabladid.is.*



Ford Edge HySeries þykir framsæknasti vetnisrafbíllinn til þessa.

Bretinn Dan Wheldon vann það ótrúlega afrek árið 2005 að verða efstur í Indy-Racing-deildinni í Indy Car-kappakstrinum og sigra í sjálfum Indianapolis 500-kappakstrinum.






**Dömur**
Kuldaskór úr leðri í úrvali.
Fóðraðir með flís.
Stærðir: 36 - 42
**Verð: 14.400**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*



# Tökum þátt í að byggja betra samfélag!

## Áhugaverð og gagnleg námskeið Rauða krossins fyrir íbúa höfuðborgasvæðisins

### Skyndihjálp – 16 stundir

**Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum og auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka. Námskeiðið veitir einingu í framhaldsskóla.**
- 10., 11. og 12. nóvember kl. 18-22 í Reykjavík • þátttökugjald 8.900 kr.

### Sálrænn stuðningur

**Fyrir þá sem vilja fræðast um sálrænan stuðning, læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.**
- 13. nóvember kl. 17-21 í Hafnarfirði • ekkert þátttökugjald
- 3. nóv. og 8. des. kl. 17-21 í Kópavogi • ekkert þátttökugjald
- 3. nóvember kl. 18-21 í Mosfellsbæ • ekkert þátttökugjald

### Grunnnámskeið Rauða krossins

**Fyrir þá sem eru að hefja störf fyrir félagið og/eða hafa áhuga á að kynna sér starfsemi þess. Fjallað er um upphaf, sögu og hugsjónir Rauða kross hreyfingarinnar og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan.**
- 30. október kl. 18-21 • Landskrifstofu Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9
- 27. nóvember kl. 18-21 • Landskrifstofu Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9
- ekkert þátttökugjald

### Heimsóknavinanámskeið

**Fyrir þá sem eru að hefja störf sem heimsóknavinir. Fjallað er um hugsjónir Rauða krossins og hlutverk sjálfboðaliða.**
- 18. nóvember kl. 18-21 í Reykjavík • ekkert þátttökugjald
- 25. nóvember kl. 18-21 í Kópavogi • ekkert þátttökugjald

### Félagsvinur - mentor er málið

**Gefandi verkefni fyrir konur sem hafa áhuga á því að kynnast menningu annars lands og um leið að opna dyr að samfélaginu fyrir erlendum konum.**
- 25. og 26. nóvember kl. 18-21 í Garðabæ • ekkert þátttökugjald

### Félagsleiðbeinandi barna af erlendum uppruna

**Fyrir þá sem vilja aðstoða börn af erlendum uppruna við að þekkja og vera virk í samfélaginu.**
- 18. nóvember kl. 18-21.30 í Garðabæ • ekkert þátttökugjald

Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2425 og á raudikrossinn.is.
Einnig er hægt að skrá sig í sjálfboðamiðstöðvum eða með tölvupósti á hofudborgarsvaedi@redcross.is.

**Sjálfboðamiðstöðvar Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu:**

Reykjavíkurdeild, Laugavegi 120, sími 545 0400. reykjavik@redcross.is.
Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626. kopavogur@redcross.is.
Garðabæjardeild, Hrísmóum 4 Garðatorgi, sími 565 9494. gardabaer@redcross.is.
Hafnarfjarðardeild, Strandgötu 24, sími 565 1222. hafnarfjordur@redcross.is.

**Rauði kross Íslands**
raudikrossinn.is

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl 20-60 þús allt kemur til greina. S. 699 3548.

Jeppi óskast fyrir allt að 1500 þ. stgr. má vera tjónaður. S. 822 1433.

## Jeppar

Vélsmiðja í Norður-Noregi óskar eftir vönum starfskröftum, vegna mikilla verkefna. Óskað er eftir fólki með reynslu í almennri suðuvinnu og vélaviðgerðum. Fyrir er íslenzkur starfsmaður á vinnustaðnum. Uppl í síma 0047 77 84 86 00.

Einbýli til leigu 166 fm. 6 herbergja. VESTURBERG. Langtímaleiga. Uppl: 6937815.

Teitur Jónasson ehf óskar eftir rútubifreiðarstjórum í kvöld og helgarvinnu. Uppl gefur Ágúst í s 6600120, agust@teitur.is

Fjörukráin auglýsir eftir hressum söngvurum sem og hljóðfæraleikurum í víkingasveitina okkar sem spilar og syngur fyrir matargesti meðal annars íslensk þjóðlög kvöld og helgar vinna. Einnig vantar okkur matreiðslumann. Upplýsingar veitir Jóhannes Viðar í síma 8936435 eða á staðnum.

## Mótorhjól

Til sölu Yamaha YZ 450F nýskráð 29.05.2008 en er árg.'06 hjólið er lítið notað og í toppstandi Möguleiki á 100% láni (visa, Euro eða kt lán) TILBOÐ 499.000 stgr 693-5053

## Hjólbarðar

4 stk. hálfslitinn naglad. 185/65R14 á kr. 10þ. S. 8645290.

Vetrardekk radial 4 stk. á felgum. 4 gata. 185/65 r 15" 4 sumardekk fylgja með. V. 15 þús. S. 867 4008.

235/75-15 Cooper Discoverer Nelgd microskorin vetrardekk á 25þ. Voru undir Vitara jeppling. S. 843 1081.

## Varahlutir

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir

**Pústþjónustan Ás**
Pústkerfi í flestar gerðir bíla. Sérsmíði & viðgerðir. 2 1/2" & 3" púst í jeppa og sendibíla.
Fljót og góð þjónusta
S. 562 8966, Nóatúni 2

**Ódýrari bílaviðgerðir**
Allar almennar bílaviðgerðir. Gerðu verðsamanburð og fáðu fast verðtilboð. Hröð og góð þjónusta.
Verklaginn ehf.
Vagnhöfða 8
S. 517 2010 & 662 6009

**Bílaverkstæðið Skúffan.**
Allar almennar bílaviðgerðir. Fljót og góð þjónusta. Smiðjuvegur 11e, 200 Kóp. S. 564 1420.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

**Atilö Þrif & Viðhald**
Hreingerningar • Flutningsþrif Gólfbónun • Teppahreinsun • Húsgagnahreinsun •
Sími: 662 0 662

**ERUM Með Besta Verðið**
Sérhæfum okkur í : Öll almenn þrif, Fjarlægjum múrbrot og rusl eftir iðnaðarmenn, Þrífum báta og skip einnig vélarúm. Pökkun búslóða og fyrirtækja ásamt akstri. Uppl. í s. 690 5675.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Simi 512 4010. www.vy.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Ræstingar

Vantar manneskju í heimilisræstingu og smáleg húsverk; aðra hverja viku. Uppl sendist á gudrun_hrefna@msn.com

## Garðyrkja






Skyggðu trén á þig í sumar? Nú er rétti tíminn að fella tré og snyrta runna fyrir veturinn. Við tökum einnig að okkur alla almenna garðvinnu, s.s. sólpalla og grindverkasmíði, hellulagnir, þökulagnir, garðslátt (já ennþá), jarðvegsskipti og svo sjáum við líka um að setja upp jólaljósin fyrir þá sem vilja aðstoð við það. Kíkið á heimasíðuna gardarbest.is og sendið póst á bjarni@gardarbest.is eða hringið í s. 698 9334 / 660 9347.




**Jarðvinna**
Almenn jarðvinna, efnissala og efnisflutningar. Uppl. í s. 864 4182.

Hellulagnir, smágröfuþjónusta, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Þarf að mála?**
Málarar geta bætt við sig verkefnum. Sanngjarnir í samningum. Uppl. í s. 695 1918.

**Málningarvinna**
Tek að mér sandspörslun-málun-lökkun. Fagmennska í fyrirrúmi og sanngjarnt verð. Málningarþjónusta Egils. Uppl. í s. 868 5171

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum Uppl. Í s. 869 3934.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

**Málningarvinna**
Getum bætt við okkur inniverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896-5758

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

**Búslóðaflutningar !**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Uppl. í síma 555 6363 & 899 7188.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

M1

**Múrverk og málun**
**Getum bætt við okkur verkefnum í Húsaviðgerðum, Öllu almennu múrverki, Flísalögnum, Múrklæðningum, Sandspörslun og málun. Erum einnig farin að bóka verkefni fyrir næsta ár. Upplýsingar gefa Kolbeinn múrarameistari í s: 8966614 og Helena framkvæmdastjóri í s: 843 3230 / 562 1300**

**m1@m1.is**
**m1.is**




**Trésmíði**
Tek að mér allt almennt viðhald húsa, trésmíði og m.fl. S. 662 6092.

**parketogsmidar.is**
Parketlögn/slípun, gluggaskipti, þakviðgerðir, uppsetning á veggjum og öll almenn smíðavinna. Uppl. í s. 896 9819.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Húsaviðgerðir og málun**
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Magnhús ehf**
Alhliða viðhald fasteigna. Trésmíði, múrverk, málningarvinna ofl. S. 847 6391 & 891 9890.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

## Stífluþjónusta

- SKOLPLAGNIR -
Röramyndun, fóðrun, endurnýjun skolplagna.
PROPIPE.IS
S. 846 1919

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA
ADSL-, LJÓSLEIÐARA- OG WIMAX TENGINGAR
DNS-, LÉN- OG VEFHÝSINGAR
hýsingar
990.- kr.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA:
525 2400
WWW.VORTEX.IS

WWW.VORTEX.IS

**Ókeypis vírusvörn..**
og uppsetning fylgir öllum viðgerðum. Miðnet ehf S. 564 0690 www.midnet.is

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun. Yfir 15 ára reynsla, ódýr og örugg þjónusta. S. 821 6839, Stefán.

## Bílar til sölu



**Toyota Hilux**
árg 1997, ek. 173 þús
breittur 33"
ásett 3.950.000
tilboð 3.500.000
lán 2.900.000.

**Upplýsingar í síma 669 9261.**



**Isuzu D Max**
11.2007 ekinn 4.000.
Verð 3.590.000.
Yfirtaka á láni +
400.000.

**Upplýsingar í síma 893 4414.**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

**Bílakjarninn við Breiðhöfða 110 Rvk**
**S. 567 2277 • www.nyja.is**



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX (38"). Árgerð 2004, ekinn 84 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. LEÐUR ,LÚGA OG FL OGFL **Verð 6.990.000**. ÁKV 5.560Þ TOPP BÍLL



JEEP GRAND CHEROKEE LTD CDI DISEL . Árgerð 2008, ekinn 1 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. LEÐUR ÁLFE OG FL ÁSETT VERÐ 6.490 **TILBOSVerð 5.690.000.** AFSL.800Þ



BMW X5. Árgerð 1999, ekinn 144 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Álfelgur,ljóst leður og fl ÁSETT VERÐ 1.990Þ **TILBOÐSVerð 1.750.000.**



FORD MUSTANG COUPE. Árgerð 2007, ekinn 9 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.LEÐUR BULIT FERLGUR OG FL ÁSETT VERÐ 3.390 **TILBOÐSVerð 2.490.000.**



HYUNDAI SANTA FE LUX. Árgerð 2006, ekinn 5 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.leður sólúga ÁSETT VERÐ 3.890 **TILBOÐVerð 3.190.000.**



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgerð 2002, ekinn 182 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.Ásett verð 1.290 **TILBOSVerð 890.000.** FYSTUR KEMUR FYSTUR FÆR



M.BENZ C230 AMG SPORT. Árgerð 2007, ekinn 5 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.Ásett verð. 4 490 **TILBOÐSVerð 3.690.000.** ákv 2.600 45þ á mán



CITROEN C1 SX. Árgerð 2007, ekinn 14 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. ásett verð 1.495 **TILBOÐ Verð 1.195.000.**



MAZDA 6. Árgerð 2005, ekinn 52 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. leður,álfelgur,sóllúga **Verð 1.890.000**. ákv 990 23þ á mán



CHEVROLET TOSCA LT. Árgerð 2007, ekinn 22 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.leður,sóllúga álfelgur **Verð 2.980.000.**

**Bílabúð Benna**

**100% LÁN**
**9,7% fastir vextir, óverðtryggt!!!!**



**NISSAN ALMERA 1500 VISIA**
9/2004, ek. 33 þús. 3 dyra, 5 gíra. **Tilboð 1.050** þús. meðalgreiðsla á mán. 23.414.-



**DAEWOO LANOS 1500 SE**
2/1999, ek. 66 þús. 4 dyra, 5 gíra. **Tilboð 330 þús.** meðalgreiðsla á mán. 16.402.-



**DAEWOO MUSSO E-23 GRAND LUXE** 8/2000, ek. 107 þús. 5 dyra, ssk. Álf. Dráttarkrókur. **Tilboð 490 þús.** meðalgreiðsla á mán. 16.916.-



**MMC L-200 D/C, 2500**
BENSÍN 1/2003, ek.104 þús. . 4 dyra,5 gíra, álf. 33" plasthús. **Tilboð 1.190 þús.** meðalgreiðsla á mán.31.700.-



**OPEL CORSA 1200 SWING**
4/1997, ek. 114 þús. 3 dyra, 5 gíra. **Tilboð 190 þús**. meðalgreiðsla á mán. 9.157.-



**DAEWOO MATIZ S**
8/2000, ek. 104 þús. 5 dyra, 5 gíra. **Tilboð 250 þús.** meðalgreiðsla á mán. 12.538.-



**SUZUKI JIMNY 1300 JLX**
6/2006, ek. 65 þús. 3 dyra, 5 gíra. **Tilboð 950 þús.** meðalgreiðsla á mán. 21.223.-



**MAZDA 323 PRACTICAL**
3/ 1999, ek. 140 þús. 3 dyra, ssk. **Tilboð 290 þús**. Meðalgreiðsla á mán. 14.470.-

Sími 587-1000
Bíldshöfði 10 - www.benni.is

2 íbúðir til leigu á Grettisgötu. 2 skemmtilegar 2-3 herb. íbúðir í sama húsi. Leigjast saman eða í sitt hvoru lagi. Önnur leigist á 95 þús. hin á 120 þús. Lausar strax. s. 697 3864.

105 fm. 3 herb. íbúð á svæði 112 til leigu. Leiguv. 120 þ. 1 mán. fyrirfram + trygging. Uppl. imenn@imenn.is. s. 661 5050.

50 fm 2ja herb. íbúð í 200 Kóp. Garður, sér inng. Verð 100þús m/hita, rafm. og hússj. Mjög rólegur staður. Með húsg., þvott, sjónv. og ískápur. Langtímaleiga. Aðeins reykl. Laus strax. S. 698 2119. e. kl. 15.

Mjög góð 4 herb. útsýnis íbúð á Kleppsvegi. V. 140 þ. Hiti og hússjóður innifalið. Uppl. í s. 898 0187.

Boðagrandi 7. 2ja herb. íbúð á 6 hæð. Útsýni. Húsvörður. Leiga 100 - hússj. innif. Laus frá 3 nóv. Uppl. í síma 897 1877 / einareg@gmail.com

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Long term rent Guesthouse Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. Tel 824 4530.

## Húsnæði óskast

Óska eftir herb. til leigu með aðg. að öllu. Uppl. í s. 694 7682.

## Húsnæði til sölu

Raðhús til sölu í Horsens Dk, athuga skipti á eign á Íslandi. s:8965241 edc. dk sölunr.87145229

## Sumarbústaðir

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði.Heitur pottur. Sími 8410265

## Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

Til leigu 140 fm. skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í Hafnarfirði: Hagstæð leiga. Einnig mögulegt að leigja stök skrifstofuherbergi. Upplýsingar í síma 892 7798.

Til leigu um 200 fm. skrifstofuhúsnæði við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Hagstæð leiga. Einnig mögulegt að leigja stök skrifstofuherbergi. Upplysingar í gsm. 892 7798.

## Geymsluhúsnæði

Húsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og fleirra til leigu í Reykjavík. Verð 3500per/fm fyrir tímabilið. Lágmarksverð 20þúsund, staðgreitt. Nánari upplýsingar í síma 824-8468, Pétur.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**Nú fer hver að verða síðastur !**
Upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.




## Bílskúr

Til leigu strax. 25fm bílskúr, ekki m. innkeyrsluhurð. leigist t.d. sem geymsla er í RVK 105. 25þ á mán m. rafm. og hita 3 mán f.fr. s 842 5447

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Yfirvélstjóri**
Yfirvélstjóri (1000 hö) óskast á beitingavélaskipið Kristrúnu II RE-477 sem rær frá Reykjavík. Upplýsingar í síma 520 7306 & 520 7304.

Smiður óskast, vanur mótauppslætti. Íslenskukunnátta skilyrði. Næg vinna. Uppl. í s. 695 5219.

Vanan stýrimann vantar á dragnótarbát sem gerður er út á Breiðafirði og Vestfjörðum. Uppl. í s. 894 9419.

Vantar þig aukatekjur ? Vön sölumanneskju óskast í símasölu bóka. Heimaaðstaða kostur. Uppl sigurdur@talnet.is og 5814070

Fjölskyldu í Hafnarfirði vantar aðstoð með heimilishaldið. 20 klst á viku, góð laun í boði. Þrif, þvottur og matreiðsla. Áhugasamir hafið samband við Björgvin í síma 8665130.

**Góðir Tekjumöguleikar**
Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Nýtt námskeið að hefjast. Sími 892 9660.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

**Hellulagnir**
Óska eftir tilboðum í tæplega 300 m2 innkeyrslu. Nánari uppl. fást í s. 618 1812.

Reynslumikill sjúkraliði óskar eftir 50-70% dagvinnu. Upplýsingar í síma 861-4424 eftir kl. 13.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Konjó er kominn heim eftir að vera týndur í viku. Kærar þakkir fær Árni í Seljahverfi sem fann hann.

## Ýmislegt




## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Karlmaður um sjötugt sem býr á gullfallegum stað útá landi vill kynnast konu á svipuðum aldri. Svör sendist FBL merkt „heiðarlegur" með símanúmeri.

## Tilkynningar

# Lækningastofa Snorra Ingimarssonar
**Sérgrein geðlækningar/krabbameinslækningar**

Er flutt í **Lífstein**, Álftamýri 1-5, 108 Reykjavík
Tímapantanir í síma 530-8300

## Fasteignir

# Kársnesbraut
**- einb. á góðri lóð - laust strax.**



Vorum að fá í einkasölu fallegt talsv. endurn. 80 fm einb. á einni hæð, (einangrað risloft) ásamt bílskúr sem er 43 fm og bíður uppá mikla möguleika. Fráb. staðsetn. Góður garður afgirtur.
Áhv. ca 15 millj. hagst lán. V. 34,5 millj.

**Uppl. gefur Þórarinn í s. 899-1882.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Atvinna



*Fallegt umhverfi, skemmtilegt fólk og góðir vinnustaðir fyrir góðan hjúkrunarfræðing*

# Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hjallatún
**auglýsir eftir hjúkrunarfræðing til afleysinga í eitt ár.**
**Hjúkrunarfræðingurinn þarf að geta hafið störf sem fyrst**

**Hjallatún:**
Er lítið og hlýlegt heimili með ellefu hjúkrunarrými, eitt hvíldarinnlagnarrými og sex dvalarrými. Hjá okkur ríkir mjög góður starfsandi sem endurspeglar virkt starfsmannafélag. Á heimilinu starfa tveir hjúkrunarfræðingar, og 14 starfsmenn í aðhlynningu, sex starfsmenn í eldhúsi og tveir í félagsstarfi og þvottahúsi. Starf hjúkrunarfræðings er fólgið í að sinna hjúkrunarþörfum heimilismanna, sjá um lyfjapantanir, sinna bakvöktum á móti hinum hjúkrunarfræðingnum og fleira.

**Hæfniskröfur:**
Viðkennt hjúkrunarleyfi frá Heilbrigðisráðuneytinu.

**Starfskjör:**
Laun samkvæmt samningum
Niðurgreitt húsnæði í ákveðinn tíma og skemmtilegt vinnuumhverfi.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Sigríður Kjartansdóttir forstöðumaður Hjallatúns í síma 487-1348 eða netfang hjallatun@vik.is

**Umsóknir skulu sendar á ofangreind netföng eða með pósti stílað á:**
**Hjallatún, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hátúni 10 – 12, 870 Vík í Mýrdal**

# EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**OPIN HÚS Í DAG MILLI KL. 17:30 TIL 18:00 ALLAR EIGNIRNAR ERU LAUSAR STRAX SÖLUMENN Á STAÐNUM**

## BRÖNDUKVÍSL 11




Mjög fallegt og mikið endurnýjað einlyft 233 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr í Kvíslunum í Árbænum. Eignin skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, stofu, betri stofu, eldhús, geymslu, baðherbergi og fjögur herbergi. Garðurinn er afgirtur með hárri girðingu og nýrri timbur verönd. Eignin virðist í góðu ástandi að utan og er nýlega máluð. **Verð 69. M**

## HÁAGERÐI 59




Góð og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er 76,3 fm og geymsla 8 fm og skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og tvær stofur. Í kjallara er sér geymsla og sameiginlegt þvottahús. **Verð 21,5 M**

## VITASTÍGUR 12




Vel skipulögð 3ja herbergja 116,2 fm íbúð á 3ju hæð með góðum svölum. Stór og rúmgóð herbergi og opið á milli stofu og eldhúss. **Verð 27 M**

## ÞORLÁKSGEISLI 35




Mjög góð og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu nýlegu lyftuhúsi, ásamt stæði í bílageymslu. Parket og flísar á gólfum og þvottahús innan íbúðar. **Verð 21. M**

## KRUMMAHÓLAR 10




Um er að ræða 83,5 fm íbúð á 2. hæð lyftuhúsi, ásamt 25 fm bílskúr. Íbúðin þarfnast standsetningar. **Verð 14,5 M**


vodafone
Iceland Express
10-11 ...alltaf opið!
vörður
BARCLAYS PREMIER LEAGUE
Í KVÖLD KL. 19:50
MAN. UTD.
WEST HAM
VILD
EF ÞÚ ERT ÁSKRIFANDI Í STÖÐ 2 VILD
HEFUR ALDREI VERIÐ
ÓDÝRARA
AÐ BÆTA VIÐ
FLEIRI STÖÐVUM
3.750 KR.
SPORT
2.655 KR.
SPORT 2
2.655 KR.
FJÖLVARP
2.250 KR.
Verð á mánuði m.v. 3 mánaða bindingu. Skuldfært á greiðslukort.
Í KVÖLD
KL. 19:40 Hull City - Chelsea SPORT 5
KL. 19:50 Man. Utd. - West Ham SPORT 2
KL. 19:55 Liverpool - Portsmouth SPORT 3
KL. 19:55 Arsenal - Tottenham SPORT 4
KL. 19:55 Middlesbrough - Man. City SPORT 6
SPORT 2
enski boltinn
Gott Fólk | 37806
512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Reka símkerfi SimCorp

„Nýherji hefur undanfarin ár byggt upp mikla þekkingu og reynslu í rekstri á Avaya-símkerfum, svo sem fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir hér á landi og víða erlendis,“ segir Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri Nýherja, en Nýherji hefur tekið að sér rekstur og viðhald Avaya-netsímakerfis fyrir danska hugbúnaðarfélagið SimCorp, en félagið hefur 12 starfsstöðvar í 11 löndum. Starfsemin mun rekin í fjarþjónustu frá Íslandi.



**ÞORVALDUR JACOBSEN**

SimCorp þróar og selur meðal annars fjárfestingarbúnað fyrir stjórnendur fjármálafyrirtækja, en það hefur starfsemi í 14 löndum og hefur 1.100 starfsmenn. Víðir Kristófersson, yfirmaður samskiptakerfa hjá félaginu, segir því að símkerfið sé mikilvægt fyrir starfsemi félagsins. „Við þurftum því góðan samstarfsaðila fyrir rekstur kerfisins og leituðum til Nýherja, sem hefur áralanga reynslu á þessu sviði.“ -msh

# Stjórnvöld fá tillögur að gjöf

„Við ætlum að afhenda stjórnvöldum pakka af tillögum með slaufu,“ segir Björk Guðmundsdóttir söngkona. Henni er full alvara.

Átta vinnuhópar fólks úr ýmsum kimum samfélagsins hafa frá á sunnudag fyrir tæpum hálfum mánuði unnið að tillögum um nýsköpun og fjölbreytileika í samfélags- og atvinnuþróun á Íslandi án stóriðju. Áætlað er að hundrað manns hafi tekið þátt í verkefninu.

Að fundinum fyrir hálfum mánuði stóðu Háskólinn í Reykjavík, Klak og Fræ, stofnun innan HR um almannaheill. Björk segir þátttakendur hafa verið ólma í að hittast aftur svo einhver niðurstaða fáist um tillögur sem verði afhentar stjórnvöldum. „Við erum að vinna úr raunhæfum úrlausnum,“ segir hún.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** „Við erum ekki að finna upp hjólið,“ segir Björk. MARKAÐURINN/STEFÁN

Björk, sem lagði grunn að verkefninu fyrir rúmum tveimur mánuðum, segir meirihluta hópsins búa yfir mikilli reynslu á sviði nýsköpunar og rekstri sprotafyrirtækja. „Við erum ekki að finna upp hjólið en núna er kannski grundvöllur fyrir því að það sé hlustað á okkur,“ segir hún. - jab



**BUSH BANDARÍKJAFORSETI** Neytendur vestanhafs hafa ekki verið svartsýnni frá því mælingar hófust. Margir eru sagðir svefnlausir af fjárhagsáhyggjum. MARKAÐURINN/AP

# Bandaríkjamenn æ bölsýnni

Samkvæmt nýjum mælingum Conference Board eru væntingar bandaríska neytenda nú hinar verstu í sögu mælinganna, en samtökin byrjuðu að mæla væntingar neytenda 1967. Nærri fjórir af hverjum tíu neytendum telja að efnahagsástandið muni versna næsta hálfa árið, meðan innan við tíu prósent telja ástandið muni batna.

Áhyggjur af efnahagsástandinu virðast einnig vera farnar að hafa neikvæð áhrif á heilsufar fólks, því samkvæmt könnun sem fyrirtækið ComPsych hefur gert sofa níu af hverjum tíu bandarískum verkamönnum illa vegna fjárhagsáhyggna. Um þriðjungur sagðist hafa áhyggjur af kreditkortaskuldum. - msh

# UT gefinn of lítill gaumur

„Upplýsingatækninni hefur verið gefinn allt of lítill gaumur síðan netbólan sprakk og menn einblínt á önnur tækifæri meðan fjármálageirinn óx,“ segir Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi. Hann segir mikil útflutningstækifæri í upplýsingatækni.



**SIGURJÓN PÉTURSSON**

Microsoft á Íslandi hefur tilnefnt EJS og Landsteina Streng sem samstarfsaðila ársins 2008, en Landsteinar Strengur hefur, ásamt LS Retail, fengið inngöngu í svokallaðan „Inner Circle“-hóp samstarfsaðila Microsoft-fyrirtækisins. Halldór bendir á að aðeins eitt prósent samstarfsaðila Microsoft fái inngöngu í hópinn.

„Það hefur vakið athygli í höfuðstöðvum Microsoft og er framúrskarandi árangur fyrir land eins og Ísland,“ segir Halldór. Hann bendir á að þróun á viðskiptakerfum hér sé á heimsmælikvarða, sem sjáist meðal annars af árangri fyrirtækja eins og LS Retail, sem hefur selt viðskiptakerfi fyrir verslanir um allan heim. - msh



MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Fyrirtæki Kauphallarinnar taka nú að skila inn reikningum sínum. Víðar í þjóðfélaginu dregur til uppgjörs.

# Uppgjörstímabil að hefjast af þunga

Óli Kristján Ármannsson

Um miðja síðustu viku hófst uppgjörstímabil þriðja ársfjórðungs í Kauphöll Íslands með því að Nýherji skilaði inn ársreikningi sínum, fyrst skráðra fyrirtækja líkt og svo oft áður. Í gær bættist svo Össur í hópinn. Það á bæ er ekki gert ráð fyrir að sveiflur á fjármálamörkuðum hafi veruleg áhrif á rekstur félagsins, enda starfi Össur innan heilbrigðisgeirans. Hagnaður félagsins eykst um rúman helming á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra, ef frá er tekinn einskiptishagnaður af sölu á einni af vörulínum félagsins. Hlýtur það að teljast dágóður árangur og vonandi fyrirboði um það sem koma skal hjá öðrum þeim fyrirtækjum sem ekki verða fyrir beinum áhrifum af sviptingum fjármálamarkaða hér heima og erlendis.

**Jafndramatískir atburðir og fall fjármálakerfis heillar þjóðar, jafnvel í skugga alþjóðlegrar fjármálakreppu, hljóta að kalla á viðamikið uppgjör við fortíðina.**

Óhætt er hins vegar að segja að annar bragur verði á uppgjörstíma þeim sem nú fer í hönd miðað við það sem áður var, þar sem bankarnir hafa borið höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki í hagnaði. Fjármálafyrirtæki hafa vegið þungt í Kauphöll Íslands, raunar mun þyngra en í öðrum kauphöllum, og staðið undir stórkostlegum vísitöluhækkunum síðustu ár. Nú er öldin önnur og full ástæða til að hafa áhyggjur af framtíð kauphallarviðskipta hér.

Skráðum félögum fækkar óðum í Kauphöllinni. Þau eru núna 18 á lista, en standa væntanlega eftir 14 þegar búið verður að taka út Kaupþing (Glitnir og Landsbankinn eru þegar horfnir) og kemur að afskráningu Existu sem í stefnir og Vinnslustöðvarinnar sem stefnt hefur verið að um skeið og Atorku. Þá ríkir óvissa um framtíð fleiri félaga. Raunar er búið að skrúfa kauphallarviðskipti hér aftur í árdaga þeirra, en árið 1991 voru hér tvö skráð félög, 11 árið eftir og 17 árið 1993.

Jafndramatískir atburðir og fall fjármálakerfis heillar þjóðar, jafnvel í skugga alþjóðlegrar fjármálakreppu, hljóta að kalla á viðamikið uppgjör við fortíðina, hvort heldur það snýr að regluverki eða stjórnmálum og um leið gagngera endurskoðun á því umhverfi sem fyrirtækjum er hér búið. Um leið er mikilvægt að missa ekki taktinn í umbótum sem þegar hefur verið blásið til. Þar má nefna heimild til að skrá hlutabréf í evrum í Kauphöll Íslands og tengingu uppgjörskerfis kauphallarinnar við stórgreiðslukerfi Seðlabanka Evrópu með liðsinni Seðlabanka Finnlands. Eftir þau áföll sem dunið hafa yfir má Kauphöllin hér ekki við því að fæld verði úr landi burðugustu fyrirtækin af þeim sem eftir standa.

Víðar mætti gera kerfisbreytingar sem strax yrðu til bóta. Til dæmis þyrfti ekki langan aðdraganda að því að auka gagnsæi ákvarðanatöku í Seðlabanka Íslands, líkt og oft hefur verið rætt á, með því að birta fundargerðir bankastjórnarinnar. Fordæmi eru fyrir slíku verklagi annars staðar frá og færa mætti fyrir því rök að óvíða væri mikilvægara að hlutir gerðust fyrir opnum tjöldum, en þar sem vafi leikur á hvort bakgrunnur og pólitísk fortíð spili inn í ákvarðanir bankans.

Í því uppgjöri sem í hönd fer ríður á að bæta samfélagið og stór þáttur í þeirri viðleitni er aukið gagnsæi og upplýsingagjöf, hvort sem það er hjá stofnunum ríkisins, fyrirtækjum sem það hefur tekið að sér að stýra, eða annars staðar. Upplýst umræða er forsenda lýðræðislegra ákvarðanatöku. Og núna þarf að taka réttar ákvarðanir.

bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

# Hagur okkar allra

ORÐ Í BELG

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur
Samtaka iðnaðarins



Í góðæri síðustu ára hafa margar mikilvægar grunnstoðir atvinnulífsins, svo sem sprota- og hátæknifyrirtæki, átt erfitt uppdráttar. Vextir hafa verið háir, viðvarandi skortur verið á hæfu starfsfólki og gengi krónunnar of sterkt. Vegna þessa hefur samkeppnishæfni og staða útflutnings- og samkeppnisgreina verið erfið – drifkraftur góðærisins var erlend lántaka, einkaneysla og útrás.

Í kjölfar hruns bankanna og þeirra efnahagslegu hremminga sem nú ganga yfir landið er ljóst að breytinga er þörf.

Með skynsamlegum aðgerðum verður að virkja þann drifkraft sem fólginn er í íslenskum iðnaði, lágmarka þann efnahagslega skaða sem orðið hefur og um leið treysta stoðir efnahagslífsins til lengri tíma.

**VELJUM ÍSLENSKT**

Iðnaðurinn hefur þá sérstöðu að vera í senn gjaldeyrisaflandi og gjaldeyrissparandi. Með því að flytja inn hráefni sem umbreytt er í fullunna vöru minnkar þörf á innfluttri vöru og gjaldeyrir sparast. Um leið verður til innlendur virðisauki og innlend störf. Með því að velja íslenskt leggjum við öll lóð á vogarskálarnar og stuðlum að uppbyggingu íslensks efnahagslífs.

Iðnaðurinn er mikilvæg uppspretta gjaldeyrisöflunar í landinu. Fyrstu 8 mánuði ársins voru fluttar út vörur að verðmæti 272 milljarðar. Þar af var útflutningur á iðnvörum 143 milljarðar, stærstur hluti vegna stóriðju 111,6 milljarðar. Margvísleg önnur iðnframleiðsla vegur einnig þungt s.s. lyf, lækningatæki og margvíslegur vélbúnaður til matvælaframleiðslu. Í þessum tölum er ekki tekinn með útflutningur á hvers kyns hugbúnaði og tölvuleikjum en sá hluti verður sífellt stærri og mikilvægari.

**AUKIN NÝSKÖPUN**

Bandaríski hagfræðingurinn og nýkrýndur nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, Paul Krugman, sagði eitt sinn að framleiðni væri ekki allt en „til lengri tíma litið er framleiðni næstum allt. Geta samfélagsins til að auka lífsgæði yfir lengri tímabil eru byggð á getu þess til að auka framleiðsluverðmæti hvers starfsmanns."

Besta leiðin til að ná þessu fram er fólgin í nýsköpun í atvinnulífinu. Til skamms tíma litið er hægt að stíga mikilvæg skref til að treysta stoðir nýsköpunar í fyrirtækjum. Eitt þeirra væri að tryggja að fjárfestingarsjóðurinn Frumtak verði að veruleika en hann er samstarfsverkefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, viðskiptabankanna þriggja og lífeyrissjóðanna. Annað mikilvægt skref væri að efla Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Mikilvægt er að láta þessar stoðir ekki verða undir í fjármálakreppunni heldur virkja þær og treysta þannig hagsæld okkar til langframa. Í þessu ljósi er rétt að minna á fordæmi Finna og Svía þegar þessi lönd lentu í kreppu á níunda og tíunda áratugnum. Í kjölfarið voru rannsóknir og þróunarstarf fyrirtækja sett í forgang og að nokkrum árum liðnum blómstruðu nýir og arðbærir atvinnuvegir.

**VIRKJUN MANNAUÐS**

Síðustu vikur og mánuði hefur efnahagslíf okkar einkennst af miklum fjármagnsflótta frá landinu sem birtist í gengisfalli krónunnar. Slíkan skaða er hægt að bæta og raunar miðar aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við Ísland að því að skjóta styrkari stoðum undir gjaldeyrismarkaðinn á ný. Á meðan atvinnuleysi eykst hröðum skrefum eykst hættan á mannauðsflótta frá landinu. Þann skaða getur verið erfitt að bæta. Það er einnig dýrt að hafa vinnufúsa og hæfa einstaklinga atvinnulausa. Mesti kostnaðurinn er ekki fólginn í bótagreiðslum heldur í þeim verðmætum sem vinnufúsar hendur gætu skapað en gera ekki.

Nú skiptir sköpum að bregðast hratt við og nýta vel þann mannauð sem losnar og finna honum nýjan farveg. Ýmsar mögulegar aðgerðir má nefna s.s. að gera tímabundna samninga við Atvinnuleysistryggingasjóð og að taka upp endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar eins og Samtök iðnaðarins hafa lengi barist fyrir. Laust húsnæði í eigu ríkisins kann einnig að skapa sóknarfæri í þessu sambandi.

**ESB OG EVRA**

Óhjákvæmilegt er að velta upp þeirri spurningu hvað taki við þegar efnahagsstorminn sem nú geisar lægir. Samtök iðnaðarins hafa árum saman bent á nauðsyn þess að hér ríki stöðugleiki í viðtækum skilningi þess orðs. Hann er forsenda þess að hér þrífist arðbær atvinnustarfsemi.

Það er lítið gagn í metnaðarfullum aðgerðum til að efla atvinnulífið ef vextir verða áfram háir, verðbólga mikil og gengi krónunnar eins og korktappi í ólgusjó. Metnaðarfull áætlun um endurreisn efnahagslífsins hlýtur því að fela í sér aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru eins og Samtök iðnaðarins hafa árum saman bent á.

**FINNUM KRÖFTUM OKKAR RÉTTAN FARVEG**

Áfallið sem nú dynur yfir efnahaginn felur í sér tækifæri til að beina kröftum okkar að þeirri hlið atvinnulífsins sem skapar mest verðmæti fyrir þjóðarbúið í lengd og bráð. Hagsæld okkar mun í framtíðinni byggjast á því að hér þrífist atvinnulíf sem hannar og framleiðir eftirsóttar vörur og þjónustu. Hagsæld er ekki fengin að láni. Við þurfum að vinna fyrir henni. Með því að virkja mátt hugans og nýta auðlindirnar og tækifærin vel verður sú vinna auðveldari og arðbærari.

Á síðust árum hafa hátæknifyrirtæki, sprotafyrirtæki og mörg útflutnings- og samkeppnisfyrirtæki ekki búið við góð starfsskilyrði. Mikilvægt skref á leið okkar út úr þeim efnahagsþrengingum sem við stöndum frammi fyrir er að bæta úr því.



**HÁTÆKNISTÓRIÐJA** Hér sjást tvö af netþjónabúum bandaríska netleitarrisans Google, hvort um sig á stærð við knattspyrnuvöll. Greinarhöfundur bendir á að nú sé mikilvægt að missa ekki sjónar á nýsköpun í íslensku atvinnulífi sem stuðli að auknum útflutningi.
MARKAÐURINN/GETTY IMAGES

ORÐSKÝRINGIN

# „Varglán" eða „predatory lending"

Í umræðu um hrun fasteignamarkaðarins í Bandaríkjunum hefur athyglin mjög beinst að því sem á ensku er kallað „predatory lending" og má þýða sem varglán. Varglán eru ævinlega okurlán. Fólk tekur okurlán yfirleitt vitandi vits, oft í stundarneyð, en varglán eru seld á fölskum forsendum með gylliboðum sem glepja.



Stór hluti svokallaðra „undirmálslána" voru í raun varglán. Athyglin hefur einkum beinst að lánum á breytilegum vöxtum og lánum sem báru lága „kynningarvexti", sem hækkuðu að ákveðnum tíma liðnum.

Mörg fasteignalánafyrirtæki hafa verið sökuð um að hafa selt slík lán án þess að gera lántakendum ljóst hver raunverulegur kostnaður þeirra væri. Þá hefur verið bent á að skilmálar margra þeirra hafi verið það flóknir að óvanir og ómenntaðir lántakendur hafi ekki haft tök á að skilja þá, og þannig verið glaptir til að taka lán sem þeir réðu ekki við.

Fasteignalánafyrirtækin sem veittu lánin höfðu tekjur sínar fyrst og fremst af ýmsum lántökugjöldum og seldu lánin áfram til fjárfestingarbanka sem breyttu þeim í verðbréf og seldu í flóknum skuldavafningum. Í útboðslýsingum þeirra ábyrgðist útgefandi lánsins yfirleitt að lántakendur myndu ekki lenda í greiðsluvanda minnst tólf mánuði eftir lántöku, það er, áður en vextirnir breyttust.




ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




VEUVE-CLICQUOT – KAMPAVÍNSKVÖLDVERÐUR

# KAMPAVÍNSDAGAR

## Á GALLERY RESTAURANT
## HÓTEL HOLTI 6.–8. NÓVEMBER 2008

**Hinn margverðlaunaði matreiðslumeistari, Didier Aines, frá hinu virta og fræga hóteli Grand Hotel du Cap-Ferrat á Frönsku Rivierunni verður gestakokkur ásamt aðstoðarmönnum á Gallery Restaurant dagana 6. - 8. nóvember. Nú er einstakt tækifæri fyrir aðdáendur franskrar matargerðarlistar að njóta unaðar í mat og kampavíni. Ekki láta þetta einstaka tækifæri fram hjá þér fara og pantaðu núna!**

GRAND-HOTEL DU CAP-FERRAT



*Grand Hotel du Cap-Ferrat*



*Frönsku matreiðslumeistararnir*

HOTEL HOLT

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is

Gallery Restaurant

## MATSEÐILL

Steikt andarlifur og sellerístrá
*Veuve Clicquot Brut*

Sandhverfa á blekuðu rísottó
*Veuve Clicquot Rosé*

Dádýrasteik, gljáður ananas ásamt gulbroddi
*Veuve Clicquot Vintage*

Ástríða á mangó og pistasíum
*Veuve Clicquot Demi Sec*

Kaffi og Camus

**Verð 15.900 kr. á mann.**
**Verð án víns 8.500 kr. á mann.**

*Borðapantanir í síma 552 5700 og á gallery@holt.is*

SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@markadurinn.is Veffang: visir.is

**2.500** milljarðar króna, eða ríflega 21 milljarður dollara, er hlutur þýskra banka í erlendum skuldum íslenskra banka og annarra fyrirtækja hér um mitt þetta ár.

**4** milljarðar dollara, er sú upphæð sem íslenska ríkisstjórnin hefur sóst eftir að fá að láni frá Norðurlöndunum.

**16,75** prósent er stýrivaxtastigið í Tyrklandi, sem hingað til hefur verið með hæstu vexti þróaðra hagkerfa. Ísland er nú í efsta sæti með 18 prósent.

BANKAHÓLFIÐ

## Hann er sökudólgurinn!



Bandaríska vikuritið Newsweek fer ekki í grafgötur með það hverjum megi kenna um vandamálin í alþjóðlegu efnahagslífi. Blaðinu dettur heldur ekki í hug að bíða þar til öldurnar hefur lægt og byrja þá að leita sökudólgsins, líkt og íslenskir stjórnmálamenn hafa ítrekað hamrað á síðustu daga. Forsíða alþjóðaútgáfu vikuritsins í síðustu viku segir allt sem segja þarf. Undir örinni situr Alan Greenspan, sem vermdi sæti seðlabankastjóra í Bandaríkjunum í átján ár, frá haustdögum 1987 þar til hann stóð upp úr honum skömmu eftir áramótin í hitteðfyrra.

## Óguðleg afleiðing haftaáranna

Lýðræðislega kjörnir ráðamenn hamra nú á gildi ráðdeildar og sparnaðar. Vitna nokkrir þeirra til fyrri tíðar um miðja síðustu öld þegar landsmenn voru langt frá því að hafa ofurlaun, gjaldeyrir var skorinn við nögl og epli fengust bara á jólum. Skýrasta dæmið um ráðdeild, sparnað og höft er Hallgrímskirkja. Skóflustunga að kirkjunni var tekin 15. desember 1945. Kirkjan reis með hænuskrefum enda mjög sparað til byggingarinnar og afgangssteypa notuð að einhverju leyti til verksins. Kirkjan var vígð 41 ári eftir að hafist var handa við bygginguna. Endingin var í takt við sparnaðinn, heldur rýr, því alvarlegar steypuskemmdir komu í ljós á kirkjuturninum fyrir nokkru. Síðustu metrar uppsveiflunnar hafa þannig farið í að bæta fyrir haftaárin þegar sparnaður og ráðdeild upp á gamla móðinn voru í mestu metum.

## Laun lækkuð án blóðsúthellinga

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor skrifar um krónuna í nýjasta hefti Vísbendingar. Þar segir: „Atburðarásin haustið 2008 leiddi hins vegar eitt í ljós: Með öllum sínum ókostum var íslensk króna fljótvirkasta og friðsamlegasta tækið til að laga hagkerfið að nýjum aðstæðum. Með gengisfalli krónunnar voru laun snarlækkuð án blóðsúthellinga. Almenningur fékk skýr skilaboð um það að hann yrði að spara og beina kaupum sínum frekar að innlendri vöru en innfluttri. Þessi skilaboð hefðu ekki borist eins greiðlega um hagkerfið, hefðu Íslendingar notað evru í stað krónu.“









Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl. Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður. Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður. Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Danfoss 75 1933 • 2008

Danfoss

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

# Við og „hinir“

**UMRÆÐAN**
Dóra S. Bjarnason skrifar um mannauð og menntun



DÓRA S. BJARNASON

Menntamálaráðherra hvatti alla skólastjórnendur í tölvupósti fyrir stuttu til að standa vörð um nemendur. Þar segir meðal annars: „Þau gildi sem liggja til grundvallar starfi í skólum eru umburðarlyndi og kærleikur og að skólinn stuðli að velferð nemenda í víðum skilningi. Á óvissutímum í þjóðfélaginu er mikilvægt að skólinn sé griðastaður nemenda og að jákvæðum skólabrag sé haldið á lofti.“

Þetta eru orð í tíma töluð. Mikilvægasti auður þessarar þjóðar er mannauðurinn, auðurinn sem liggur í okkur öllum, menntun okkar, dugnaði, bjartsýni, ráðdeild og samstöðu. Þann auð þurfa börnin okkar og unglingar að erfa. Flest eiga þau vísan stuðning vina, fjölskyldu og umhyggjusamra kennara. Skólarnir á öllum skólastigum eru ásamt fjölskyldunum hornsteinar og verndarar þessa auðs.

Viðkvæmustu börnin þarfnast mestrar verndar. Börn með sérþarfir eru þarna á meðal. Ef þau eiga ekki fjölskyldur og vini sem geta haldið utan um þau og stutt þau er þeim vandi á höndum. Að aðgreina slík börn langtímum saman frá jafnöldrum, jafnvel þótt í góðu skyni sé, getur orkað letjandi á sjálfsmat þeirra og sjálfsvirðingu. Þau geta upplifa sig sem „hin“, öðruvísi og minna virði en allur þorri jafnaldra.

Á undanförnum áratugum hefur Ísland vakið athygli víða um heim fyrir það að skólarnir okkar sinna mun stærra hlutfalli nemenda með sérþarfir í almennum skólum og bekkjum en víðast í nágrannalöndum okkar. Ný íslensk rannsókn á viðhorfum kennara til nemenda með þroskaskerðingu sýnir að kennarar láta sér mjög annt um þá nemendur. Þegar álag á skólana eykst þarf að styðja vel við kennara og gera þeim kleift að vinna betur saman, svo þeir geti sett styrk sinn og hæfileika í púkkið án þess að brenna út.

Menntamálaráðherra minnir á það í tölvupósti sínum að skólinn þurfi að „vera griðastaður nemenda“. Það merkir að skólinn kappkosti að öllum nemendum líði vel, umhverfið sé tryggt og jákvætt, og að þeir finni að virðing sé borin fyrir þeim, að hlustað sé á þá, og þeim gefist kostur á að læra hvort tveggja námsefnið og leikreglur lýðræðis og jákvæðra samskipta. Ef ekki tekst nægilega að styðja kennara er hætta á að umhyggja og samviskusemi kennara snúist upp í vanmátt og þeir leiti leiða til að fjarlægja „erfið börn“, börnin sem sum hver hafa meðferðis greiningu, og sem allra helst þarfnast stuðnings, vináttu og hlutdeildar í námi og samfélagi skólans og bekkjarins.

Hingað flykktust útlendingar til starfa á ofanverðri 20. öld og allt fram á þetta ár. Margir munu hverfa annað, einkum einhleypir karlmenn. En margar fjölskyldur verða hér áfram. Þessu fólki þurfa skólarnir að sinna af alúð og bestu fáanlegri þekkingu. Ef það mistekst þá eru líkur á að börnin og ungmennin flosni úr tengslum við samfélagið eða nái ekki að tengjast því. Þetta er raunin í mörgum evrópskum stórborgum. Slíkt ungviði á erfitt um vik að afla sér virðingar nema þá helst í einsleitum götugengjum, finnur sig utanveltu og óvelkomið. Slíkt brýtur í sundur friðinn og kyndir undir fordómum. Skólarnir eru einu stofnanir samfélagsins sem geta unnið á móti þessu. Skólarnir eru því mikilvægasta tæki okkar til að efla sjálfsvirðingu þegnanna, virðingu fyrir öðrum og fyrir leikreglum lýðræðis og réttarríkis.

Skólinn okkar er skóli margbreytileikans. Hann getur verið auðlegð sem veitir okkur öllum víðari sýn á mann og heim. Það að eiga trú á sjálfan sig, eiga vini og hlutdeild í skólanum, er forsenda þess að nemendum líði vel, séu vongóðir og nýti hæfileika sína sjálfum sér og öðrum til gagns og gleði. Ég tek undir með menntamálaráðherra í tölvupósti til skólastjórnenda: „Íslenska menntakerfið er sterkt og gegnir lykilhlutverki í að skapa auðlegð velmenntaðra einstaklinga sem móta munu íslenska framtíð.“

Leggjumst, með biskupinum, á árar þekkingar og siðvits og tökum ekki við hlutverki „hinna“, hvorki sem einstaklingar né þjóð. Sjálfsvirðing er grunnur þess að aðrir virði okkur og forsenda þess að við höfum sjálfstraust til að takast á við erfiðar brekkur.

*Höfundur er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar.*

# Hróp úr eyðimörkinni

**UMRÆÐAN**
Helgi Laxdal skrifar um félagslegan rekstur



HELGI LAXDAL

Það hlýtur að vera skelfilegt að vakna við þá bláköldu staðreynd að hugmyndakerfi frjálshuga kapítalista sé hrunið eins og spilaborg! Sú lífshyggja að markaðurinn og samkeppnin leysi öll mál farsællega hefur beðið skipbrot.

Það er líka býsna forvitnilegt að huga að því til hvaða ráða er gripið þegar spilaborgirnar eru að hrynja hver af annarri. Hver er þá boðskapur þeirra sem eru við stjórnvölinn hverju sinni? Hann er í stuttu máli eitthvað á þá leið að nú verði þjóðin að standa saman; einungis með samstöðu takist henni að vinna sig frá vandanum. Hefur þessi boðskapur heyrst áður þegar annaðhvort þjóðin sem heild eða einstök byggðarlög hafa átt í vanda?

Hvað lá t.d. til grundvallar verslunarfélögunum sem stofnað var til upp úr miðri 19. öldinni, sem kaupfélögin leystu síðan af hólmi og hinum fjölmörgu félagslega reknu bæjarútgerðum þegar til þeirra var stofnað? Það var nákvæmlega þessi félagslega hugsun og samkennd að með sameinuðum kröftum mundi takast að stofna og starfrækja fyrirtæki sem veitt gætu atvinnu í byggðarlagi sem hafi átt undir högg að sækja. Félagslega rekin fyrirtæki voru stofnuð víða um landið og með þeim færðist nýtt líf í byggðarlagið. Þetta voru fyrirtæki sem reist voru af mikilli elju íbúanna, fyrirtæki sem íbúarnir unnu hjá af trúmennsku vegna þess að þeir áttu þau sjálfir, höfðu í mörgum tilfellum lagt fram spariféð sitt eða vinnu án endurgjalds til þess að koma þeim á fót.

Í þessu sambandi má t.d. nefna Útgerðarfélag Akureyringa (ÚA) sem stofnað var um miðja 20. öld sem ásamt iðnaðarfyrirtækjum Sambandsins sáluga og voru helsti atvinnurekandinn á Akureyri allt fram á 9. áratuginn. Þá var ÚA selt einkaaðilum sem hafa hægt og bítandi verið að draga úr starfsemi þess á Akureyri. Sama má vafalítið segja um mörg önnur félagslega rekin fyrirtæki. Þegar þau voru orðin þokkalega sjálfbær og álitlegar rekstrareiningar, kom einkagróðahyggjan til skjalanna og kvað upp þann úrskurð að félagslega formið væri úrelt og stæði í vegi eðlilegra framfara. Einkavæðingin væri kall tímans, kall sem öllum bæri að hlýða. Kall sem nú hefur breyst í hróp úr eyðimörkinni til almennings um samstöðu og félagslegar lausnir.

*Höfundur er vélfræðingur.*

N1



Hella Rallye 3000 kastari
010 1F8006800321
TILBOÐ
11.825,-
~~20.119,-~~



Hella Luminator Chrome kastari
010 1F8007560131
TILBOÐ
18.675,-
~~23.604,-~~



Hella 156mm vinnuljós
010 1G3003710021
TILBOÐ
4.755,-
~~6.998,-~~

LJÓSIÐ Í MYRKRINU!

HELLA
Hella ljós, kastarar og fleira á frábæru verði.

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA!

Allir aðrir kastarar
15%
AFSLÁTTUR

Allar bílaperur
25%
AFSLÁTTUR

Hleðslutæki
906 0180120
TILBOÐ
3.995,-
~~6.900,-~~

Öll vasaljós
20%
AFSLÁTTUR

Halogen í Xenon breytisett
25%
AFSLÁTTUR

Sunlux rafhlöður
30%
AFSLÁTTUR

Komdu núna. Tilboðin gilda til 15. nóvember.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9
SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS
N1 verslanir um allt land: Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Höfn, Reyðarfirði og Ólafsvík.
N1 - Meira í leiðinni.
Fíton/SÍA



*Hjartans þakkir fyrir samúðarkveðjur og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jóhönnu Sigríðar Unnarsdóttur**

áður húsfreyju á Ási í Mýrdal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir auðsýnda alúð, umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

Óskar Jóhannesson
Birna F. Óskarsdóttir — Rögnvaldur Ólafsson
Kristín G. Óskarsdóttir — Borgþór Guðjónsson
Ólöf María Guðmundsdóttir — Úlfar Sigurðsson
Sigríður Andersdóttir
Þröstur Andersson — Rósa B. Rósinberg
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær systir okkar, mágkona, föður-, móðursystir og frænka,*

**Brynja Ragnarsdóttir**

sjúkraliði, Vesturvallagötu 1, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi miðvikudaginn 22. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 31. október kl. 15.00.

Gunnlaug Hanna Ragnarsdóttir — Gísli Guðjónsson
Ragna Kristín Ragnarsdóttir — Jan Skovgaard Christiansen
Auður Halldórsdóttir — Birna Bergsdóttir
Kristín Jóhanna Mikaelsdóttir — Birgir Mikaelsson
Kristín Emilsdóttir — Sólveig Berg Emilsdóttir
Ragnar Þór Emilsson — Bergur Már Emilsson
Eva María Emilsdóttir — Guðjón Emil Gíslason
Ragnar Mikael Gíslason — Bjarki þór Qvarfot
Bryndís Emilía Qvarfot
og fjölskyldur.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svala Guðmunda Sölvadóttir,**

Ársölum 1, Kópavogi,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 23. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 30. október kl. 15.00.

Halldór Geirsson — Björk Jóhannsdóttir
Ragnheiður Benjamínsdóttir
Guðrún Lilja Benjamínsdóttir — Guðmundur Þorleifsson
Jóhann Ólafur Benjamínsson — Sigrún Sigursteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Kr. Bergsteinsson**

fyrrverandi forstjóri, Skúlagötu 20,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 31. október kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

Brynja Þórarinsdóttir
Þórarinn Gunnarsson
Ragnhildur Gunnarsdóttir — Guðmundur Magnússon
Bergsteinn Gunnarsson — Anna S. Björnsdóttir
Theódóra Gunnarsdóttir — Garðar Þ. Gíslason
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

**LEIKKONAN WINONA RYDER ER 36 ÁRA Í DAG.**

*„Mér finnst það sýna hve harkan í samfélagi okkar er orðin mikil að sorglegar ástarsögur eru meira og minna umsvifalaust afskrifaðar sem væmið rusl.“*

***Winona Ryder er bandarísk leikkona sem er einna þekktust fyrir leik sinn í myndunum Edward Scissorhands, Reality Bites, Little Women og Alien Resurrection.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. OKTÓBER 1954

## *Sjónvarpað í Svíþjóð*



Svíar hófu í fyrsta sinn tilraunaútsendingar fyrir sjónvarp á þessum degi árið 1954. Það var Konunglega sænska tæknistofnunin sem stóð fyrir tilrauninni. Fram að því höfðu þeir Svíar sem höfðu aðgang að sjónvarpstækjum náð útsendingum frá nágrannalöndum, til að mynda frá Danmörku þar sem sjónvarpsútsendingar hófust árið 1951.

Það var þó ekki fyrr en árið 1957 sem daglegar sjónvarpsútsendingar hófust í Svíþjóð og ríkisfjölmiðillinn Sveriges Radio varð að veruleika. Framan af sendi aðeins ein sjónvarpsstöð út í landinu, en árið 1969 bættist við önnur stöð sem einnig var ríkisrekin. Tilraunir með sjónvarpsútsendingar í lit hófust á sjöunda áratugnum, en það var ekki fyrr en árið 1970 sem liturinn yfirtók svarthvíta efnið. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og búa Svíar í dag við eitt fullkomnasta sjónvarpsútsendingakerfi í heimi. Svíþjóð var til að mynda árið 1999 á meðal fyrstu landa í heimi til að bjóða upp á stafrænar sjónvarpsútsendingar.

**BÓKBANDSSTOFA LANDSBÓKASAFNS ÍSLANDS:** FAGNAR ALDARAFMÆLI SÍNU

# Falið en mikilvægt starf



**MENNINGARARFINUM HALDIÐ VIÐ** Rannver H. Hannesson á bókbandssýningunni sem nú stendur yfir í Þjóðarbókhlöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Bókbandsstofan var stofnuð haustið 1908. Þá var vöntun á manni til að vinna að bókbandi fyrir safnkost Landsbókasafnsins og hlúa að þeim gömlu bókum sem þegar voru til. Að undirlagi Dana var maður að nafni Runólfur Guðjónsson sendur út til Danmerkur til að læra bókband og viðgerðir á bókum. Bókbandsstofa Landsbókasafns Íslands hefur verið starfrækt síðan og var árið 2000 sameinuð viðgerðarstofunni sem hafði verið rekin samhliða henni,“ segir Rannver H. Hannesson, fagstjóri á Bókbandsstofu Landsbókasafns Íslands. Stofan fagnar um þessar mundir aldarafmæli sínu með fyrirlestradagskrá og sýningu í Þjóðarbókhlöðunni.

„Hlutverk stofunnar hefur breyst töluvert frá stofnun hennar. Nú er lögð meiri áhersla á viðhald á safneigninni, þó að alltaf sé eitthvað um innbindingar á nýjum bókum líka,“ heldur Rannver áfram. „Elstu bækurnar sem við fáumst við hér eru fyrstu prentuðu bækurnar sem komu út á Íslandi. Við sinnum einnig viðgerðum á handritum sem eru náttúrulega mörg hundruð ára gömul. Aldarafmæli bókbandsstofu er í þessu samhengi afar merkilegt því það sýnir að Íslendingar voru tiltölulega snemma farnir að hugsa um að varðveita safnkost síns Landsbókasafns. Margar aðrar Evrópuþjóðir komu sér ekki upp bókbands- og viðgerðarstofum fyrr en eftir seinni heimsstyrjöld því þá var þörfin orðin svo brýn eftir eyðileggingu stríðsins. En Íslendingar hafa lengi verið meðvitaðir um sinn bókmenntaarf.“

Röð fjögurra fyrirlestra sem tengjast afmæli bókbandsstofunnar fór af stað í síðustu viku. Vikulega munu ýmsir sérfræðingar halda fyrirlestra og fjalla um ólíkar hliðar á varðveislu og viðgerðum á bókakosti Landsbókasafnsins. Einnig stendur nú yfir í Þjóðarbókhlöðunni, og stendur fram til áramóta, sýning á ýmsum tækjum og aðferðum sem tengjast starfsemi bókbandsstofunnar. Rannver segir fyrirlestrana og sýninguna veita innsýn í fjölbreytileika þess starfs sem fram fer á bókbandsstofunni. „Margir líta kannski fyrst og fremst á Landsbókasafnið sem útlánasafn og gleyma því að hér fer einnig fram varðveisla á hluta af menningararfi þjóðarinnar. Þessi afmælisdagskrá verður því kannski til þess að vekja athygli fólks á því að hér á safninu á sér stað mikilvæg starfsemi, þó að hún fari að mestu leyti fram bak við tjöldin.“

Afmælisfyrirlestrar Bókbandsstofu verða haldnir í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðunnar í hádeginu dagana 30. október, 6. nóvember og 11. nóvember.

vigdis@frettabladid.is



*Elskuleg eiginkona mín og systir okkar,*

**Inga Ásta Eiríksdóttir**

Kleppsvegi 62, áður til heimilis í Efstasundi 53,

verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 31. október kl. 11.00.

Þórður Guðnason,
systurnar frá Réttarholti.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingi Jónsson**

Kópavogbraut 1b, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 27. október.

Jón Ingi Ingason — Kristín Jónsdóttir
Markús Ingason — Oddný Hólmsteinsdóttir
Sólfríður Guðmundsdóttir
afabörn og langafabörn.



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Hjaltason**

Víkurbraut 28, Höfn,

verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju föstudaginn 31. október kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð Skjólgarðs hjá Bæjarskrifstofum Hornafjarðar.

Aðalheiður Geirsdóttir
Margrét Sigurðardóttir — Sigurjón Arason
Anna Sigurðardóttir — Gunnar Þór Árnason
Halldóra Sigríður Sigurðardóttir — Jóhannes Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Broddi Björnsson**

Norðurbyggð 27, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 31. október kl. 13.30.

Kristín Pétursdóttir
Pétur G. Broddason — Birna Ágústsdóttir
Björn K. Broddason — Steinunn Geirsdóttir
Dagný Broddadóttir — Sigvaldi Stefánsson
Ása Broddadóttir — Jakob Jörundsson
afa og langafabörn.

# HJARTANS MÁL

**LOKSINS**

ný skáldsaga eftir einn snjallasta penna landsins,

**GUÐMUND ANDRA THORSSON.**

***Einstök bók um ástina í öllum sínum myndum og þau verðmæti sem mölur og ryð fá ekki grandað.***




Í ***Segðu mömmu að mér líði vel*** kraumar margt undir kyrrlátu yfirborði í látlausri sögu um alls konar fólk og atvik sem setja mark sitt á líf þess, um ljúfar stundir og sárar, klúður og vonbrigði, drauma og vonir.

***Hlý frásögn um hjartans mál.***

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir að kveikja á útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Pósthúsið www.posthusid.is

Pósthúsið ehf I Suðurhraun 1
210 Garðabær I s: 585 8300




www.skokassar.net



Til leigu

iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000

TEPPI Á STIGAGANGINN



Stepp

GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA

Grafika 2008

Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir:

PRIVATE DANCER

29. október kl. 14 - FORSÝNING
30. október kl. 20 - UPPSELT
1. nóvember kl. 15
2. nóvember kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar!

Sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða núna!
568 8000 / midi.is

www.panicproductions.is

Höfundar og flytjendur: Margrét Sara Guðjónsdóttir
Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Jared Gradinger



Borgarleikhúsið MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Reykjavíkurborg

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

# Lífs-leikni

Mér fannst stórmerkilegt að heyra af tólf ára íslenskum strák sem heldur úti bloggsíðu um það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Þar talar hann um bankakreppuna, hverjir bera ábyrgð á henni, stýrivexti og slæmar afleiðingar einkavæðingarinnar, sem hann var búinn að vara við í byrjun sumars. Allt þetta fjallar tólf ára drengur ítarlega um án þess að vinir hans eða fjölskylda deili áhugamálinu sérstaklega með honum.

Þegar ég var sjálf tólf ára hafði ég mjög takmarkaðan áhuga á stjórnmálum og hafði ekki hugmynd hvað stýrivextir eða verðbólga þýddi raunverulega. Ég þurfti ekki að vita það á þeim tíma en svo kom auðvitað að því.

Ég velti því fyrir mér hvernig jafnaldrar þessa tólf ára drengs upplifa ástandið í dag. Ungt fólk upplifir kreppuna eflaust mest í gegnum foreldra sína eða aðra nákomna, því ef það rekur ekki sjálft heimili, borgar af lánum eða hefur tapað ævisparnaðinum í peningamarkaðssjóðum, er erfitt að gera sér raunverulega grein fyrir því hvað er í gangi.



Ætli lífsleiknikennsla í skólum breytist eitthvað með tilliti til aðstæðna í samfélaginu í dag? Þarf ekki að kenna ungu fólki hvað fór úrskeiðis svo það geti tekið ákvarðanir varðandi eigin fjármál í framtíðinni með tilliti til undangenginna atburða? Það væri alla vega ekki langt að sækja námsefnið, því það eru lifandi dæmi allt í kringum okkur sem varpa ljósi á aðstæðurnar. Það hlýtur að vera mjög dýrmætur lærdómur – nú þegar reynir hvað mest á lífsleikni fólksins í landinu.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > Frítt á silfurstrákana



Ísland tekur á móti Belgíu í Laugardalshöll í kvöld og hefst leikurinn klukkan 20.15. Þetta er fyrsti leikur liðanna í riðlakeppni EM. HSÍ býður landsmönnum á völlinn og landsliðið vill með því þakka fyrir stuðninginn og móttökurnar sem liðið fékk er það kom heim með silfrið frá Peking. Hægt er að nálgast miða á milli 9 og 16 í dag í útibúum Kaupþings í Kringlunni, við Hlemm og á Suðurlandsbraut. Einnig er hægt að fá miða hjá N1 á Ártúnshöfða, Hringbraut og Fossvogi. Hver einstaklingur getur fengið tvo miða.

**sport**

sport@frettabladid.is

GUNNLAUGUR JÓNSSON: SKRIFAÐI Í GÆR UNDIR TVEGGJA ÁRA SAMNING SEM SPILANDI ÞJÁLFARI SELFOSS

# *Pabbi ætti nú að geta leiðbeint mér eitthvað*



Gunnlaugur kvaðst vera fullur eftirvæntingar fyrir komandi verkefnum með 1. deilarlið Selfoss þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

„Ég get ekki neitað því að þetta er gríðarlega spennandi tækifæri fyrir mig. Ég hef alltaf stefnt að því að fara út í þjálfun og hef nú jafnan haft skoðanir á því sem þjálfarar mínir hafa verið að prédika í gegnum tíðina. Nú er það undir mér komið að reyna að miðla þeim hugmyndum sem ég hef lært af öllum þeim snillingum og sjá til hvernig mér gengur að koma því í verk. Selfoss er spennandi félag og Þegar ég var búinn að kynna mér málið og skoða leikmannahóp þess og annað þá leit þetta bara mjög vel út. Þannig að ég stökk á tækifærið,“ segir Gunnlaugur.

Hinn tæplega 34 ára gamli varnarjaxl verður spilandi þjálfari liðsins.

„Það er lagt upp með að Ómar [Valdimarsson] verði mér til aðstoðar og ég er mjög ánægður með það, þar sem hann er heimamaður og þekkir vel til félagsins sem og deildarinnar. Ég mun vera spilandi þjálfari í það minnsta næsta sumar og svo tek ég bara stöðuna á því eftir tímabilið. Maður getur ekkert séð lengra fram í tímann með það að gera,“ segir Gunnlaugur á léttum nótum.

Gunnlaugur þarf hins vegar ekki að leita langt eftir ráðleggingum með að vera spilandi þjálfari þar sem karl faðir hans, Jón Gunnlaugsson, sinnti því starfi á árum áður. „Pabbi ætti nú að geta leiðbeint mér eitthvað, þar sem hann tók við starfi sem spilandi þjálfari Völsungs árið 1981 og það verður örugglega fínt að sækja ráð til hans,“ segir Gunnlaugur.

Skagamaðurinn Gunnlaugur spáir annars harðri baráttu í 1. deildinni á næsta ári.

„Það er nokkuð ljóst að 1. deildin verður mjög sterk næsta sumar og það verður sérstaklega gaman að mæta Arnari og Bjarka og lærisveinum þeirra í ÍA,“ segir Gunnlaugur sem bókaði einmitt sinn fyrsta æfingaleik með Selfossi gegn ÍA þann 15. nóvember næstkomandi.



**GÓÐ INNKOMA** Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir lék vel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express kvenna:

## Skiptu allar um peysunúmer

**KÖRFUBOLTI** Keflavík vann öruggan 33 stiga sigur á Fjölni, 54-87, í Grafarvogi í gær í upphafsleik fjórðu umferðar Iceland Express-deildar kvenna.

Keflavíkurkonur brugðu á leik fyrir leikinn og skiptu allar um peysunúmer þannig að engin þeirra lék í sínu vanalega númeri.

Fyrirliðinn Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir var best í liði Keflavíkur en hún byrjaði á bekknum en kom ákveðin inn og skilaði 21 stigi á 20 mínútum.

Birna Valgarðsdóttir var að venju atkvæðamikil með 22 stig og þær Pálína Gunnlaugsdóttir (14 stig, 8 fráköst, 6 stoðsendingar) og Svava Ósk Stefánsdóttir (8 stig, 14 fráköst, 4 stoðsendingar) spiluðu báðar mjög vel fyrir liðið.

Ashley Bowman var með 16 stig hjá Fjölni, Hrund Jóhannsdóttir var með 11 stig og 11 fráköst, Eva María Emilsdóttir skoraði 8 stig og tók 14 fráköst og þá var hin 16 ára gamla Bergdís Ragnarsdóttir með 10 fráköst og 7 varin skot. - óój

Hallgrímur Jónasson:

## Samdi við GAIS

**FÓTBOLTI** Hallgrímur Jónasson hefur náð samkomulagi við sænska liðið GAIS um að leika með liðinu næstu fimm árin. Þetta staðfesti umboðsmaður hans, Magnús Agnar Magnússon, við Fréttablaðið í gær.

Hallgrímur fór til reynslu til GAIS eftir að tímabilinu lauk og leist mjög vel á aðstæður en þessi 22 ára fjölhæfi leikmaður spilaði frábærlega í vörn Keflavíkur í sumar. - óój

Newcastle í enska boltanum:

## Loksins sigur

**FÓTBOLTI** Newcastle vann sinn annan sigur á tímabilinu og komst upp úr fallsæti þegar liðið lagði West Brom 2-1 á heimavelli í gær.

Bæði mörk Newcastle komu í fyrri hálfleik, Joey Barton skoraði fyrra markið úr víti og Obafemi Martins fagnaði 24 ára afmæli sínu með því að skora það síðara. Ishmael Miller minnkaði muninn í seinni hálfleik. Þetta var fyrsti sigur Newcastle undir stjórn Joe Kinnear. - óój

# Munum ekki vanmeta Belgana

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segist renna algjörlega blint í sjóinn fyrir leikinn gegn Belgum í kvöld enda hefur hann nánast engar upplýsingar um belgíska liðið. Hann mun hugsanlega koma einhverjum á óvart með liðsuppstillingu sinni í kvöld. Guðjón Valur tekur við fyrirliðabandinu af Ólafi.**

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar hefja leik í riðlakeppni EM 2010 í kvöld er liðið tekur á móti Belgíu í Laugardalshöllinni. Það er nú leikið í riðlakeppni í fyrsta skipti og mótherjar Íslands eru Norðmenn og Makedóníumenn ásamt Belgum. Tvö lið fara síðan upp úr riðlinum og inn á EM.

Lið Belgíu er fyrir fram talið slakasta lið riðilsins enda hafa Belgar ekki verið að ríða feitum hesti frá mótunum hingað til. Engu að síður ætlar Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari ekki að falla í þá gryfju að vanmeta Belgana.

„Minn fyrsti leikur sem landsliðsþjálfari var einmitt gegn Belgum og við gerðum jafntefli. Það var ekki skemmtileg lífsreynsla sem ég hef áhuga á að endurupplifa,“ sagði Guðmundur en hann rennir frekar blint í sjóinn með andstæðingana enda hefur lítið gengið að afla upplýsinga um Belgana.

„Það hefur ekki gengið vel að fá upplýsingar um liðið. Í raun nánast ekki neitt. Við höfum ekki fengið nein myndbönd og vitum afar lítið um liðið. Það er því óhætt að segja að við rennum algjörlega blint í sjóinn.“



**ALLIR Í HÖLLINA** Guðmundur Guðmundsson vonar að landsmenn fjölmenni á leikinn þar sem strákarnir ætla að þakka fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undirbúningur landsliðsins hefur verið óvenju stuttur en liðið kom saman síðasta mánudag.

„Undirbúningur hefur gengið nokkuð vel og ekkert óvænt komið upp á. Allir leikmenn eiga að vera klárir í slaginn. Það er samt mikil breyting á liðinu enda með nýjan miðjumann og nýjan hægri væng og þessu þarf að púsla saman,“ sagði Guðmundur en hvaða leikmenn ætlar hann að veðja á? „Ég get ekki alveg gefið það upp að svo stöddu en það gæti komið einhverjum á óvart. Ég mun ekki velja liðið fyrr en í hádeginu á morgun [í dag] en það mega fjórtán vera á skýrslu en átján manns í æfingahópnum.“

Þar sem liðið er án Ólafs Stefánssonar verður nýr leikmaður með fyrirliðabandið og það hlutverk mun falla í skaut hornamannsins frábæra, Guðjóns Vals Sigurðssonar.

„Guðjón hefur verið fyrirliði áður og er góður fyrirliði. Hann hefur mikla reynslu og er góð fyrirmynd. Hann mun skila þessu hlutverki með sóma eins og öðru,“ sagði Guðmundur um nýja fyrirliðann sinn.

Guðmundur ætlar að reyna að byggja á því sem liðið hefur verið að gera en hefur meiri áhyggjur af sókninni en vörninni að þessu sinni enda meiri breytingar á sóknarlínunni en varnarlínunni.

„Ég veit að það er mikil tilhlökkun hjá strákunum að spila aftur fyrir Íslendinga eftir ævintýrið í Peking. Það er í hugum okkar allra mikið þakklæti eftir móttökurnar sem við fengum hjá þjóðinni og við viljum gjarna þakka fyrir okkur. Persónulega hlakka ég mikið til að sjá hvernig liðið spilar.“ henry@frettabladid.is



**IAN JEFFS** Eru félagsskipti hans frá Fylki í Val í óvissu?. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Samningur Ian Jeffs við Val:

## Leitar Fylkir réttar síns?

**FÓTBOLTI** Ríkissjónvarpið greindi frá því í gær að Fylkismenn séu ósáttir með félagsskipti Ian Jeffs í Val þar sem þeir telja að hann sé enn félagsbundinn. Fylkismenn eru í kjölfarið að skoða sín mál og hvar réttur þeirra liggur.

Í sömu frétt kom fram að Fylkir hafi ekki skilað inn leikmannssamningi til KSÍ og af þeim sökum hafi Valsmönnum verið heimilt að semja við Jeffs sem Fylkismenn keyptu frá Svíþjóð í janúar og gerðu við hann þriggja ára samning.

Fréttablaðið reyndi ítrekað að ná í Hörð Antonsson, formann meistaraflokksráðs karla hjá Fylki, í gær en án árangurs. - óój


MANNRÉTTINDI ERU FYRIR ALLA

Einstök bók þar sem Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er sett fram í stuttu máli og glæsilegum myndum.

**Bók fyrir fjölskylduna eða bekkinn að lesa saman og ræða um.**




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 16 |
| EAGLE EYE LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8D - 10.15D | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10 | 16 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR MYNDIR




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE - POWER | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 6 - ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 5:40D - 8D - 10:30D | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOLOGY | kl. 10:30 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 6:30 - 9 - 10 | 12 |
| SEX DRIVE DIGITAL | kl. 8 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 10:10 síð sýn. | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |
| WILD CHILD | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 10:10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SEX DRIVE | kl. 10:20 | 12 |
| WOMAN | kl. 8 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 8 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10:10 | 16 |


# Íslensk tónlist kynnt í LA

Starfsmenn Útflutningsráðs íslenskrar tónlistar, Útón, fljúga til Los Angeles í apríl þar sem haldin verður sérstök kynning á íslenskri tónlist í von um að koma henni að í bandarískum kvikmyndum og auglýsingum.

Kynningin verður haldin í tengslum við tónlistarráðstefnu sem verður haldin í Los Angeles. Lanette Phillips, sem sótti ráðstefnuna Are You in Control hér á landi á dögunum og er einn virtasti framleiðandi tónlistarmyndbanda í heiminum, skipuleggur kynninguna í samstarfi við Sigurjón Sighvatsson. Þar verður viðstatt áhrifamikið fólk sem sér um að velja tónlist í kvikmyndir og auglýsingar. „Þetta er ný aðferð hjá okkur í Iceland Music Export til að koma músík á framfæri,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útón. „Næsta verkefni er að byrja undirbúning og fjármögnun á þessu verkefni.“ You Are in Control fékk nýverið góða dóma og mikla umfjöllun í tímaritinu Music Week. „Það kom skemmtilega á óvart að Music Week skyldi gefa þessu svona mikla umfjöllun og gera þessu svona góð skil. Við höfum fengið alveg gífurlega góð viðbrögð bæði við hátíðinni [Iceland Airwaves] og ráðstefnunni,“ segir Anna Hildur. „Ég er mjög ánægð með að það skuli skila sér í svona miklum mæli í einhvers konar viðskiptum eða samskiptum við þetta fólk sem kom á ráðstefnuna. Það er bara vika síðan þetta er búið og það er allt á fullu úti um allt.“ **- fb**



**ANNA HILDUR HILDIBRANDSDÓTTIR** Anna Hildur segir að umfjöllun tímaritsins Music Week um ráðstefnuna You Are in Control hafi komið skemmtilega á óvart.

# Íslenskt rokk vekur athygli

**Bandaríska þungarokksblaðið Metal Edge fjallar um óútgefna plötu íslensku rokksveitarinnar Darknote í næsta tölublaði sínu sem kemur út 11. nóvember.**

Plötunni eru gerð góð skil og fer ritstjóri blaðsins fögrum orðum um lagasmíðarnar og spilamennsku. Eitt lag af plötunni má einnig finna á geisladisk sem fylgir með blaðinu og því er um góða kynningu að ræða fyrir Darknote. „Þetta var svolítið skemmtilegt. Hjá okkur snerist þetta um að koma þessu lagi á diskinn sem átti að fylgja þessu blaði. Eftir að við vorum í tölvupóstssamskiptum við tengiliðinn úti vorum við að frétta að aðilar á blaðinu væru hrifnir af þessu. Það endaði á því að ritstjórinn vildi gera meira í þessu og fjalla eitthvað um plötuna,“ segir Jón Dal, gítarleikari Darknote.

Hann játar að þetta gæti opnað dyr fyrir sveitina erlendis og vonar það besta. „Við vitum ekki nákvæmlega hvað gerist, við höfum ekki mikla reynslu af þessu. Þetta er fyrsta stóra „mómentið“ okkar erlendis en það væri gaman ef einhverjir hafa samband og að við fáum að spila eitthvað úti. Það er gott að koma nafninu á framfæri og tónlistinni í umferð. Við vonum það besta og bíðum spenntir,“ segir hann.

Plata Darknote, sem mun heita Walk Into Your Nightmare, er í vinnslu og kemur líklega út á næsta ári. Sveitin er um þessar mundir að leita að nýjum gítarleikara og bendir áhugasömum á að skoða síðuna Myspace.com/darknotemetal og hafa samband. **freyr@frettabladid.is**



**DARKNOTE** Íslenska metalsveitin Darknote fær góða umfjöllun í næsta hefti þungarokksblaðsins Metal Edge.




# Rembingslaus KK

Vart getur talist hvorki sérstaklega töff né ýkja frumlegt að meta allar mögulegar menningarafurðir sem líta dagsins ljós þessa dagana með hliðsjón af kreppuskofffíninu, sem skiljanlega er orðið dauðþreytt fyrirbæri langt fyrir aldur fram. En KK hefur heldur aldrei gefið sig út fyrir að búa yfir sérstökum töff- né frumlegheitum. Styrkleikar hans, sem gnótt er af, liggja annars staðar.

Það á því vel við að grípa til klisju í þessu tilviki; *Svona eru menn* er mjög góð plata, og eins og klæðskerasniðin fyrir erfiða tíma. Á það sérstaklega við um textagerðina, hverrar undirliggjandi stef er dásömun á einföldu hlutunum í lífinu, sem þrátt fyrir allt skipta líklega mestu máli. Ekki þar fyrir að vel flestar lagasmíðarnar standa einnig vel fyrir sínu án tillits til boðskaparins. Slík eru gæði plötunnar.

Hvergi eru þessir eiginleikar sannari en í upphafslagi plötunnar, *Á æðruleysinu*, sem leggur línurnar glæsilega fyrir það sem koma skal og megnar að vera í senn erkidæmigert KK-lag og einstakt í sinni röð (undirritaður, forfallinn og fanatískur Liverpool-aðdáandi, hefur tekið upp á því að hlýða á lagið rétt fyrir leiki liðsins og kemst þannig í rétt æðruleysisástand til að taka jafnt sigrum sem töpum með jafnaðargeði).

Annar hápunktur er hið angurværa *Bráðum vetur*, sem býr yfir laglínu og röddun sem sjálfir Simon & Garfunkel hefðu verið fullsæmdir af á mektarárum sínum. Kontrabassadrifni valsinn *Ég kveið að þú færir* er fyrirtaks dæmi um hversu vel heppnaður og viðeigandi allur hljóðfæraleikur er á plötunni, því oftar en ekki eru hljóðfæri á borð við skriðgítar, banjó, melódíku og munnhörpu nýtt varlega, eins og fágæti, sem undirstrikar mikilvægið.

*Hver liggur sefur* er svo Litli drengurinn hans Villa Vill fyrir fyrsta áratuginn. Afar fallega sungið af KK, sem reyndar er í hörkuformi í söngnum í gegnum plötuna eins og heyrist vel í ballöðunni *Don´t Look Back*, þar sem falsettan er óspart notuð með góðum árangri. Þá er *Kærleikur og tími* góður og gildur „feel-good" KK-slagari, en mikið væri nú gott ef lagið hefði ekki þegar verið þekkt sem „lagið í SS-auglýsingunni", áður en því var þrykkt á plast.

Þægilegheitin eru í aðalhlutverki á Svona eru menn og er það vel, en í einstaka tilfellum, eins og í *Enn eitt tár* og *Í eigin vanmætti*, jaðra rólegheitin við slappleika og draga örlítið úr heildaráhrifunum. Í heildina er þó um prýðisverk að ræða sem styrkir KK enn í sessi sem sá tónlistarmaður íslenskur sem einna best er fær um fyrirtaks lagasmíðar og texta. Flutningurinn einkennist af yfirvegun, mikilli einlægni og því algjöra rembingsleysi sem KK einum er lagið. Óþyrmilega traustar þrjár stjörnur.

**Kjartan Guðmundsson**




**TÓNLIST**

**Svona eru menn**

KK

★★★

KK er á persónulegu nótunum og sýnir alla sína styrkleika á mjög góðri plötu. Eins og sköpuð fyrir tíðarandann.

# Með 50 manna kór

Rokkararnir í Oasis spiluðu með fimmtíu manna kór sér við hlið á tónlistarhátíð BBC, Electric Proms, í London fyrir skömmu. Kórinn söng með í sex lögum, þar á meðal Wonderwall og Champagne Supernova, og þótti þetta óvenjulega uppátæki takast mjög vel.

Á meðal þeirra sem voru í salnum var Daniel Craig sem leikur James Bond. Notaði gítarleikarinn Noel Gallagher tækifærið og lýsti yfir áhuga á að semja lag fyrir næstu Bond-mynd. Gerði hann í leiðinni lítið úr dúett Jack White og Aliciu Keyes í nýju myndinni, Quantum of Solace. „James Bond er á efri hæðinni. Kannski get ég platað hann til að redda mér næsta James Bond-lagi í staðinn fyrir að láta einhverja bandaríska hálfvita fá verkefnið," sagði hann.

Stutt er síðan seldist upp á tónleikaferð Oasis um Bretland og Írland næsta sumar. Alls seldist hálf milljón miða á aðeins fimm klukkustundum.



**OASIS** Spiluðu með fimmtíu manna kór sér við hlið á tónleikum í London.

# Spila án Plants

Rokksveitin Led Zeppelin er á leið í tónleikaferð en söngvarinn Robert Plant verður ekki með í för. Bassaleikarinn John Paul Jones sagði í samtali við BBC að Plant hafi ákveðið að fara ekki með og nýs söngvara væri nú leitað.

Eftirlifandi meðlimir Led Zeppelin komu sem kunnugt er aftur saman á stórtónleikum í O2-höllinni í London í desember í fyrra. Eftir það hafa sögusagnir verið á kreiki um að hljómsveitin myndi halda í tónleikaferðalag. Jason Bonham, sonur trommarans sáluga, Johns Bonham, spilaði með sveitinni á þeim tónleikum og verður með áfram. Þeir Jones, Bonham yngri og gítarleikarinn Jimmy Page eru ákveðnir í að sá söngvari sem fer með þeim í reisuna verði ekki eins og hann. „Þetta verður að passa. Það er tilgangslaust að leita bara að öðrum Robert," segir Jones. Ekki hefur fengist upplýst hvenær umrætt tónleikaferðalag er fyrirhugað.



**ENDURKOMAN FRÆGA** Robert Plant og Jimmy Page í O2-höllinni í London í fyrra. NORDICHOTOS/GETTY


10% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn



Framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna



Málþing á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.

Fimmtudaginn 30. október kl. 12.00-13.30 í Norræna húsinu.

**Fundarstjóri:** Brynhildur Ólafsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Saga Capital.

**Staða Íslands í aðildarviðræðum við ESB**
*Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður MBA náms í HR*

**Leiðin að evrunni - leiðavísir að inngöngu í Myntbandalag Evrópusambandsins og upptöku evru á Íslandi**
*Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst*

**Er Ísland vanmáttugt og varnarlaust smáríki?**
*Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ*

**Okkar rússibanareið**
*Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs*

**Verður hagvöxtur í framtíðinni?**
*Katrín Ólafsdóttir, hagfræðingur og lektor við HR*

**The Big Picture: Who are the Winners and Loosers?** (flutt á ensku)
*Alyson Bailes, gestakennari við stjórnmálafræðideild HÍ*

*Allir velkomnir.*

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY · ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

500 KR Fimmhundruð króna inneign á öll Ravensburger spil

Gildir til 5. nóv 2008

Spila, leika og læra!

Ravensburger



Office 1 Superstore

Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Kringlan 550-4130, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

> **Gok Wan**

„Tölfræðin segir okkur að konur með perulaga vöxt séu líklegri til að eignast börn og að þybbnar konur séu líklegri til að vera í samböndum en aðrar. Karlar vilja konur með hold en konur geta því miður ekki skilið það!“
Wan kennir konum hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línur í þættinum How to Look Good Naked sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON RIFJAR UPP GAMLA TAKTA

# *„Ég sit ekki undir þessu lengur“*



Nú vilja hlustendur og áhorfendur fá óklippt viðtöl í beinni útsendingu þar sem fyrirmenn eru óvarðir í kastljósi ákafrar fjölmiðlunar. Eftir stuttan skammapistil minn hér fyrir viku settist Sigmar Guðmundsson í sætið sitt í Kastljósinu fyrir fram Geir Hilmar Haarde forsætisráðherra og spurði hann spjörunum úr. Geir Hilmar hefur vanist því um langt skeið að komast upp með það að svara litlu og óljóst hvað hann er að gera fyrir okkur, vinnuveitendur sína. Sigmar var ekki á þeim buxunum að láta forsætisráðherrann komast upp með múður og þráspurði hann án þess þó að tyggja á hinum kunna frasa breskra fréttamanna: „En þú hefur ekki svarað spurningu minni svo ég spyr þig aftur.“ Augljóst var að pókersvipurinn góðlegi sem vinnumaður okkar, Geir Hilmar, hefur komið sér upp var tekinn að gefa sig og hinn alkunni pirringur hans var tekinn að koma í ljós er á leið viðtalið.

Mörgum þeirra sem til eru í að kóa með Geir Hilmari Haarde fannst fréttamaðurinn, sem líka er í vinnu hjá okkur, fara langt út yfir velsæmismörk. Það gerði hann ekki. Það var ráðamaðurinn sem sat á móti honum sem var hlaupandi fram og til baka yfir velsæmismörkin með því að tala ekki skýrt og svara ekki spurningum. Atriðið minnti mig reyndar á frægt viðtal sem tekið var við John Knott, varnarmálaráðherra Breta, á tímum Falklandseyjastríðsins en þar var hann þráspurður um hluti sem hann vildi ekki svara svo hann sagðist ekki lengur sitja undir þessu, reif af sér míkrófóninn og gekk úr settinu. Með því hvarf hann af vettvangi stjórnmála í Bretlandi.

Því eru fréttamenn útvarps og sjónvarps hvattir til að vinna verk sín vel, undirbúa sig til hlítar og ekki láta menn komast upp með eitthvert kjaftæði, þráspyrja, endurtaka og halda mönnum í stólnum svo lengi að svör fáist. Jafnvel þótt það kosti að þeir missi vinnu fyrir „dónaskapinn“. Eðа hitt – kippi valdastól undan manni sem getur ekki staðið skil á svörum sem varða alla umbjóðendur hans.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50** Man. Utd. - West Ham
STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10** Kitchen Nightmares, lokaþáttur
SKJÁREINN



▶ **20.15** Ísland - Belgía, BEINT
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.20** Project Runway
STÖÐ 2



▶ **21.15** Skins
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (35:52)
**17.55 Gurra grís** (60:104)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni** (4:26)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (4:42)
**18.31 Gló magnaða** (69:87)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik karlaliða Íslands og Belgíu í undankeppni Evrópumótsins 2010.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð.
**23.05 Basarinn í Urfa** (Der Basar von Urfa) Þýsk heimildamynd um basarinn í Urfa í suðausturhluta Tyrklands sem þykir fallegri en aðrir markaðir í löndum múslima.
**23.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Wallace & Gromit. The Curse of the Were-Rabbit**
**10.00 Meet the Fockers**
**12.00 Wild Hogs**
**14.00 Saved!**
**16.00 Wallace & Gromit. The Curse....**
**18.00 Meet the Fockers**
**20.00 Wild Hogs** Stjörnum hlaðin gamanmynd um nokkra miðaldra úthverfakarla sem fá þá hugmynd að stofna mótorhjólagengi. Aðalhlutverk: John Travolta, Tim Allen, Martin Lawrence og William H. Macy.
**22.00 Nine Lives** Gráglettin hasarmynd frá 2004 með Wesley Snipes í aðalhlutverki. Myndin fjallar um fyrrum sérsveitarmann úr hernum sem lendir í æsilegri og óvæntri atburðarás er hann verður rangur maður á röngum stað.
**00.00 The 40 Year Old Virgin**
**02.00 Fled**
**04.00 Nine Lives**
**06.00 Buena Vista Social Club**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Kalli kanína og félagar, Dynkur smáeðla, Louie og Tommi og Jenni.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (180:300)
**10.20 Grey's Anatomy** (25:36)
**11.15 The Moment of Truth** (11:25)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.35 Neighbours**
**13.00 Sisters** (12:28)
**13.45 Life Begins** (5:6)
**14.35 E.R.** (8:25)
**15.25 Friends**
**16.00 Skrímslaspilið**
**16.23 BeyBlade**
**16.48 Tommi og Jenni**
**17.13 Ruff's Patch**
**17.23 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons** (18:22)
**19.55 Friends** (17:25)
▶**20.20 Project Runway** (9:15) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.
**21.05 Grey's Anatomy** (2:24)
**21.50 Ghost Whisperer** (50:62) Þriðja þáttaröðin um hina ungu og fallegu Melindu Gordon sem er í nánu sambandi við hina framliðnu.
**22.35 Oprah**
**23.20 Dagvaktin** (6:12)
**23.50 E.R.** (8:25)
**00.35 Say Anything**
**02.15 Medium** (9:22)
**02.55 Crossing Jordan** (18:21)
**03.40 Pushing Daisies** (9:9)
**04.25 Grey's Anatomy** (2:24)
**05.10 The Simpsons** (18:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT besta sætið

**17.50 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**18.35 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**19.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.
**20.00 10 Bestu** Útsending frá lokafögnuðinum á 10 bestu þar sem besti knattspyrnumaður Íslendinga fyrr og síðar var valinn.
**21.30 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá úrslitaleik Man. Utd og Chelsea í Meistaradeild Evrópu.
**00.10 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

## STÖÐ 2 SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og WBA í ensku úrvalsdeildinni.
**17.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Wigan og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**18.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.20 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
▶**19.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. Utd og West Ham í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Liverpool - Portsmouth Sport 4. Arsenal - Tottenham Sport 5. Hull - Chelsea Sport 6. Middlesbrough - Man. City
**22.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
**23.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.10 Vörutorg**
**18.10 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**18.55 Family Guy** (14:20) (e)
**19.20 Innlit/Útlit** (6:14) (e)
▶**20.10 Kitchen Nightmares** (10:10) Það er komið að lokaþætti fyrstu þáttaraðar og Ramsey heimsækir Dillons, indverskan veitingastað á Manhattan sem er hreinlega hættulegur fyrir matargesti. Matseðillinn er allt of flókinn, maturinn er ógeðslegur og óhreinindin eru alls staðar. Ekki bætir úr skák að þeim sem stjórna virðist standa á sama.
**21.00 America's Next Top Model** (5:13) Stúlkurnar æfa sig að ganga eftir sýningarpalli með bundið fyrir augun og ein stúlkan kemur dómurunum í opna skjöldu þegar hún ákveður að lyfta upp kjólnum sínum. Sigurvegarinn fær að launum að sitja fyrir í auglýsingu sem birtist í unglingatískuritinu Seventeen. Stúlkurnar þurfa síðan að nota augun til að tjá sig í myndatökunni.
**21.50 How to Look Good Naked** (6:8) Núna heimsækir Gok Wan 26 ára stúlku sem hefur ekki þolað að horfa á sjálfa sig í spegli í mörg ár. Hún er ein á báti og óttast að strákarnir hafi engan áhuga á sér. Mestar áhyggjur hefur hún af rassinum en Gok er fljótur að sýna henni fram á að hún þarf ekkert að skammast sín fyrir afturendann.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Friday Night Lights** (7:15) (e)
**00.20 Eureka** (12:13) (e)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Næstu námskeið

- **Bóklegt einkaflugmannsnámskeið** - 12. janúar 2009
- **Bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið** - 19. janúar 2009
- **Flugkennaranámskeið** - 19. janúar 2009
- **MCC námskeið** - 12. janúar 2009

Skráning er hafin á **www.flugskoli.is**

Flugskóli Íslands er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.flugskoli.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### Grey's Anatomy



Fimmta sería Grey's Anatomy er hafin á Stöð 2 og vægast sagt stórar spurningar, sem upp komu í viðburðaríkum fyrsta þættinum, bíða nú svara. Hefur Christina – af öllum mönnum – upplifað ást við fyrstu sýn? Voru ástarjátningar Meredith og Dereks orðin tóm? Og hvernig stendur á því að Seattle Grace-spítalinn hefur nú hrunið niður listann yfir bestu spítala í Bandaríkjunum. Framleiðendur þáttanna hafa lofað því að söguþráðurinn verði enn þá meira spennandi og óvæntari en áður og sagan segir einnig að Izzie, sem leikin er af stórstjörnunni Katherine Heigl, eigi eftir að koma mun meira við sögu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Simpsons
### Stöð 2 kl. 19.30



Á meðan Simpson-fjölskyldan bíður eftir löðrandi feitum máltíðum sínum á veitingastaðnum The Frying Dutchman styttir hún sér stundir með því að segja sígildar sjóferðasögur. Lísa segir söguna af ferð Mayflower til Ameríku, Bart segir frá uppreisninni á Bounty þar sem hann er herra Christian og Skinner skólastjóri er Bligh skipstjóri.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Mitt nafn er Steinn Steinarr, skáld. Ég kvaðst á við fjandann
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (47:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (48:260)
**17.00 Seinfeld** (5:24)
**17.30 ET Weekend**
**18.15 Skins** (9:10)
**19.00 Hollyoaks** (47:260)
**19.30 Hollyoaks** (48:260)
**20.00 Seinfeld** (5:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.30 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíðindað á hressilegan hátt.
▶**21.15 Skins** (9:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Chuck** (9:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**22.45 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (7:9)
**23.30 Twenty Four 3** (23:24)
**00.15 Magick** (3:4)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson er húnvetnskur bóndi sem vill fá hlutina á hreint og leitar víða fanga.
**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dine, mine og vores børn **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Hannah Montana **15.55** Svampebob Firkant **16.20** F for Får **16.30** Skæg med tal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ‚Allo, ‚Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Avd. Barn **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** Hannah Montana **15.35** Mona Mørk **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Røst **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Dykk Olli, dykk! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Jordmødrene i Sverige **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** Løvebakken **23.20** 4*4*2. Bakrommet. Fotballmagasin **23.50** Viten om

## SVT 1

**12.05** Nyhetsmannen **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Mega **16.00** Lilla prinsessan **16.10** Dagens visa **16.15** Alfons Åberg **16.25** Den itusågade kaninen **16.40** Hemska Henry **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Plus **20.30** Carin 21.30 **21.00** Tell me You Love me **21.50** En sak som hände på Öbacka **22.00** Livet i Fagervik **22.45** Kulturnyheterna **23.00** Svensson, Svensson **23.30** Robins **00.00** Sändningar från SVT24





# Jólahlaðborð á Hótel Örk






## Eigðu ógleymanlega kvöldstund á okkar sívinsæla jólahlaðborði

- Stórsöngvararnir og skemmtikraftarnir í duett.is sjá um veislustjórn af sinni alkunnu snilld
- Opinn bar og lifandi tónlist að borðhaldi loknu
- Tónlistarflutningur í höndum Hreims og félaga
- Tilvalið fyrir fyrirtæki, hópa, pör og einstaklinga

**Verð:**
Gisting, borðhald og skemmtun
11.900 kr. á mann í tvíbýli

Borðhald og skemmtun
6.900 kr. á mann

Farðu inn á **jolahladbord.is** til að skoða matseðilinn, fá nánari upplýsingar og panta.

**Hótel Örk - Breiðumörk 1c - Hveragerði - Sími 483-4700 - Fax 483-4775 - hotel-ork.is**

HÓTEL ÖRK

## MORGUNMATURINN



*Ég tek mér alltaf góðan tíma í morgunmatinn. Fæ mér jógúrt, Cheerios, brauð og svo fæðubótarefni og lýsi. Og oftast spæli ég mér líka egg og beikon. Morgunmaturinn er klárlega mikilvægasta máltíð dagsins hjá mér.*

Logi Geirsson, silfurdrengur og leikmaður Lemgo.

# Bretar treysta enn þá Íþróttaálfinum

„Þessi tilnefning er vitanlega aðeins sætari en hinar þrjár í ljósi aðstæðna,“ segir Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar en sjónvarpsþátturinn var tilnefndur, fjórða árið í röð, sem besta alþjóðlega barnaefnið hjá bresku sjónvarpsakademíunni, BAFTA. Þar að auki fóluðust forsvarsmenn hátíðarinnar eftir því að Magnús myndi afhenda ein verðlaun. Afhendingin fer fram 30. nóvember.

Umræðan um Ísland hefur ekki siglt fram hjá Latabæ. Magnúsi telst til að hann hafi farið í yfir fjörutíu blaðaviðtöl undanfarnar þrjár vikur út af fjármálakreppunni. Deilurnar milli Breta og Íslendinga hafa jafnframt tekið á sig nokkuð skondna mynd. Þannig hafi breskur útvarpsmaður á BBC sagt að réttast væri fyrir Breta að halda Íþróttaálfinum í gíslingu og hóta því að fita hann ef Íslendingar myndu ekki borga til baka.

Magnús segir að hrun íslenska fjármálakerfisins og sá álitshnekkir sem Ísland hafi beðið hafi haft sínar afleiðingar. Þeir hafi meðal annars unnið að því í tvö ár að fá breska ríkið og ensk sveitarfélög til að fara í heilsuátak með þeim. Sú vinna sé nú aftur á byrjunarreit. „En í svona frumkvöðlastarfi er alltaf kreppa. Við leggjum ekkert árar í bát heldur höldum áfram,“ útskýrir Magnús. Jafnframt sé nú mikilvægt fyrir Latabæ að taka enn skýrar fram að fyrirbærið sé frá Íslandi. „Það eru 500 milljónir heimila sem horfa á Latabæ og leiksýningin hefur fengið yfir milljón áhorfendur. Latibær er heilnæmt fyrirbæri með gott orðspor og er því alveg tilvalið til að kynna Ísland á jákvæðum nótum.“ - fgg



**SÁTTUR** Magnús Scheving neitar því ekki að þessi tilnefning sé sætari en hinar þrjár. Ekki síst í ljósi deilnanna milli Breta og Íslendinga.



**LÁRÉTT**
2. niður, 6. kusk, 8. hamfletta, 9. atvikast, 11. fyrir hönd, 12. sjúga, 14. sáldur, 16. berist til, 17. hylur, 18. eyrir, 20. sjó, 21. krukka.

**LÓÐRÉTT**
1. fyrst fædd, 3. tveir eins, 4. plöntutegund, 5. lík, 7. galli, 10. skammstöfun, 13. mál, 15. hvæs, 16. hryggur, 19. óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. ofan, 6. ló, 8. flá, 9. ske, 11. pr, 12. totta, 14. svarf, 16. bt, 17. lón, 18. aur, 20. sæ, 21. krús.

**LÓÐRÉTT:** 1. elst, 3. ff, 4. alparós, 5. nár, 7. ókostur, 10. etv, 13. tal, 15. fnæs, 16. bak, 19. rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. AG Håndbold
2. 120
3. Quantum of Solace

Miðvikudagstilboð
á völdum vörum frá
ONE
Alla miðvikudaga...
SMOKKUR.IS



**ÞETTA SNÝST ALLT UM PENINGA** James Bond-leikarinn Daniel Craig kveðst engar skýringar hafa á endurteknum deilum Breta og Íslendinga. Hann hvetur til sátta í Icesave-deilunni en á ekki von á að Íslendingar taki Gordon Brown í sátt á næstunni. Ítarlegt viðtal verður við Craig í Fréttablaðinu um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

## DANIEL CRAIG: ÍSLENDINGAR OG BRETAR ERU ALLTAF AÐ RÍFAST

# James Bond hvetur til sátta

Bretinn Daniel Craig, sem leikur James Bond, hvetur Íslendinga og Breta til að sættast í deilu sinni sem hefur staðið yfir undanfarið. Vonast hann til að þjóðirnar nái samkomulagi sem allra fyrst.

„Við virðumst alltaf lenda í einhvers konar rifrildum á nokkurra ára fresti og ég hef ekki hugmynd um af hverju,“ segir Craig í viðtali við Fréttablaðið. „Við verðum að passa betur upp á hvert annað í staðinn fyrir að fara þessa leið. Íslendingar og Bretar virðast alltaf þurfa að deila eitthvað en ég vona að þetta leysist því þetta snýst allt um peninga og það síðasta sem við ættum að rífast út af eru peningar,“ segir hann og viðurkennir að erfitt sé að líta undan því umróti sem hefur verið á efnahagsmálum heimsins.

Spurður hvort Bond væri ekki kjörinn til að leysa deilu Íslendinga og Breta segir Craig: „Ég veit ekki hvort bókhaldshæfileikar hans séu nógu góðir.“

Íslendingar hafa haft horn í síðu Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, síðan hann nefndi Ísland í sömu andrá og hryðjuverkamenn og Craig kannast vel við málið. „Ég veit ekki hvað ég get sagt. Þetta snýst allt um hvar fólk setti peningana sína og fjárfesti. Allur heimurinn er í sárum þessa dagana vegna þess að allt fólkið sem sá um peningana gerði mistök. Ég á ekki von á því að þið og Gordon Brown sættist í bráð en ... ég veit ekki hvað skal segja. Þetta snýst bara allt um peninga.“

Craig er um þessar mundir að kynna nýjustu Bond-myndina, Quantum of Solace, sem verður frumsýnd hérlendis 7. nóvember. 55 þúsund Íslendingar sáu síðustu Bond-mynd, Casino Royale, og er búist við því að þjóðin flykkist einnig á nýju myndina þrátt fyrir hinar hatrömmu deilur við Breta. Ítarlegt viðtal við Daniel Craig verður í Fréttablaðinu um helgina.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bræðrabylta, stuttmynd **Gríms Hákonarsonar** um samkynhneigða glímukappa, heldur áfram sigurgöngu sinni. Myndin var nýlega valin besta stuttmyndin á kvikmyndahátíðum samkynhneigðra í bæði Kaupmannahöfn og Barcelona. Eru þetta átjándu og nítjándu verðlaun leikstjórans. Það sem vekur kannski mesta athyglina er að Grímur er sennilega einn örfárra Íslendinga sem hefur fengið evrur að undanförnu því verðlaunaféð var í báðum tilvikum þúsund evrur.



Og það ætti að gleðja Íslendinga enn frekar að lag **Emilíönu Torrini**, Jungle Drum, er eitt af mest spiluðu lögum á tískusýningum heims um þessar mundir. Torrini er þar í hópi með Coldplay en ofurvinsæla lagið þeirra Viva La Vida var spilað jafnoft og Frumskógartromman. Jafnframt er gaman að geta þess að hönnuðurinn **Paul Smith** hefur einnig tekið ástfóstri við Torrini og notað tónlist hennar á tískusýningum sínum en spænski hönnuðurinn Balenciaga kýs frekar að notast við **Björk**.

Tíðindamenn Fréttablaðsins segja að nýverið hafi komið fraktari til hafnar, sem er ekki í frásögur færandi, nema að hann mun hafa verið hálftómur. Vöruskortur blasir við og eru snyrtivörur ekki efstar á lista yfir nauðsynjavörur hvað sem hver kann að segja. Heyrst hefur að hárlitur sé eitt þess sem farið er að sneiðast um og stefnir í að landsmenn verði gráhærðir um jólin. Hárgreiðslusnillingurinn **Svavar Örn Svavarsson** mun þó hafa hringt í sína birgja sem fullvissa hann um að nægur hárlitur sé enn til á lager en þó er aldrei að vita ef landsmenn sjá sjálfa sig fyrir sér í sauðalitum yfir hátíðarnar.



- fgg, jbg

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
VIÐ LÆKKUM ÝSUFLÖKIN
verð með roði aðeins 990 kr kg
Mikið úrval fiskrétta
Veljum íslenskt
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00



# Vill kaupa lúxusbíla Íslendinga

Norski bílasalinn Trond Sandven í Bergen kemur til Íslands í dag. Hann hyggst kaupa minnst hundrað bíla hér á landi og flytja út til Noregs.

Sandven sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að af þessum hundrað bílum væri þó nokkrir notaðir bílaleigubílar. „Ég hef góð sambönd í sjávarútveginum og þeir komu mér í samband við Íslendinga og þannig fór boltinn að rúlla,“ segir Trond en bílasalan hans í Bergen er ein sú stærsta í Noregi.

Hann tekur þó skýrt fram að hann sé ekki á leiðinni á einhverja brunaútsölu þar sem allt er falt fyrir lítinn pening. „Nei, við ætlum ekkert að setja markaðinn á hausinn, síður en svo. Við ætlum okkur að vera heiðarlegir í öllum okkar samningaviðræðum og þetta verða kaup á sanngjörnu verði,“ segir Trond

Auk þessara hundrað bíla sem Trond hyggst kaupa og flytja út ætlar bílasalinn norski að líta aðeins í kringum sig á lúxus-bílaflota landsmanna sem hann segir vera hálfsúrrealískan. Hér séu margfalt fleiri lúxuskerrur en í Noregi sem er þó mun fjölmennari og þar að auki eitt ríkasta land í heimi.

„Mér hefur verið sagt að það séu tvö hundruð Porsche-bifreiðar á götum Íslands. Hér í Bergen eru þær kannski 22,“ segir Trond. „Hins vegar er enginn sérstakur markaður fyrir lúxusbifreiðar í Noregi. En að kaupa lúxusbifreiðar frá Íslandi er vissulega eitthvað sem við viljum skoða gaumgæfilega.“

-fgg



**HUNDRAÐ BÍLAR** Trond bjóst við að kaupa hundrað íslenska bíla og ætlaði aðeins að kíkja á lúxusbílaflota landsmanna.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# EKTA ÍSLENSKT Á FRÁBÆRU VERÐI!

## ÁLEGG Í BRÉFUM
FRÁ KJARNAFÆÐI

| | | Merkt verð kr./kg. |
|---|---|---|
| HANGIÁLEGG | 2.799 | 3.999 |
| SKINKA 1. FL. | 1.776 | 2.537 |
| ROAST BEEF | 3.378 | 4.825 |
| SPÆGIPYLSA | 2.038 | 2.912 |
| LAMBARÚLLUPYLSA | 1.523 | 2.176 |
| LÚXUS BEIKON | 1.908 | 2.725 |
| LÉTTR. BRAUÐSKINKA | 1.211 | 1.730 |
| PEPPERONI | 2.169 | 3.098 |
| STERKT PEPPERONI | 2.169 | 3.098 |
| HAMBORGARHRYGGUR | 2.313 | 3.304 |
| KJÚKLINGAÁLEGG | 1.815 | 2.593 |
| LÉTTR. KJÚKL.ÁLEGG | 1.959 | 2.798 |

30% AFSLÁTTUR

SANNKÖLLUÐ BÚBÓT!




## BAYONNESKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI

**1.079 kr./kg.**

MERKT VERÐ 1.799 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR




## HEIMILISPYLSUR
FRÁ KJARNAFÆÐI

**599 kr./kg.**

MERKT VERÐ 798 KR./KG.

25% AFSLÁTTUR




GERÐU VERÐSAMANBURÐ!

## KOFAREYKT HANGILÆRI MEÐ BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI

**25% afsláttur**

MERKT VERÐ 1.898 KR./KG.

1.424




## BRAUÐSKINKA, PAKKAR
FRÁ KJARNAFÆÐI

**1.019 kr./kg.**

MERKT VERÐ 1.699 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR




FRÁBÆR Í NESTIÐ!

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## Reservoir Dogs

Sannarlega var að óreyndu útilokað að spá þeirri almennu fíkn í tíðindi af efnahagsmálum sem raunin hefur verið. Á meðan flest lék í lyndi svæfði mig að minnsta kosti umfjöllun um verðbréf og vísitölur ætíð á augabragði. Þannig fylltu efnahagsmál flokk minna persónulegu svefnlyfja þar sem fyrir var Formúlu-1 kappakstur og hinn framliðni Taggart lögregluforingi. Fjárhagslegt taugaáfallið smitar nú hins vegar hverja vökustund, hjartsláttur tilverunnar hljómar í fréttastefi útvarpsins og draumfarir flestar nætur snúast um gjaldeyrismál. Hinn smitandi æsingur hefur náð hámarki sínu þá daga sem boðið er upp á spennuþrungna blaðamannafundi síðdegis í beinni útsendingu. Þá og hina dagana líka erum við öll í stífu æfingaprógrammi í æðruleysi.

**ALDREI** fyrr hefur tilfinningalífið verið jafnskekið af hagkvæmnisástæðum. Sífellt skjóta upp kollinum nýir sérfræðingar sem spá hinu og þessu framhaldinu, eða rifja upp eigin eða annarra spádóma frá í fyrra og hitteðfyrra. Annars vegar hefur komið í ljós að hrunið var löngu fyrirséð. Á hinn bóginn að ekki hafi verið nokkur leið að sjá það fyrir. Sökudólgarnir eru fjölmargir og miða ásökunum hver á annan líkt og í frægu atriði úr kvikmynd Tarantinos, Reservoir Dogs. Allir virðast samt hjartanlega sammála um eitt og endurtaka það í sífellu: Það er auðvelt að vera vitur eftir á.

**REYNDAR** get ég alls ekki tekið undir það. Því satt best að segja hafa allar þessar ósamstiga upplýsingar, hraðsoðnu fréttaskýringar, hálfkveðnu vísur og óstaðfestu fullyrðingar gert mig vankaðri en nokkru sinni fyrr. Eina niðurstaðan sem virðist vera nokkuð frágengin er að við öll og börnin okkar eigum nauðug að borga skuldir annarra til æviloka. Enn fæ ég ekki nokkurn botn í ástæðuna og ef ekki væri fyrir meðfætt kæruleysi væri byrðin óbærileg.

**TIL** að sýna einhvern lit liggur beinast við að hefja gömlu gildin til vegs og virðingar enda fátt annað hægt að dunda við í dýrtíðinni. Fólk fari að treysta hvert á annað og kveða rímur, sulta og taka slátur, sitja í rökkrinu við útvarpssöguna og hannyrðir, gott ef ekki tóvinnu og húslestur. Krakkarnir gangi í heimasaumuðu og dundi sér við að lesa hasarblöð, klippa út dúkkulísur og rúlla gjörð.



### GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 29. október, 303. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.02 | 13.11 | 17.19 |
| Akureyri | 8.56 | 12.56 | 16.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

